



Hagstæðasta bílalánið

FRJÁLSI

FRÉTTABLAÐIÐ

4. september 2005 - 238. tölublað - 5. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Frábær fyrri hálfleikur dugði ekki gegn Króötum

Ísland tapaði 1-3 fyrir Króötum í undankeppni HM í knattspyrnu eftir að Eiður Smári Guðjohnsen hafði skorað eina mark fyrri hálfleiksins, sem var nánast eign Íslands.



ÍÞRÓTTIR 26

Tekur feginn á móti hverjum degi


Hörður Torfason segir lífið bara batna eftir því sem hann verður eldri. Hann er hins vegar ekki mikill veislumaður að eigin sögn, lagði þann sið á hilluna fyrir 30 árum.



TÍMAMÓT 14


Hæfilega kærulaus

Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri FL Group, er ung, stelpuleg, hlý og gáskafull. Í viðtali við Fréttablaðið segist hún vera hæfilega kærulaus og dálítið óstundvís. Hún hafi þó reynt að bæta sig eftir að hún varð forstjóri.



HELGARVIÐTAL 22

VEÐRIÐ Í DAG



Í DAG VERÐUR VINDUR HÆGUR OG VÍÐA BJARTVÍÐRI Helst má þó reikna með súld eða skúraveðri norðanlands. Hiti 5-12 stigi. **VEÐUR 4**

SUBVESTURHORNIÐ

Lestur kvenna á sunnudögum*

69% Fréttablaðið

41% Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júlí 2005. Lestur meðal 20-40 ára á sunnudögum.

Missti símasamband við Ísland í óveðrinu

Veikt barn hamlaði því að Lilja Aðalbjörg Ólafsdóttir Hansch kæmist burt frá Gulfport í Mississippi. Lilja talaði við systur sína í síma á meðan óveðrið gekk yfir. Símasambandið rofnaði og síðan hefur ekkert heyrst frá Lilju.

HAMFARIR Í Mississippi er íslensku konunnar Lilju Aðalbjörgu Ólafsdóttur Hansch enn leitað. Systir hennar, Helga Hrönn Ólafsdóttir, heyrði síðast frá Lilju þegar óveðrið barði á húsi hennar í Gulfport í Mississippi, sem er mitt á milli Biloxi og St. Louis á suðurströnd Bandaríkjanna. Þá fosslak regnvatn í gegnum þakið á sterkbyggðu einnar hæðar húsi hennar. Helga Hrönn segir að Lilja hafi ítrekað þurft að halda útidyrarhurðinni aftur. Hún hafi óttast að húsið sprynghi upp stæði hurðin opin. Tré í garðinum hafi öll verið fokin burt. Lilja er fertug og gift bandarískum manni sem er við störf í Japan. Hún á tvö börn sem voru ekki hjá henni þegar fellibylurinn geisadi. „Lilja vissi ekki hvar gatið á þakinu var en vatn lak út um eldhúsinnréttunguna hjá henni og út um ofninn,“ segir Helga. Hún segir að óveðrið hafi skolið á Gulfport klukkan sex um morguninn og þær systur hafi talað saman til klukkan tíu: „Ég reyndi að vera líflína hennar í gegnum símann.“



LILJA AÐALBJÖRG ÓLAFSDÓTTIR HANSCH Hér heima bindur fjölskyldan vonir við að Lilja hafi samband við fjarskylda ættingja í Flórída og að símasambandsleysi valdi því að Lilja hafi ekki látið í sér heyra.



ALGER EYÐILEGGING Í GULFPORT Hér má sjá hve alvarlegar afleiðingar fellibylurinn Katrín hafði á borgina Gulfport, þar sem Lilja Aðalbjörg býr. Á föstudag var hafist handa við hreinsun í borginni sem er mitt á milli Biloxi og St. Louis.

Systkini Lilju segja grátlegt að hún hafi ekki komist burt frá Gulfport. Hún hafi ekki treyst sér til að aka undir álagi og því fengið far hjá nágrönnunum. „En sonur nágrannanna var að koma úr mikilli aðgerð í Japan. Hann er tengdur vél sem gengur fyrir rafmagn. Hjónin sáu fram á að þau kæmust aldrei í tæka tíð til að tengja vél sonarins þegar þau sáu bílaraðirnar úr borginni. Þau sneru þess vegna við. Lilja komst því ekki lengra,“ segir Helga. Bróðir Lilju, Jakob Ólafsson, segist íhuga að fara til Bandaríkjanna og fá úr því skorið hvar systir

hans sé. „Ég er að leita eftir upplýsingum um hvernig ég get komist til Gulfport því þarna ríkir skálmöld. Ég vinn hjá Landhelgisgæslunni og svo vel vill til að héðan hafa menn farið í sjómælingaskóla til borgarinnar. Ég reyni að nýta mér þær bótleiðir og þann mannskap sem þeir þekkja en flestir manna hafa flúið svæðið.“ Fjölskyldan hefur haft samband við þá sem hún telur geta hjálpað sér við leitina. Þar á meðal eru utanríkisráðuneytið, Rauði krossinn og bandaríska alríkislögreglan. -gag / sjá síður 2 og 6

Stálu líki úr gröf: Mót mæla svínarækt

BRETLAND Prestur í Bretlandi hefur óskað eftir því að þeir sem rændu líki úr gröf konu í bænum Yoxall í Bretlandi skili líkinu aftur til baka. Grafarræningjarnir, sem létu til skarar skríða í St. Peterskirkjugarðinum í október, vildu með athæfinu mót mæla tilraunarækt með svín sem fyrir-tæki sem tengdist konunni hafði gert í lækisfræðilegum tilgangi. „Ég er ekki að biðja þá sem þetta gerðu að gefa sig fram. Ég er að biðja um fyrir hönd fjölskyldu þessara konu og samfélagsins að jarðneskar leifar hennar fái að koma aftur til þessarar kirkju,“ sagði Bob Jackson, erkibiskupinn í Walsall. ■

Jacques Chirac: Verður í viku á sjúkrahúsi

LA BAULE, AP Jacques Chirac Frakklandsforseti var á föstudag lagður á sjúkrahúsi vegna blæðingar í nálægð við auga sem skerti sjón hans. Ekki er vitað hvers vegna blæðingin varð en getgátur eru um að hann hafi fengið vægt heilablóðfall. Slíkt gæti orsakað sjónskaða, líft og lýst hefur verið. Dominique de Villepin, forsætisráðherra Frakklands, sagði að búast mætti við að forsetinn yrði í um viku á sjúkrahúsi eða þangað til að blæðingarnar hefðu stöðvast. Hann sagði enn fremur að forsetinn væri að öðru leyti við góða heilsu og hljóði hefði verið gott í honum þegar þeir töluðu saman á laugardagsmorgun. ■



JACQUES CHIRAC Getgátur eru uppi um að hann hafi fengið heilablóðfall.

Áheitaróðri Kjartans Jakobs Haukssonar umhverfis landið lauk í gær: Rúmar fjórar milljónir hafa safnast

ÁHEITARÓÐUR „Menn klóruðu sér í kollinum yfir þessum manni sem kom til okkar og sagðist ætla að róa umhverfis landið,“ sagði Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar, í móttökuveislu sem haldin var á hafnarbakkanum í Reykjavík fyrir Kjartan Jakob Hauksson ræðara. „Nú er það engin spurning að hann er Sjálfsbjargarvinur númer eitt,“ bætti Ragnar við og svo var Kjartan heiðraður

með þreföldu húrrahrópi. Markmiðið með áheitaróðrinum var að safna peningum í hjálparliðasjóð Sjálfsbjargar en sá sjóður gerir hreyfihömluðum kleift að ferðast án þess að borga aukalega fyrir aðstoðarmann, svokallaðan hjálparliða, sem þeir þurfa á að halda. Þegar Kjartan kom til hafnar voru um þrjár og hálf milljón króna komin í sjóðinn en fljótlega bættist meira við.

Árni Þór Sigurðsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna, afhenti Sjálfsbjargarmönnum 250 þúsund kónur fyrir hönd Reykjavíkurhafnar. Upphæðin var svo komin upp í rúmar fjórar milljónir seinnipart dags í gær. Mikið húllumhæ var á hafnarbakkanum í gær og héldu KK og félagar uppi stemningu milli þess sem menn stigu á stökk til að hylla Kjartan. -jse/ sjá síðu 4

1. - 11. sept.

TÍSKU VÍKA



SPURNING DAGSINS

Ertu búinn að róa þig niður?

„Það kemur með árunum.“

Kjartan Jakob Hauksson reri hringinn í kringum landið og lauk ferð sinni í gær.

Oddviti í Borgarfjarðarsveit segir íbúa sveitarfélagsins hafa forgang:

Barn frá Skorradal varð að víkja

SVEITASTJÓRNARMÁL Leikskólalássi barns frá Skorradal hefur verið sagt upp í leikskólanum Andabæ á Hvanneyri. Þar fjölga börnum svo að leikskólalássi eru ekki næg.

„Þetta eru engar hefndaraðgerðir fyrir það að hafa ekki samþykkt sameininguna í vor, það eru einfaldlega reglur í gangi sem kveða á um forgang þeirra sem búa í sveitarfélaginu og við verðum að fara eftir þeim,“ segir Sveinbjörn Eyjólfsson, oddviti í Borgarfjarðarsveit.

Skorradælingar höfnuðu tvívegis sameiningu við Borgarfjarðarsveit og þrjú önnur sveitarfélög en þeir verða að kaupa margvíslega þjónustu af nágrönnum sínum og höfðu

sveitarstjórnarmenn varað við því að Skorradælingar gætu komist í vanda vegna þessa.

Davíð Pétursson, oddviti Skorradalshrepps, og Sveinbjörn hafa verið að ræða málin og að þeirra sögn er nú lausn í sjónmáli í leikskólamálinu.

Hún yrði sennilega með þeim hætti að sveitarfélögin sameinuðust um að stækka leikskólann en húsnæði sem er í eigu Borgarfjarðarsveitar og stendur nálægt leikskólanum verður líklega tekið undir þá stækkun. Þó verður að sögn Sveinbjarnar að gera ýmsar breytingar á húsnæðinu.

- jse



DAVÍÐ PÉTURSSON OG SVEINBJÖRN EYJÓLFSSON Oddvitarnir tveir una sér ekki hvíldar fyrir en búið er að leysa leikskólamálin í Andabæ þar sem þessi mynd var tekin í sumar.

Björgunarsveitir til bjargar:

Lenti undir hesti sínum

LÖGREGLA Maður slasaðist þegar hann lenti undir hesti sínum í Þverárdal, við Skíðadal, síðdegis í gær. Björgunarsveitin Dalvík og Björgunarsveitin Tindur frá Ólafsfirði voru kallaðar út til aðstoðar þar sem flytja þurfti manninn nokkra leið niður á veg.

Læknir og sjúkraflutningamenn komu á staðinn frá Dalvík og var sá slasaði borinn til móts við sjúkrabíl um fimm kílómetra leið. Maðurinn var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Hann er ekki talinn alvarlega slasaður.

- jsa

Guðmundur Kjærnested látinn

ANDLÁT Guðmundur Kjærnested lést á gjörgæsludeild Landspítalans á föstudag, 82 ára að aldri. Hann fæddist í Hafnarfirði árið 1923 og var einn þekktasti skipherra Íslands. Hann starfaði um árabil hjá Landhelgisgæslunni og var meðal annars skipherra þegar þorskastríðin við Breta voru háð. Eftirlifandi eiginkona Guðmundar er Margrét Anna Símonardóttir en þau eignuðust fjögur börn. ■



LOTTÓ

EINN MEÐ 26 MILLJÓNIR Einn var með allar tölur réttar í lottó gærkvöldsins. Vinningshafinn fékk í sinn hlut 26.406.240 krónur. Þrettán deildu með sér bónusvinningnum og fékk hver þeirra 59.460 krónur. Tölurnar voru 1, 2, 21, 23 og 26. Bónustalan var 38.

Rændu starfsmanni úr Bónusverslun

Fimm menn réðust inn í verslun Bónuss á Seltjarnarnesi á föstudag og höfðu tæplega tvítugan starfsmann á brott með sér. Þeir læstu hann í skotti á bíl og óku á brott. Þeir voru allir úrskurðaðir í sex daga gæsluvarðhald í gær.

LÖGREGLUMÁL Fimm menn á aldrinum 16 til 26 ára voru í gær úrskurðaðir í sex daga gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjavíkur. Þeir eru grunaðir um að hafa rænt starfsmanni Bónuss á Seltjarnarnesi á föstudag. Mennirnir, sem voru flestir undir áhrifum áfengis eða vímuefna, voru handteknir skömmu eftir atburðinn eftir að starfsfólk Bónuss gat gefið lögreglu lýsingar á þeim.

Seinni part föstudags ruddust mennirnir inn í verslun Bónuss og höfðu þar tæplega tvítugan starfsmann verslunarinnar á brott með sér. Þeir settu hann í skottið á bíl sem þeir óku. Maðurinn, sem rænt var vill meina að mannræningjarnir hafi einnig ógnað honum með byssu en hún hefur ekki fundist.

Að sögn Ómars Smára Ármannssonar, aðstoðaryfirlöggluþjóns hjá lögreglu í Reykjavík, óku mannræningjarnir með manninn á afvikinn stað á Seltjarnarnesi og höfðu í hótunum við hann. Í framhaldinu neyddu þeir hann svo til þess að taka út peninga af greiðslukorti sem hann átti.

Starfsfólk verslunarinnar hafði samband við lögregluna, sem gat eftir ábendingu starfsfólksins áttað sig á því um hvaða menn var að ræða. Voru fjórir hinna grunuðu handteknir skömmu síðar og í beinu framhaldi sá fimmti. Þeir gistu fanga-geymslur lögreglunnar um nóttina. Í gær hófust svo yfirheyrslur yfir mönnum og var í framhaldinu ákveðið að krefjast sex daga



BÓNUS Á SELTJARNARNESI Í GÆR Maðurinn sem var numinn á brott var starfsmaður í Bónus á Seltjarnarnesi.

gæsluvarðhalds yfir þeim.

Manninum sem talinn er hafa verið hvatamaðurinn að verknaðinum hafði fyrir um daginn verið sleppt úr gæsluvarðhaldi. Ómar Smári segir að forsendur gæsluvarðhaldsins hafi verið brostnar og honum því sleppt en hann hafði verið úrskurðaður í gæsluvarð-

hald vegna auðgunarbrota. Að sögn Ómars Smára liggur ekki ljóst fyrir hvers vegna hann ákvað að ráðast gegn frelsi hins tæplega tvítuga manns. Yfirheyrslum yfir mönnum verður haldið áfram í dag en mennirnir gista fanga-geymslur á Litla-Hrauni. hjalmar@frettabladid.is

Ræðismaður Íslendinga í Tallahassee:

Stýrir leitinni að Lilju

HAMFARIR Hilmar S. Skagfield, ræðismaður Íslendinga í Tallahassee, hefur leitað að Lilju Aðalbjörgu Ólafsdóttur Hansch frá fyrsta degi er fellibylurinn Katrín fór yfir Bandaríkin. Hann hefur búið í Bandaríkjunum í 55 ár og nýtir góð sambönd sín þar ytra við leitina. Meðal annars hefur hann fengið lögglummann til að leita að Lilju eftir óhefðbundnum leiðum.

Hilmar fann í fyrradag íslenskan karlmann sem einnig var leitað. Sá var með móður sinni og voru þau bæði heil á húfi. Hilmar segir manninn hafa búið í bæ sem hafi nær jafnast við jörðu. „Ég veit ekki hvort maðurinn missti eigur sínar. Ég var bara ánægður að vita að hann væri á lífi og heill á húfi.“

Ræðismaður Íslendinga í Houston, Ólafur Árni Ásgeirsson, segir ástandið á hamfararsvæðunum hryllilegt. Í gær hafi þúsundir manna komið til Houston frá New



HILMAR SKAGFIELD Ræðismaður Íslendinga í Tallahassee hefur fengið lögglummann til að leita íslenskrar konu eftir óhefðbundnum leiðum.

Orleans. Fólkinu sé komið fyrir í stórum íþróttahöll til bráðabirgða. Nú séu allir þurrir, njóti loftkælingar í hitanum og matar sem hafi skort.

- gag



FIÖR Á LJÓSANÓTT Hátíð Reykjaneshæjar var haldin í sjötta sinn.

Vel heppnuð hátíð:

Metfjöldi á Ljósanótt

REYKJANESBÆR Um 25 þúsund manns sóttu Ljósanótt sem haldin var í sjötta sinn í Reykjaneshæjar. Er það mat Steinþórs Jónssonar, formanns Ljósanætur-nefndar.

„Einstakur dagur og frábær í alla staði,“ sagði Steinþór, sem var við aðalsviðið seint í gærkvöldi og beið flugeldasýningarinnar. „Aldrei hafa fleiri sótt skemmtiatriðin yfir daginn. Metfjöldi.“

Steinþór segir veðrið hafa leikið við gesti, sem hafi skemmt sér þrýðilega í gær. Hápunktur hátíðarinnar hafi verið hve vel heimamenn tóku á móti gestum.

- gag

Breski íhaldsflokkurinn:

Pingmenn velji formanninn

BRETLAND Michael Howard, leiðtogi íhaldsflokksins í Bretlandi, hefur lagt til við flokksbræður sína að pingmenn flokksins fái að hafa lokaorðið um það hver verði næsti leiðtogi flokksins. Howard sagði á landsfundi flokksins að ljóst væri að hver sá sem sigraði yrði að hafa meirihluta þingmannanna flokksins á bak við sig. Núverandi kerfi er hins vegar þannig að þingmennirnir velja tvo frambjóðendur en flokksmenn hafa lokaorðið um hver þeirra verður fyrir valinu. ■

Ölvaður ökumaður:

Fór út af við Pingvallavatn

LÖGREGLA Ölvaður ökumaður slapp ómeiddur þegar hann ók fólksbíl sínum út af veginum meðfram Pingvallavatni um áttaleytið á fimmtudagskvöld.

Að sögn lögreglu á Selfossi fór bíllinn út af við Vatnsvík, en meðfram vatninu er vegurinn nokkuð hlykkjóttur og mishæðóttur.

Bíllinn skemmdist ekki mikið við óhappið, en þó nóg til þess að hann var ekki í ökuferu ástandi á eftir. Lögregla sagði litlar skemmdir hafa orðið á á gróðri.

- óká

apollo

KUONI

Haustferðir

Grikkland • Tyrkland • Túnis • Egyptaland
Kanaríeyjar • Taíland • Indland • Bali...

- og heimsborgin Kaupmannahöfn í kaupbæti!

Apollo og Kuoni bjóða ótrúlega fjölbreytta og hagstæða haustpakka til allra heimshorna. Kannaðu verðdæmi á heimasíðu okkar, www.kuoni.is, eða hafðu samband við söluskrifstofuna.

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbref: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.langferdir.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00



Landsbankinn
Banki allra námsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Tölvulán í Námunni

- Lán til tölvukaupa að hámarki 400.000 kr. til allt að 48 mánaða á mjög hagstæðum kjörum.
- Þú getur reiknað út mánaðarlegar greiðslur á landsbanki.is og sótt um lánið beint af vefnum.
- Foreldrar ófjárráða Námufélaga geta fengið tölvulán á sömu kjörum fyrir þeirra hönd.
- Námufélagar fá 10% afslátt hjá Apple.

GOTT FOLK MCGANN

5/8 KRÖSSLIÐUR

2X BLOCK

2X TVÖFÖLD
PLATA

1
SYNUM
NÁMSMÖNNUM
TILLÍTSSEMI

„Það er nú allt í lagi að eiga
smá líf fyrir utan námið.“
Nemi á öðru ári í arkitektúr.

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 02.09.2005

| | KAUP | SALA |
|---------------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur USD | 60,88 | 61,18 |
| Sterlingspund GBP | 111,85 | 112,39 |
| Evra EUR | 76,40 | 76,82 |
| Dönsk króna DKK | 10,243 | 10,303 |
| Norsk króna NOK | 9,799 | 9,857 |
| Sænsk króna SEK | 8,218 | 8,266 |
| Japanskt jen JPY | 0,5554 | 0,5586 |
| SDR | XDR | 90,31 |
| | | 90,85 |

Gengisvísitala krónunnar

106,3506 -0,5%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dóttir ævintýramannsins Kjartans Jakobs Haukssonar:

Óttast Atlantshafsferðina

ÁHEITARÓÐUR Ein þeirra sem tóku á móti Kjartani Haukssyni ræðara í gær var Líf dóttir hans en hún fór með litlu tíkina sína, hana Skvísu, um borð í björgunarbátinn Ásgrím S. Björnsson og sigldi á móti föður sínum þegar hann kom róandi að Reykjavíkurbíó.

Spurð hvort hún hefði ekki verið áhyggjufull á meðan á róðrinum stóð sagðist hún vera orðin flestu vön þegar faðir hennar ætti í hlut en hann er mikill ævintýramaður eins og ráða má af þessu uppátæki hans.

„Ég vona nú að hann fari ekki alveg strax í þessa ferð yfir Atlantshafið,“ sagði hún en Kjartan

hefur sagt frá því að þessi hringferð sé undirbúningur fyrir slíka ferð.

Kjartan játar því að hringferðin hafi í raun verið lífshættuleg. „Ég hef þó ekkert verið að ljá máls á því til að vera ekki að valda frekari áhyggjum,“ sagði hann eftir komuna í gær.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu átti Kjartan að vera mættur í vinnu við kvikmyndatökur Clints Eastwood og félagi á Suðurnesjum en hins vegar verður sennilega ekki af þeirri vinnu enda er leit að herskipi í Ísafjarðardjúpi næsta verkefni sem nú á hug hans allan.



FEDGINN KJARTAN JAKOB OG LÍF Líf er himinlifandi að fá föður sinn í höfn en Skvísa litla lúrir við hönd hennar líkt og ekkert sé enda nýkomin úr sjóferð sjálf.

- jse

Foreldrar ungra barna:

Fái greitt fyrir að vera heima

FJÖLSKYLDUMÁL Björn Ingi Hrafnsson, formaður fjölskyldunefndar ríkisstjórnarinnar, segir í pistli á heimasíðu sinni í gær að hann muni reyna að vinna þeirri tillögu fylgi að foreldrar barna á aldrinum nfu til átján mánuða fái greitt fyrir að vera heima með þau.

„Um leið sé tryggt að börn komist inn á leikskóla við átján mánaða aldur, kjósi foreldrar það, og fari þannig inn á það sem skilgreint hefur verið sem fyrsta skóla-stigið,“ segir Björn Ingi.

- hb

Par handtekið með fíkniefni:

Földu fíkniefni í bílhurð

LÖGREGLA Lögreglan í Borgarnesi handtók aðafaranótt laugardags þar sem hafði í förum sér fimm til tíu grömm af kannabisefnum. Leitað var bæði í húsi og bifreið hinna grunuðu. Efnin fundust með hjálp fíkniefnanahunds og voru falin inni í bílhurð.

Lögreglan í Borgarnesi kveðst ánægð með frammistöðu leitarhundsins. Hundurinn og þjálfari hans hafa verið við æfingar síðasta árið. Þetta var fyrsta verkefni hundsins Týs, sem er er ætlað að þjóna öllum umdæmum Vesturlands.

Þarið er á þritugsaldri og hefur áður komið við sögu lögreglu. - jse

AFGANISTAN

LÍK TVEGGJA JAPANNA FINNAST

Japanska utanríkisráðuneytisins staðfesti í gær að lík tveggja manna sem fundust í suðurhluta Afganistan væru af tveim japönskum kennurum sem hurfu í ágúst. Jun Fukusho og Shinobu Hasegawa voru kennarar frá Hiroshima. Þau hurfu bæði 8. ágúst eftir að hafa farið frá Pakistan frá Afganistan.

Ræðarinn óþreyttur eftir hringferðina

Mikið þrekvirki var fullunnið í gær þegar Kjartan Jakob Hauksson kom til Reykjavíkurbíó og lauk ferð sinni umhverfis landið á árabát. Vegalengdin sem hann lagði að baki samsvarar þeirri frá Reykjavík til Parísar.

ÁHEITARÓÐUR Kjartan Jakob Hauksson kom róandi til Reykjavíkurbíó rétt rúmlega tvö í gær og lauk þar með hringferð sinni umhverfis landið. Fjöldmenn var á hafnarbakkanum og fagnaði honum við komuna.

„Þessi síðasti áfangi var nú hálfgerð hvið miðað við það sem á undan er gengið,“ sagði Kjartan þegar hann steig á land og sagðist vera óþreyttur og þess vegna geta lagt í annan hring þá þegar.

Ingbór Bjarnason pólfari hefur tekið saman þá vegalengd sem Kjartan hefur lagt að baki og eru það einir 2.300 kílómetrar, sem samsvarar vegalengdinni frá Reykjavík til Parísar.

Hringferðin hófst 21. ágúst árið 2003 þegar hann reri úr höfninni í Reykjavík á árabátnum Rödd hjartans. Sá bátur var þannig hannaður að hægt var að sofa í honum en var þess vegna nokkuð þungur og því erfitt að halda honum frá fjöru þegar þannig blés.

Því fór þannig 7. september að Kjartan hraktist í brimgarð við Rekavík á þungum bátnum skömmu eftir að hann hafði róið frá Bolungarvík. Báturinn fór á hvolf og brotnaði illa en ræðarinn slapp með minniháttar meiðsl. Björgunarbáturinn Gunnar Friðriksson kom

TÖLFRÆÐI HRINGFERÐARINNAR

Vegalengd: 2.300 kílómetrar
Sá tími sem róið var: 550 klukkustundir
Sá tími sem ferðin tók: 109 dagar
Áætluð brennsla: hálf milljón hitaeninga (samsvarar 70 kílóum af smóri)
Áratök: ???

TEKIÐ SAMAN AF INGPÓRI BJARNASYNI



RÖIÐ UMVERFIS LANDIÐ Hér sjást áfangastaðirnir á leið Kjartans umhverfis landið. Eins og sjá má voru róðrarinn fyrir suðurströndina langir.

honum til bjargar þó Kjartan hefði ekki kallað eftir honum. Urðu þetta endalok þeirrar ferðar fyrir Rödd hjartans en Kjartan lét ekki deigan síga.

5. júní í sumar hélt hann ferðinni áfram frá Bolungarvík en í það skiptið á árabátnum Frelsínu, sem er mun léttari og því auðveldara að fara í gegnum brim og halda honum frá fjöru. Hins vegar var ekki hægt að sofa í honum og því varð Kjartan að leita gistingar í landi.

Gekkt sú ferð mun betur en þó segir Kjartan að hann hafi verið óþreyttur með veður í ágústmánuði, sem gerði það að verkum að hann varð oft landfastur. Til dæmis varð hann tvisvar að bíða í vikutíma þar til veður hægði, við Hjørleifshöfða og á Stokkseyri.



KJARTAN HAUKSSON VIÐ HEIMKOMUNA Hann segist óþreyttur og til í annan hring.

Suðurströndin var afar erfið, segir Kjartan, og varð hann í tvígang að róa í rúmar þrjátíu klukkustundir því ekki var hægt að ná landi neins staðar á þeim slóðum.

Lengsti samfelldi róður Kjartans var þegar hann reri frá Hjørleifshöfða til Stokkseyrar en það eru um það bil 140 kílómetrar.


jse@frettabladid.is

VEÐRIÐ Í DAG

Ljómandi fint veður
Það er ekkert hægt að kvarta yfir veðrinu í dag, sem og í gær, vindur verður viðast hvar hægur og nokkuð bjart, sérstaklega við austurströndina. Yfirleitt verður úrkomulaust en þó má reikna með súld eða dálitill rigningu með norðurströndinni. Það er fremur svalt fyrir norðan en heldur hlýrra syðra, þar sem hitinn ætti að ná 14 gráðum þar sem hlýjast verður. Á morgun fer svo að rigna, líklega um allt land, og á þriðjudaginn má reikna með stífum austanáttum með rigningu, sérstaklega austanlands. Það er komið haust, svo maður kannski þakkar bara fyrir meðan hitinn er yfir frostmark!

Kveðja, Guðrið Arnardóttir náttúrufræðingur.


Í dag



Veðrið úti í heimi í dag


| | | | | | |
|---------------|------|-------------|-------------|------|-----------|
| Kaupmannahöfn | 18°C | heiðskirt | Algarve | 29°C | heiðskirt |
| Oslo | 20°C | sk.m.köflum | Mallorca | 26°C | heiðskirt |
| London | 27°C | sk.m.köflum | Krit/Chania | 26°C | heiðskirt |
| París | 27°C | sk.m.köflum | Barcelona | 28°C | heiðskirt |

Á morgun



Fremur hæg austlæg átt með rigningu vestanlands og skúraveðri austanlands.

Þriðjudagur



Stíf austanátt með rigningu austanlands en skúr aveðri vestanlands.

| | | |
|----------|------|-------------|
| Róm | 26°C | þrumuveður |
| Alicante | 32°C | sk.m.köflum |
| Kýpur | 39°C | heiðskirt |
| Rímíni | 24°C | þrumur |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Kortasalan stendur yfir!

www.leikhusid.is

LEIÐLEIKHÚSIÐ



Porsche 911 - fremstur síðan 1963.

„Porsche 911 besti sportbíllinn“

Auto Express valdi bestu bíla úr flokki yfir 60 sportbíla sem framleiddir hafa verið síðastliðin 55 ár.

„Porsche 911 er klassískur í öllum skilningi orðsins...“

„Einn þeirra getur hins vegar talist sigurvegari í öllum flokkum. Það er Porsche 911 sem hefur það besta af öllum bílunum og enga galla. Bíllinn býður upp á allt það besta sem völ er á og er niðurstaða þrotlausrar þróunar frá því fyrsti Porsche (911) bíllinn var kynntur til sögunnar árið 1963.“

David Johns, ritstjóri Auto Express.



**Bilabúð
Benna**

Bilabúð Benna • Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 • www.benni.is



KJÖRKASSINN

Eiga Bilddælingar að vinna á Patreksfirði fái þeir ekki vinnu heima fyrir?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

| | |
|-----|--------|
| Já | 74,53% |
| Nei | 25,47% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Eiga geðsjúkir fangar að vistast á Litla-Hrauni?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Fyrsta þjónustumiðstöðin opnuð í Reykjavík:

Þjónustan verður persónulegri en áður

SVEITASTJÓRNARMÁL Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri opnaði fyrstu þjónustumiðstöð Reykjavíkur í gær á Skúlagötu 21. Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða er fyrsta þjónustumiðstöðin af sex sem verða opnaðar á næstu vikum.

Opnun þjónustumiðstöðvanna er liður í endurskipulagningu þjónustu Reykjavíkurborgar við borgarbúa. Markmiðið er að gera þjónustuna aðgengilegri og efla þátttöku íbúa í mótun og uppbyggingu síns hverfis. „Nú er öll sú þjónusta sem fólk þarf að sækja í hverfinu, fólk þarf ekki að þvælast á milli margra staða og ég er viss um að þjónusta verði persónulegri en

hefur verið,“ segir Steinunn Valdís, sem er ánægð með að framtakið sé komið af stað eftir langan undirbúning.

Meginverkefni þjónustumiðstöðvanna er að veita upplýsingar um þá þjónustu sem Reykjavíkurborg hefur í boði. Tekið verður tillit til hverfa sem eru rík af fjölmenningu og geta borgarar af erlendum uppruna leitað sér upplýsinga sem sérstaklega snúa að þeirra þörfum. Hægt verður að leita sér upplýsinga um móttöku og afgreiðslu umsókna, félagslega ráðgjöf, skóla, sérfræðiþjónustu, frístundamál og stuðningsþjónustu.

- joa



FRÁ OPNUN ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVARINNAR Í GÆR Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir nýju þjónustumiðstöðina fela í sér að fólk þurfi ekki lengur að þvælast á milli margra staða.

Forseti Venesúela:

Verjast innrás Bandaríkjanna

CARACAS, AP Hugo Chavez, forseti Venesúela, segir að nýsnarar landsins hafi heimildir fyrir því að hersveitir NATO hafi þjálfað sig fyrir innrás í landið og verið sé að búa Venesúela undir slíka innrás.

„Ef Bandaríkjamönnum dettur í hug að ráðast inn í land okkar segi ég eins og Fidel Castro: þá mun hundrad ára stríð hefjast,“ sagði Chavez í óbirtu viðtali við CNN, samkvæmt Bolivarian-fréttastofnunni. „Við erum að undirbúa viðbrögð við slíkri innrás.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Chavez heldur því fram að Bandaríkin séu að undirbúa árás á Venesúela en bandarískir embættismenn hafa ávallt neitað þeim ásökunum. ■

SJÁLFTÆÐISFLOKKURINN

FYRRUM SVEITARSTJÓRI Í FIMMTA SÆTIÐ Ragnar Snær Ragnarsson, fyrrum sveitarstjóri Bláskógabyggðar, hefur ákveðið að gefa kost á sér í fimmta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

STEINN Í FIMMTA SÆTIÐ Steinn Kárason, viðskipta- og umhverfisstjórnunarfræðingur, hefur ákveðið að gefa kost á sér í fimmta til sjötta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

DANMÖRK

KONUNGLEGUR RUGLINGUR Danska fornleifafraeðasamfélagið er í uppnámi eftir að upp komst að síðastjanski víkingurinn, Sveinungi Úlfsson Danakonunungur, var ekki grafinn með móður sinni í Hróarskeldu eins og hingað til hefur verið talið. DNA-rannsóknir á tönnum hins þúsund ára gamla konungs benda til að tengdadóttir hans liggi við hliðina á honum.

FRÉTTABLAÐIÐ/JOHN FENDUGRAF



ÖRVÆNTING OG REIÐI íbúi New Orleans segir hermönnum að hann hafi ekki fengið matarbita í marga daga. Þjörgunarsveitarmönnum hefur verið fjölgað á hamfarasvæðunum og verða þeir orðnir 40 þúsund að tveimur dögum liðnum.

Seinagangur við björgunarstörf gagnrýndur

Gagnrýnt hefur verið hve hægt gengur að flytja fólk frá hamfarasvæðunum í Bandaríkjunum. George Bush tilkynnti í gær að björgunarmönnum myndi fjölga um rúmlega 7.000 hermenn og 10.000 þjódvarðliða.

NEW ORLEANS, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur fyrirskipað að 7.200 hermenn og 10.000 þjódvarðliðar verði sendir til björgunarstarfa á hamfarasvæðin í Louisiana. Björgunarsveitarmennirnir verða því um fjörutíu þúsund á næstu tveimur sólarhringum.

„Margir borgarar eru einfaldlega ekki að fá þá hjálp sem þeir þurfa, sérstaklega í New Orleans, og það er óviðunandi,“ sagði Bush þegar hann tilkynnti áformin í kjölfar gagnrýni á seinagang við björgunarstörf. „Við yfirgefum ekki samborgara okkar hér í Bandaríkjunum þegar þeir þurfa á hjálp að halda.“

Floti loftkældra rúta var í gær

sendur eftir 25 þúsundum manna sem hafa beðið eftir að verða sóttir í ráðstefnumiðstöðina í New Orleans síðan fellibylurinn Katrín reið yfir. Fólkíð beidi innan um stæka lykt af rusli og rotnandi líkum samborgara sinna.

Þúsundir voru fluttar úr Superdome-leikvanginum til Texas í gær en snemma dags var fólksflutningur þaðan hætt þrátt fyrir að tvö til fimm þúsund væru enn á svæðinu. Á meðal þeirra sem urðu eftir í höllinni var 25 ára móðir sem ekki vissi um börnin sín fjögur. Fólkíð hefur nú fengið bæði vatn og mat sem ekki bauðst fyrstu dagana.

Yolanda Sander var meðal þeirra sem biðu í ráðstefnu-

miðstöðinni í borginni. Þar hafði hún verið í fimm daga. „Ég trúði því alltaf að við yrðum sótt. Mér líður vel að fá loks að hitta fjölskyldu mína,“ sagði hún en vissi þó ekki hvert leiðin lægi. „Allir staðir eru betri en þessi. Fólk deyr hér allt um kring.“

Styrktartónleikar vegna hamfaranna sem sendir voru í beinni útsendingu frá New York á sjónvarpsstöðinni NBC á föstudagskvöld tóku óvænta stefnu þegar tónlistarmaðurinn Kanye West fór út fyrir hefðbundna dagskrá.

„Það er ljóst að það er verið að hjálpa þeim fátæku og þeim svörtu eins hægt og mögulegt er,“ sagði hann. ■



Þjódleikhúsið – leikhúsið þitt!



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

30-50%
afsláttur
af völdum vörum

FLEXOR
NÆSTA SKREF

Suðurlandsbraut 34 • Sími 517 3900

Nýtt ípróttahús og líkamsræktarstöð rís á Reyðarfirði:

Alcoa styrkir gervigrasvöll

REYÐARFJÖRÐUR Bygging fjölnota ípróttahúss og líkamsræktarstöðvar er hafin á Reyðarfirði. Stefnt er að því að líkamsræktarstöðin taki til starfa í vetur og að ípróttahúsið verði tekið í notkun næsta vor. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði um 400 milljónir króna.

Alcoa Fjarðaál, sem stendur að byggingu álvers í Fjarðabyggð, styrkir bygginguna um samtals um 90 milljónir króna. Ípróttahúsið mun rúma knattspyrnuvöll með gervigrasi, 100 metra hlaupabraut ásamt stökkgröfju og 450 manna áhorfendasvæði.

Húsið mun einnig nýttast vel til móta- og sýningarhalds. Framkvæmdirnar eru liður í áætlun sveitarfélagsins til að mæta þeirri



NÝTT ÍPRÓTTAHÚS Framkvæmdir eru hafnar á nýju ípróttahúsi í Fjarðabyggð sem verður stærsta ípróttahúsið á Austurlandi.

fólksfjölgun sem er fyrirhuguð, meðal annars vegna starfsemi hins nýja álvers.

Með byggingu ípróttahússins

batnar aðstaða til ípróttaiðkunar á svæðinu verulega, ekki einungis í Fjarðabyggð heldur á Austurlandi öllu.

- joa

CR-V

HONDA

The Power of Dreams

4x4xskólabíll



HER & NU / SIA

Verðlaun

Eftirsóttasti borgarjippinn í sínum flokki (Edmunds.com)
Bestu kaupin í sínum flokki (IntelliChoice)
Hæsta endursöluverðið í sínum flokki (Automotive Lease Guide)
Fyrsti borgarjippinn til að fá 5 stjórnur í fram- og hliðarækstrarprófi (NHTSA)

→ Fullbúinn CR-V LS, verð aðeins

2.749.000 kr.

28.715 kr. á mánuði*

Komdu í Bernhard, Vatnagörðum
og kynntu þér bestu kaupin á borgarjeppa í dag honda.is



Nýr Honda CR-V er kominn á götuna. Áreiðanlegur, aflmikill og tækniþúinn, endurhannaður að innan sem utan. Fram- og hliðarloftþrúðar, ABS hemlar, ásamt vali um spólvörn, skrikkvörn og loftþrúðagardínur er meðal þeirra þátta sem tryggja öryggi og aksturseginnleika eins og best verður á kosið. CR-V kemur á 16 tommu felgum með nýtt drifkerfi og endurbætta fjöðrun sem gerir hvern leiðangur leikandi léttan. Hvort sem þú ætlar að skjótast út í búð eða stinga af úr bænum, fjölhæfur CR-V rennir þér léttilega á staðinn. Sestu inn og uppgötvaðu allt rýmið fyrir fjölskylduna, vinina og farangurinn sem fylgir.
Honda CR-V enn betur búinn, ný tækni og ný hönnun á ótrúlega góðu verði.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

* Bilasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum. ** BÍll á mynd er CR-V Executive



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heitir nýjasta plata The Rolling Stones?
- 2 Hvar býr íslenska konan sem saknað hefur verið í Bandaríkjunum?
- 3 Hver skrifaði bókina Fuglar í náttúru Íslands?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Hörð viðbrögð við yfirlýsingum árásmannanna í Lundúnum:

Myndbandið talið margra mánaða gamalt

BRETLAND Myndband þar sem nærstráðandi al-Kaída samtakanna og einn tilræðismannanna frá því í árásum á Lundúnir í júlí ræða um hryðjuverkin hefur vakið hörð viðbrögð í Bretlandi.

Myndbandið birtist á sjónvarpsstöðinni al-Jazeera í gær en þar réttlætir Mohammed Sidique Khan, sjálfsmorðsprengjumaðurinn frá Edgware Road, gerðir sínar. Hann sagði að óbreyttir borgarar ættu slíka meðferð skilda þar sem þeir hefðu kosið ríkisstjórnir sem síðan stæðu fyrir óhæfuverum í Írak. Í sömu mynd segir

Ayman al-Zawahri, hægri hönd Osama bin Laden, að Vesturlönd hafi þarna fengið að kenna á eigin meðlum og fleiri slíkar árásir séu í bígerð.

Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, var heitt í hamsi á fimmtudaginn þegar hann sagði að „engin afsökun, engin réttlætning, væri fyrir hryðjuverkum af neinu tagi,“ og benti auk þess á að fórnarlömb þessara sjálfskipuðu talsmanna íslam hefðu einkum verið múslimar. Formælendur breskra múslimasamtaka hafa tekið í svipadan streng.

Sérfræðingar gjörkanna nú

innihald myndbandsins og reyna að ráða í aldur þess. Vinir Khans segja hann líta allt öðruvísi út á myndunum en í júlí síðastliðnum og telja þær því allt að árs gamlar. Ekki er talið öruggt að þær sýni tengsl á milli sprengjumannanna og al-Kaída.

- shg



MOHAMMED SIDIQUE KHAN „Við eigum í stríði og ég er hermaður. Nú fáði þið einnig að kynna þvi af eigin raun um hvað málið snýst.“

Stjórnarflokkar bæta við sig

Verkamannaflokkurinn í Noregi tapar fylgi en stjórnarflokkar bæta við sig samkvæmt nýrri skoðanakönnun Aftenposten. Útkoma Vinstriflokksins í kosningunum gæti ráðið úrslitum fyrir næstu stjórnarmyndun en flokkurinn styður hægristjórn Bondeviks.



Norsku
PINGKOSNINGARNAR

PINGKOSNINGAR Norski Vinstriflokkurinn er nálægt því að ná fjögurra prósentu fylgi, samkvæmt nýrri fylgiskönnun Aftenposten. Nái hann því marki í kosningum til Stórþingsins 12. september næstkomandi gæti það ráðið úrslitum um það hvort hægristjórn Kjell Magne Bondevik heldur velli. Vinstri, sem er frjálslyndur flokkur hægra megin við miðju, hefur aðeins tvo þingmenn. Skríði hann yfir fjögurra prósentu markið fær hann sex til sjö þingmenn.

Niðurstöður nýju könnunarinn-

| | Kosningar 2001 | Könnun Aftenposten | Þingsæti könnun | Þingsæti 2001 |
|------------------------------|----------------|--------------------|-----------------|---------------|
| Verkamannaflokkurinn | 24,3% | 29,9% | 54 | 43 |
| Hægriflokkurinn | 14,6% | 17,7% | 32 | 26 |
| Framfaraflokkurinn | 21,2% | 17,0% | 31 | 38 |
| Sósíalíski vinstriflokkurinn | 12,5% | 12,8% | 23 | 23 |
| Kristilegi þjóðarflokkurinn | 12,4% | 8,2% | 15 | 22 |
| Miðflokkurinn | 5,6% | 5,6% | 10 | 10 |
| Vinstri | 3,9% | 3,9% | 1 | 2 |

ar benda til þess að vinstribandalag Verkamannaflokksins, Sósíalíska vinstriflokksins og Miðflokksins fengi samanlagt 87 þingsæti af 165. Hægriflokkarnir þurfa því aðeins fimm þingsæti til viðbótar til að tryggja sér meirihluta þingsæta gagnvart vinstribandalaginu.

„Við venjulegar kringumstæður gætum við bætt við okkur einu prósentustigi síðustu vikuna fyrir kosningar. Ég vona að það lykkihlutverk sem við erum komin í skili okkur að því marki,“ segir Lars Sponheim, formaður Vinstriflokksins, í samtali við Aftenposten.

Verkamannaflokkurinn og Framfaraflokkurinn tapa fylgi

samkvæmt niðurstöðum nýju könnunarinnar, en stjórnarflokkarnir – Kristilegi þjóðarflokkurinn og Hægriflokkurinn – bæta við sig.

Stoltenberg hamrar á þörf kjósenda fyrir styrka meirihlutastjórn. Bondevik og minnihlutastjórn hans hafa þurft að reida sig á stuðning Framfaraflokksins. Nú andar hins vegar köldu milli Framfaraflokksins og Kristilega þjóðarflokksins, sem telur sig jafnvel eiga meiri samleið með Verkamannaflokknum en Carl I. Hagen og Framfaraflokk hans.

Stoltenberg er nauðugur einn kostur að halda fast við kosningabandalag sitt við Sósíalíska vinstriflokkinn og Miðflokkinn og hefur ekki gælt við önnur stjórnarmynstur í átökum sínum við Bondevik í fjölmiðlum. Hann hefur meira að segja hafnað samstarfi við Rauðabandalagið, flokk utarlega á vinstri kantinum, nái það manni á þing. Taugaspennan eykst hins vegar dag frá degi og enn má búast við hreyfingum á fylgi flokka.

johannh@frettabladid.is



LARS SPONHEIM, FORMÁÐUR VINSTRIFLOKKSINS Vinstriflokkurinn hefur aðeins tvo menn á þingi. Hann gæti bætt við sig 6-7 þingmönnum og bjargað hægristjórn Kjell Magne Bondevik ná hann fjögurra prósentu fylgi.



STOLTENBERG OG BONDEVIK Bondevik gerði Stoltenberg tilboð um samstarf á sviði öldrunarþjónustu í sjónvarpseinvígi í Kristjánssandi í gærkvöldi.



KÓRALRIF Um sextíu prósent þeirra sluppu alveg eða nær alveg við skaðleg áhrif bylgjunnar miklu.

Kóralrif í Indlandshafi:

Lítt skemmd í hamförnunum

NÁTTÚRAN Vísindamenn telja kóralrif við Indlandshaf hafa að langmestu leyti sloppið við skemmdir í flóðbylgjunni á annan dag jóla í fyrra.

Við strendur Tailandis voru 175 kóralrif könnuð með tilliti til skemmda af völdum flóðbylgjunnar og í ljós kom að um sextíu prósent þeirra urðu fyrir litlum sem engum skemmdum vegna hamfaranna.

Vísindamennirnir komust að þeirri niðurstöðu að kóralrif við norðurhluta Indlandshafs sem liggja á grunnsævi hefðu orðið verst úti. Þeir eru engu að síður vongóðir um að rifin ná að jafna sig að fullu á innan við áratug. - óá

Lækningarmáttur mataræðis

Hin virta fræðikona, dr. Jane Plant, heldur tvo fyrirlestra um áhrif mataræðis á ýmsa sjúkdóma. Plant greindist sjálf með brjóstakrabbamein árið 1987 en tókst að ná fullri heilsu með gjörbreyttu mataræði.

Fyrri fyrirlesturinn verður haldinn í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands við Suðurgötu, miðvikudagskvöldið 7. sept. kl. 20.

Síðari fyrirlesturinn verður haldinn í Háskólanum á Akureyri, nánar tiltekið á Sólborg v/Norðurlöð, stofu L101, fimmtudagskvöldið 8. sept. kl. 20.

Árið 1987 greindist Jane Plant, þá 42ja ára, með brjóstakrabbamein. Eftir 6 ára lyfja- og geislameðferð dugði ekkert lengur til og læknað urðu ástandið að hún ætti aðeins 3-6 mánuði eftir lífaða. Það var þá sem Plant ákvað að nota eigin vísindapekkingu til að reyna að bjarga lífi sínu. Þetta var fyrir liðlega 12 árum og í dag er hún við góða heilsu.

Jane hefur gefið úr þrjár merkar bækur um reynslu sína og þekkingu og fást þær allar í Heilsuhúsinu. Nánari upplýsingar í Heilsuhúsinu Kringlunni, Skólavörðustíg og á Smáratorgi.

Jane Plant verður í Heilsuhúsinu Kringlunni fimmtudaginn 8. september frá kl. 11- 13.

Aðgangur er ókeypis og öllum opin.



Hrun í varpi sjófugla víða um land:

Sandsíli vantar til átu

NÁTTÚRUFAR Varp fugla sem reida sig á sandsíli til átu virðist í ár hafa misfarist í stórum stíl. „Þetta kemur meðal annars niður á lunda, en afar lítið hefur verið um að ungar komist á legg. Svo vitum við að þetta á við um krúu og ýmsa fleiri sílafugla, að varpið hefur gengið illa hjá þeim víðast hvar á landinu,“ segir Kristinn Haukur Skarphéðinsson, dýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun.



KRISTINN HAUKUR SKARPHÉÐINSSON

Kristinn Haukur bendir þó á að vegna langlífis slíkra fugla hafi það ekki mikið að segja að eitt ár detti úr í varpi. „Ef viðkomubrestur er hins vegar ár eftir ár mun stofnunum náttúrlega hnigna. Við þekkjum til dæmis frá Norðursjó og Norður-Noregi að lundastofnin þar hefur verið á hraðri niðurléið og vonum að við séum ekki að sigla inn í slíkt tímabil hér,“ segir hann, en orsökina var sú sama þar, brestur í sílastofni. Hann segist telja að lítið sé fylgst með stærð sílastofna, nema í gegnum þorsmaga. „Þetta er dæmigert fyrir tegundir fiska sem fá ekki þá athygli sem þeim ber, en eru undirstöðfæða fyrir margar sjófuglategundir,“ segir



LUNDAPYSJA Sérfræðingur Náttúrufræðistofnunar telur ankannalegt að fylgjast þurfi með bresti í sílastofni í gegnum hrun í viðkomu sjófugla og veltir því fyrir sér hvort ekki þurfi að fylgjast betur með sílastofnum.

hann og telur áhyggjuefni að ekki sé betur fylgst með stærð sílastofna.

- óká

Gæsa húð á vægu verði

ÁSKRIFT AÐ SINFÓNÍUTÓNLEIKUM TRYGGIR ÞÉR ÖRUGGT SÆTI Á BETRA VERÐI

GUL ÁSKRIFTARRÖÐ

Sjostakovítsj í öllu sínu veldi, Tsjaikovskíj, Sibelius, Mahler og stórkostlegir einleikarar svo fátt eitt sé nefnt

VERÐ Á ÁSKRIFTARRÖÐ FYRIR 7 TÓNLEIKA ER FRÁ **14.875 K** .



RAUÐ ÁSKRIFTARRÖÐ

Heimspæktir einleikarar og dáð hljómsveitarverk Magnaður sellókonert Dvoráks, 7 sinfónía Beethovens og hin stórmerka söngkona Barbara Bonney og margt, margt fleira

VERÐ Á ÁSKRIFTARRÖÐ FYRIR 7 TÓNLEIKA ER FRÁ **14.875 K** .

GRÆN ÁSKRIFTARRÖÐ

Undraheimur klassískrar tónlistar Ashkenazy, Mozart, óperusviðið, Diddú og Vínar-tónleikarnir

VERÐ Á ÁSKRIFTARRÖÐ FYRIR 5 TÓNLEIKA ER FRÁ **11.985 K** .



TÓNSPROTINN

TÓNLEIKARÖÐ FJÖLSKYLDUNNAR

Chaplin bíótónleikar, söngleikir og ævintýri og hinir sívinsælu jólatónleikar

VERÐ FYRIR FERNA TÓNLEIKA:
Börn **4.080 K** .
16 ára og eldri **5.440 K** .



REGNBOGINN

Veldu 4-12 tónleika af allri efnisskránni sem höfða til þín og þú tryggir þér góðan afslátt og öruggt sæti

VERÐDÆMI FYRIR 4 TÓNLEIKA:
Almennt kort **9.200 K** .
17-25 ára **6.200 K** .
16 ára og yngri **4.500 K** .

FJÖLMARGIR AÐRIR SPENNANDI TÓNLEIKAR

ðventubarokk, Hitchcock, Hindemith, Ragnheiður Gröndal, Eivör Pálsdóttir, War of the Worlds, Requiem Mozarts og margt fleira!

VERÐ Á STAKA TÓNLEIKA FRÁ **2.500 K** .



Nánari upplýsingar um starfsár SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS 2005-6 eru á www.sinfonia.is Enn ítarlegri upplýsingar eru í veglegri bók um starfsárið sem allir geta fengið að kostnaðarlausu



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

SÍMI 545 2500 :: WWW.SINFONIA.IS

Í vetur verða 250 ár liðin frá fæðingu meistarans MOZARTS



skoðun

**SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON**

Viðbrögð við hamförumum í Bandaríkjunum birta veikleika þjóðfélagsins.

Áfall og álitshnekkir

Afleiðingar náttúruhamfaranna í Bandaríkjunum eru hrikalegri en nokkurn óraði fyrir þegar fjölmiðlar byrjuðu að flytja fréttir af fellibylnum Katrínu fyrir rúmri viku. Í fyrstu var talið að nokkrir tugir manna hefðu látið lífið og eignatjón væri takmarkað, en síðan hefur komið á daginn að tíu þúsund manns eða fleiri kunna að hafa látist og tjón orðið meira en nokkru sinni fyrr í sögu Bandaríkjanna.

Það sem sker í augun er hve seint og illa stjórnvöld vestanhafs brugðust við afleiðingum hamfaranna. Nú þegar vika er liðin frá atburðunum eru tugir þúsunda manna enn hjálparvana við frumstæðar aðstæður. Hryllilegar sögur berast um hvers kyns ofbeldisverk og lögleysu á flóðasvæðinu. Innviðir samfélags sem telur meira en milljón manns virð-

Það sem sker í augun er hve seint og illa stjórnvöld vestanhafs brugðust við afleiðingum hamfaranna. Nú þegar vika er liðin frá atburðunum eru tugir þúsunda manna enn hjálparvana við frumstæðar aðstæður.

ast hafa brostið að miklu leyti og fylkisstjórnin og alríkisstjórnin reynst magnvana að koma á röð og reglu. Fullkomið nútímalegt tækniþjóðfélag hefur á örfáum dögum breyst í víti þar sem frumskógarlögmálin hafa tekið völdin.

Sú spurning er áleitinn hvornig á því standi að ríkasta þjóðfélag heims og öflugasta herveldi skuli ekki ráða betur við afleiðingar náttúruhamfara en raun ber vitni. Svo virðist sem engin neyðaráætlun hafi verið til um viðbrögð við atburðum af þessu tagi. Þó voru þeir fyrirsjáanlegir. Herinn er þjálfaður til að grípa til vopna með litlum fyrirvara og ekki vantaði að hermenn voru fljótlega mættir með alvæpni á flóðasvæðið og yfirlýsingar heyrðust um að sérhver sem óhlýðnaðist boðum yrði skotin til bana. En hjálparveitir og hjálpargögn, lyf og matvæli, hafa á hinn bóginn látið á sér standa. Þetta er áfall og álitshnekkir fyrir Bandaríkin.

Bandaríkjamenn hljóta í kjölfar þessara atburða að þurfa að líta í eigin barm og spyrja sig erfiðra spurninga um samfélag sitt, stjórnkerfi og stjórnarstefnu. Getur verið að hin rótgróna einstaklingshyggja landsmanna með áherslu á að hver sé sjálfum sér næstur skýri vanmáttinn sem í ljós kom þegar bjarga þurfti lífi íbúa og eignum í heilu samfélagi? Það er varla tilviljun að flest fórnarlömb hamfaranna eru fólk sem fyrir bjó við verstu aðstæður bandarísks þjóðfélags.

Bandaríkjamenn eiga samúð heimsins. Íslendingar þurfa að leggja sitt af mörkum vinþjóð okkar til aðstoðar eftir því sem aðstæður leyfa. Framtak stjórnvalda að bjóðast til að senda sérþjálfaðar björgunarsveitir á flóðasvæðin er lofsvert. ■

| FRÁ DEGI TIL DAGS | |
|--|---|
| <p>„Kostulegt og geggjáð“ Frétt DV á föstudaginn um að kaup-sýslumaðurinn kunnir, Jón Ólafsson, sem lengi var eigandi Stöðvar tvö, hafi reynt „að mynda ríkisstjórn“, eins og það er orðað, eftir þingkosningarnar 1999 hefur vakið mikla athygli. Um málið verður fjallað í bók Einars Kára-sonar um Jón Ólafsson sem væntanleg er hjá forlagi Eddu í nóvember. Atvik málsins eru enn óljós, nema hvað Óssur Skarphéðinsson staðfestir í samtali við DV að Jón hafi haft samband við forystumenn Framsóknarflokks, Vinstri grænna og Samfylkingar í þessu skyni. Segir Óssur að þetta hafi verið „ein af kostulegustu og</p> | <p>geggiðustu uppákomum“ á stjórn-málaferli sínum.</p> <p>Talaði við Jón Baldvin Fram kemur í DV að á þessum tíma hafi verið nán tengsl á milli Jóns Ólafssonar og forystumanna Framsóknarflokksins. Jón hafi hins vegar verið í stríði við Davíð Oddsson „og ekki úr vegi að ætla að Jón hafi gælt við þá hugmynd að koma honum frá“. Milli Jóns og Reykjavíkurlistans voru líka einhver tengsl og hefur verið fullyrt að hann hafi greitt drjúgan hluta af auglýsingakostnaði listans vegna borgarstjórnarkosninga. Hvaða menn voru þetta sem Jón Ólafsson var í sambandi við? Það er ekki upplýst í DV. Þessi dálkur hefur þó traustar heimildir fyrir því að annar þeirra hafi verið Jón Bald-</p> |
| <p>vin Hannibalsson, sendiherra og fyrrverandi formaður Alþýðuflokksins.</p> | <p>Leiðrétt á forsiðu DV hefur beðið Steinunni Valdís Óskarsdóttur borgarstjóra afsökunar á því að hafa farið rangt með svar hennar um það hvar hún vildi helst búa. Í DV á fimmtudaginn var haft eftir henni að hún vildi helst búa í Hafnarfirði, sem blasir við að er furðulegt svar, en borgarstjórnin hafði hins vegar nefnt Reykjavík í samtalinu við blaðið. Villan var í góðri trú tekin upp í þessum dálki á föstudaginn, en leiðréttist hér með. Athyglisvert er að DV sá ástæðu til að leiðréttu mishermið á forsiðu á föstudaginn og er það líklega einsdæmi í sögu blaðsins.</p> |

Innrás einangrunarsinnanna



UMRÆÐAN
FRANCIS FUKUYAMA
PRÓFESSOR Í JOHNS HOPKINS SCHOOL OF ADVANCED INTERNATIONAL STUDIES Í BANDARÍKJUNUM.

Nú eru nærri fjögur ár liðin frá 11. september 2001. Ein leið til þess að rifja upp hvaða stefnu utanríkisstefna Bandaríkjanna hefur tekið frá þessum hræðilega degi er að bera upp spurningu: Í hversu miklum mæli hefur stefnan verið mörkuð af pólitískum gildum og menningu Bandaríkjanna og að hversu miklu leyti hefur hún verið mörkuð af kenjum núverandi forseta og stjórnar hans.

Í kjölfarið á 11. september er freistandi að sjá samhengi á milli hins bandaríska hugsunarháttar og utanríkisstefnu ríkisstjórnar Bush forseta, það hafa margir gert. Við Bandaríkjamenn höfum löngum gripið til þess að standa þétt saman á ögurstundum og gefið okkur út fyrir að vera ákafir hugsjónamenn. Þrátt fyrir þetta er það ekki pólitísk meðvitund, þrýstingur eða nauðung frá bandarískum almenningi sem hefur haft hvað mest áhrif á utanríkisstefnu Bandaríkjustjórnar eftir 11. september.

Strax eftir árásirnar leyfðu Bandaríkjamenn Bush forseta að leiða sig í fjölmargar áttir því þjóðin var reiðubúin að færa fórnir og taka mikla áhættu.

Stjórn Bush forseta það ekki um neinar fórnir frá hinum almenna borgara, en eftir að talibanastjórnin í Afganistan hafði verið lögð að velli á snarpan hátt tók stjórnin heldur betur til sínna ráða með því að ráðast inn í Írak og leysa þannig hvítleitt vandamál sem einungis tengdist al-Kaída á lauslegan hátt.

Með ákvörðun sinni glataði stjórn Bush því umboði sem hún hafði fengið frá meirihluta Bandaríkjamanna eftir 11. september. Á sama tíma urðu margir af helstu ráðamönnum Bush-stjórnarinnar fráherfir henni og hafa margir þeirra tekið það upp hjá sér að vera í vægri andstöðu við bandarísk áhrif í heiminum, sem aftur hefur kynt undir andúð á Bandaríkjunum í Miðausturlöndum.

Í stað innrásarinnar hefði stjórn Bush átt að mynda banda-

lag með öðrum lýðræðisríkjum sem hefði unnið að því að berjast gegn ólýðræðislegum hugmyndum í Mið-Austurlöndum. Stjórn Bush hefði getað hert á efnahagshöftunum á Írak og tryggt það að vopnaeftirlitsmenn hefðu fengið að komast inn í landið, og losað við að fara í stríð. Stjórnin hefði einnig getað haft frumkvæði að stofnun nýrra alþjóðlegra samtaka til að berjast gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna.

Allar þessar leiðir hefðu verið rökréttar út frá hefðum bandarískrar utanríkisstefnu í gegnum tíðina. Bush og ríkisstjórn hans tóku hins vegar aðrar ákvarðanir.

Bandarískur almenningur hefur ekki reynt að hindra framkvæmd þeirra, né hefur hefðin í bandarískri utanríkisstefnu haft þar áhrif á.

Mikið hefur verið gert með þá hugmynd að Bush sækir meirihluta fylgis síns til trúarlegra róttæklinga í ákveðnum ríkjum Bandaríkjanna, sem myndi pólitískan grunn fyrir einstrengingslega utanríkisstefnu hans. Einnig hefur verið talað um að aukinn fjöldi íhaldsamma kristinna manna ákvarði utanríkisstefnu forsetans. Eðli og mikilvægi þessara þátta hefur hins vegar verið stórlega ýkt.

Of miklu þúðri hefur verið eytt í að velta fyrir sér þessum röngu áhrifavöldum á stefnu ríkisstjórnar Bush og því hefur öðrum stefnumarkandi þáttum verið of lítill gaumur gefinn. Bush-stjórnin fékk stuðning frá nýíhaldsmönnum innan Repúblikanaflokksins, sem sjálfa skortir pólitískt bakland en sem veita þó nokkurn vitsmunalegan slagkraft, og frá bandarískum þjóðernissinnum sem aðhyllast öfgafulla einangrunarstefnu út frá eðlishvötum sínum.

Tilviljanir juku svo á þetta einkennilega bandalag. Þegar ekki fundust kjarnorkuvopn í Írak og ekki hafði tekist að færa sönnur á videigandi tengsl á milli Saddams Husseins og al-Kaída réttlætti Bush forseti stríðið algerlega með rökum nýíhaldsmanna; sem lið í hugmyndafræðilegri stefnu um pólitískar breytingar í Mið-Austurlöndum.

Hinir pólitísku stuðningsmenn Bush í Bandaríkjunum hafa ekki eðlislæga tilhneigingu til að aðhyllast slíka stefnu en myndu hins vegar aldrei snúa baki við leiðtoganum í miðju stríði, sérstaklega ekki ef stríðið er vænlegt til að skila árangri.

Þetta stríðsbandalag er hins

vegur viðkvæmt og berskjaldað fyrir óhöppum. Ef pólitískir stuðningsmenn Bush fara að líta svo á að ekki sé hægt að ná sigri í stríðinu, eða að innrásin hafi verið mistök, verður lítil stuðningur í framtíðinni við utanríkisstefnu sem hefur það að markmiði að útbreiða lýðræði í heiminum. Það gæti svo aftur haft áhrif á forsetaprófkjörið í Repúblikanaflokknum árið 2008, sem svo aftur gæti haft áhrif á utanríkisstefnu Bandaríkjamanna í framtíðinni.

Er okkur að mistakast í Írak? Það er ennþá óvíst. Bandaríkin geta haft stjórn á hernaðarlegum aðstæðum svo lengi sem þau kjósa en vilji hins almenna Bandaríkjamanns til að halda nauðsynlegum fjölda hermanna í Írak er takmarkaður.

Landhernum, sem eingöngu er mannaður sjálfbóðaliðum, var aldrei ætlað að taka þátt í að berjast niður langa uppreisn, og mannekla og agavandamál steðja bæði að landhernum og landgönguliði flotans. Þrátt fyrir að stuðningur almennings við veru hersins í Írak sé stöðugur er líklegt að rekstrarlegar aðstæður muni gera það að verkum að ríkisstjórnin neyðist til að fækka í herliðinu innan árs.

Allt virðist benda til þess að ólíklegt sé að sterk og einöðr ríkisstjórn verði mynduð í Írak á næstunni því ekki hefur tekist að tryggja stuðning súnímúslíma á stjórnarskránni auk þess sem misklið er í hópi sjálmúslíma. Á næstunni verður aðalvandamálið að koma í veg fyrir að ólíkir hagsmunahópar notist frekar við eigin hersveitir til verndunar en við stjórnarherinn.

Ef Bandaríkin kalla herlið sitt frá Írak of snemma mun ástandið versna til muna í landinu. Slík ákvörðun myndi koma af stað keðjuverkun óæskilegra atburða sem enn frekar myndu draga úr trúverðuleika Bandaríkjanna um allan heim og tryggja það að Bandaríkin myndu þurfa að hafa áframhaldiandi áhyggjur af Mið-Austurlöndum, sem kynnu að koma niður á öðrum svæðum, til dæmis Asíu, um ókomin ár.

Við vitum ekki hvornig málum mun lykta í Írak. Hins vegar vitum við að fjórum árum eftir 11. september stendur utanríkisstefna Bandaríkjanna með því eða fellur hver niðurstaðan verður í stríði sem er aðeins lauslega tengt þeim sem réðst á Bandaríkin þennan dag. Þetta stríð var ekki óumflýjanlegt. Það ber að sjá eftir því af heilum hug. ■

Vínarborg

29. september

frá kr. 39.090

Einstakur tími í Vín

Kr. 39.090

Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Netverð á mann.

Kr. 49.990

Flug, skattar og gisting í tvíþýli í 3 nætur á Hotel Wilhelmshof. Netverð á mann.

Heimsferðir bjóða glæsilega helgarferð til Vínarborgar í 3 nætur þann 29. september í beinu flugi á frábærum kjörum. Kynnstu þessari höfuðborg lista og menningar um leið og þú nýtur toppþjónustu fararstjóra Heimsferða sem kynna þér borgina og lýstisemdir hennar. Fjölbreyttir gistingukostir í boði.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaltahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF A FRÉTTAÐELIÐ: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Ísafoldarprentsmíða ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimil á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Vaxtalaus tilboð

Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri



TAKMARKAÐ MAGN

50.000 kr afsláttur

Leðurklætt rúm
m/dýnu 180x200
+ 2 náttborð

Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins **7.499 kr**
á mán. í 20 mánuði
Verð nú 149.980,-
Verð áður 199.980,-



COLCHON DUPEN
IMPERIAL

| VAXTALAUST TILBOÐ | | | |
|-------------------|-----------------|---------|----------|
| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
| 90 x 200 | 3.999 kr | 12 mán. | 47.988.- |
| 120 x 200 | 4.999 kr | 12 mán. | 59.988.- |
| 150 x 200 | 5.799 kr | 12 mán. | 69.588.- |
| 180 x 200 | 7.499 kr | 12 mán. | 89.988.- |



COLCHON DUPEN
ORTOPEDICA

| VAXTALAUST TILBOÐ | | | |
|-------------------|-----------------|---------|----------|
| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
| 90 x 200 | 3.499 kr | 12 mán. | 41.988.- |
| 120 x 200 | 4.499 kr | 12 mán. | 53.988.- |
| 150 x 200 | 4.999 kr | 12 mán. | 59.988.- |
| 180 x 200 | 5.999 kr | 12 mán. | 71.988.- |



COLCHON DUPEN
DINAMICA

| VAXTALAUST TILBOÐ | | | |
|-------------------|-----------------|---------|----------|
| Rúmstærð | verð frá | mánuðir | stgr. |
| 90 x 200 | 2.999 kr | 7 mán. | 20.993.- |
| 120 x 200 | 2.999 kr | 9 mán. | 26.991.- |
| 150 x 200 | 2.999 kr | 11 mán. | 32.989.- |
| 180 x 200 | 2.999 kr | 13 mán. | 38.987.- |



Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins **8.325 kr**
á mán. í 12 mánuði
Verð 99.900,-

Stillanlegt rafmagnsrúm m/dýnu 90x200



5.999 kr

Náttborð m/ 2 skúffum



2.999 kr

Rúm án dýnu 100x190

Gildir til 8. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

„Það er líklega mest um þetta í banka- og verðbréfaeiranum, þú getur rétt ímyndað þér hve miklu máli það skiptir fyrir verðbréfamiðlara sem staddir er á gólfinu að geta nálgast allar upplýsingar jafnóðum gegnum netið.“

„Gríðarlegur tímasparnaður“

Fjarskiptafyrirtækin tvö, Og Vodafone og Síminn, hyggjast á næstunni bjóða upp á svokallaða Blackberry-þjónustu. Blackberry-farsímabúnaðurinn er þróaður og framleiddur af kanadíska fyrirtækinu Research in Motion (RIM) og verður lagaður að símkerfum símafyrirtækjanna tveggja. Jón Skaftason kynnti sér Blackberry-tæknina og spjallaði við Adam Saunders frá RIM.

Blackberry-tæknin er líklega þekktasta afurð RIM. Blackberry fylgir farsímum og gerir notendum kleift að sýsla með tölvupóst og viðhengi í gegnum þráðlaust net símans. Blackberry-tæknin þykir sniðin að þörfum atvinnulífsins; þeirra sem þurfa að nálgast upplýsingar án tillits til staðsetningar. Notendum er gert kleift að tengjast innra neti fyrirtækis síns auk þess sem hægt er að samstillja tölvupóstfang í tölvu notanda við farsíma.

RIM hefur gert samninga við fjölda fyrirtækja um réttinn til að nýta Blackberry-tæknina og nægir þar að nefna farsímaframleiðendur á borð við Nokia og Siemens. Þá hafa fjarskiptafyrirtækin Vodafone, British Telecom

og T-Mobile öll gert samkomulag um afnot af Blackberry-tækninni.

Kanadískt stórfyrirtæki

RIM er kanadískt stórfyrirtæki stofnað árið 1984 og er með höfuðstöðvar í Ontario-borg. Hjá RIM starfa um fjögur þúsund manns og er fyrirtækið með starfsemi í Norður-Ameríku, Evrópu og Asíu í borgum á borð við París, Madrid, Róm og Síngapúr. Evrópuhöfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Eggham á Englandi.

Tekjur RIM á fyrsta ársfjórðungi námu þrjátíu milljörðum króna og jukust um tólf prósent frá fjórðungnum á undan. Fyrirtækið er skráð á NASDAQ-hátekni-markaðinn í New York og í Kauphöllina í Toronto.

Adam Saunders, svæðisstjóri



ADAM SAUNDERS FRÁ RIM ÁSAMT KOLBEINI EINARSSYNI HJÁ OG VODAFONE Saunders segir Blackberry-tæknina sniðna að þörfum viðskiptalífsins: „Blackberry-tæknin gerir þér kleift að gera flest það sem þú gerir á skrifstofunni, hvort sem þú ert á flugvelli, í lest eða leigubíl. Þessu fylgir auðvitað gríðarlegur tímasparnaður.“

hjá RIM á Íslandi og í heimalandi sínu, Írlandi, var staddur hér á landi á dögnum til að hjálpa Og Vodafone mönnum við að koma Blackberry-tækninni á laggirnar:

„Mitt starf er að hjálpa þeim aðilum sem gert hafa samninga við RIM að koma tækninni af stað. Ég hjálpa þeim við markaðssetningu og kenni starfsfólki á tækin, svo það geti nú svarað spurningum viðskiptavinanna.“

Blackberry-tæknin kom til sögunnar árið 1999, þegar kynntur var búnaður sem gat tekið við tölvupósti í farsíma. Saunders segir tæknina hafa verið í stöðugri þróun síðan: „Tæknin er sérstaklega hentug fyrir fólk sem lifir og hrærist í viðskiptageiranum og þarf sífellt að vera á ferð og flugi. Blackberry-tæknin gerir þér kleift að gera flest það sem þú gerir á skrifstofunni, hvort sem þú ert á flugvelli, í lest eða leigubíl. Þessu fylgir auðvitað gríðarlegur tímasparnaður.“

Blackberry nýtur mikillar hylli erlendis, í ársfjórðungsuppgjöri RIM segir að um fjórar milljónir Blackberry-notenda séu í heiminum: „Það er líklega mest um þetta í banka- og verðbréfaeiranum, þú getur rétt ímyndað þér hve miklu máli það skiptir fyrir verðbréfamiðlara sem staddir er á gólfinu að geta nálgast allar upplýsingar jafnóðum gegnum netið.“

Saunders segir þó opinbera starfsmenn ekki síður hrifna af Blackberry: „Bandaríkjaher notar til að mynda tækni frá okkur og hún er líka vinsæl meðal starfsmanna ríkisstofnana víða, þar er

það líklega öryggisþátturinn sem mestu máli skiptir. Hægt er að komast á innra net stofnana eða fyrirtækja án vandkvæða og öryggisstigið er mjög hátt.“

Hugsað fyrir viðskiptalífið

Kolbeinn Einarsson er deildarstjóri Vörumótunar hjá Og Vodafone: „Við erum að fara í gang með þjónustu sem kallast Mobile Office og Blackberry er hluti af því. Þetta er hugsað fyrir viðskiptalífið þar sem hraði, öruggt samband og einfaldleiki skipta öllu.“

Hann segir Og Vodafone undanfarið hafa unnið að uppsetningu þjónustu sem styður við Mobile Office-pakkann: „Við höfum undanfarið unnið að uppsetningu EDGE-kerfisins, sem margfaldar flutningshraða gagna sé miðað við hefðbundna GSM-kerfið.“ Aðspurður hvort önnur fyrirtæki bjóði ekki upp á þjónustu svipaða Blackberry segir hann: „Jú, jú, en þeirra tæki eru ekki nærri jafn notendavæn. Nærtækasta dæmið er kannski að bera iPodinn frá Apple saman við aðra stafræna tónlistarspilara. Stýrikerfið er einfalt og þægilegt í notkun og jafnvel hentugra að taka við tölvupósti í tæki heldur en í gegnum tölvuna. Maður er látinn vita þegar nýr póstur kemur en þarf ekki að kalla tölvupóstforritið sérstaklega upp eins og áður þurfti.“ ■

Landsþing Framsóknarkvenna



Valgerður Sverrisdóttir Siv Friðleifsdóttir Jónína Bjartmarz Dagný Jónsdóttir Una María Óskarsdóttir Bryndis Bjarnarson



Herdís Sæmundardóttir Unnur Stefánsdóttir Svanlaug Guðnadóttir Inga Ólafsdóttir Albertína Elíasdóttir Magdalena Sigurðard. Kolbrún Ólafsdóttir

Tólfta landsþing Landssambands Framsóknarkvenna verður haldið á Ísafirði 16.–18. september næstkomandi.

Auk venjulegra þingstarfa verða atvinnumál kvenna og staða kvenna í atvinnulífinu í brennidepli á opnum fundi.

Dagskrá þingsins og nánari upplýsingar má sjá á www.lfk.is. Skráning þingfulltrúa er á skrifstofu Framsóknarflokksins í síma 540-4300 eða með tölvupósti á lfk@lfk.is fyrir þriðjudaginn 13. september.

Framsóknarkonur: Fjölmennum á landsþing LFK!



Hvað gerir Blackberry?

Blackberry-tæknin er sérstaklega hönnuð með það í huga að sýsla með tölvupóst og dagbók. Tækið er sitengt við netið og áminning kemur um leið og tölvupóstur berst. Tölvupóst Blackberry má samstillast allt að tíu netföngum.

Blackberry er einkum ætlað fyrirtækjum og þeim sem nota síma í atvinnuskyni og er hægt að tengjast innra neti fyrirtækja með öruggum hætti. Öryggisstig Blackberry er afar hátt og er tæknin meðal annars notuð af opinberum stofnunum í Bretlandi, auk þess sem Bandaríkjaher notast eingöngu við farsímatækni frá Blackberry.

Auðvelt er að opna tölvupóstviðhengi með Blackberry en tæknin styður forrit á borð við Microsoft Word, Excel, PowerPoint og Adobe Acrobat. Einnig er hægt að skoða hefðbundnar vefsíður á auðveldan hátt gegnum Blackberry-tækin.

Símafyrirtækin hafa undanfarið unnið að uppsetningu svokallaðrar EDGE tækni sem meðal annars er ætlað að styðja við Blackberry. EDGE mun auka

hraða á gagnaflytningi í farsíma allt að fjórfalt auk þess sem ódýrara verður að hala niður efni gegnum netið og í farsíma þar sem þungt efni er þjappað.

Ætlað er að EDGE verði tekin í notkun á fjórða ársfjórðungi þessa árs og mun tæknin fyrst um sinn aðeins ná til notenda á höfuðborgarsvæðinu og í Eyjafirði. -jsk



MOTOROLA-SÍMI Brátt kemur á markað Motorola iTunes-farsíminn. Auk þess að vera hefðbundinn farsími verður hægt að hala niður allt að einu gígabæti af tónlist á símann.

iTunes-sími frá Motorola

Motorola iTunes-farsíminn, sem er sameiginlegt verkefni Apple og farsímaframleiðandans Motorola, verður líklega kynntur 7. september næstkomandi.

Farsímanna er hægt að tengja við heimilistölvu og hala niður allt að einu gígabæti af tónlist í gegnum iTunes-forritið frá Apple. Ekki er vitað hvort mögulegt verði að hala niður tónlist beint af netinu og í símann. Stafrænn spilar símans verður líklega svipaður iPod Shuffle-spilaranum frá Apple að gæðum.

Mikið hefur verið spáð og spekúlerað um útgáfudag Motorola iTunes-símans enda bíða margir í ofvæni eftir því að stafrænnir tónlistarspilarar og farsímar renni saman í eitt.

„Þetta verður gifting tveggja risavörumerkja sem höfðar til margra og ég á ekki von á öðru en að Motorola iTunes-farsíminn eigi eftir að slá í gegn,“ sagði Hugues De La Vergne hjá ráðgjafafyrirtækinu Gartner.

Hvorki Motorola né Apple hafa viljað tjá sig um málið. -jsk



BILL GATES Stjórnarformaður Microsoft.

Microsoft á símamarkað

Bandaríski tölvurísinn Microsoft hefur keypt netsímafyrirtækið Teleo og hyggur á enn frekari landvinninga á sviði símaþjónustu gegnum internetið.

Tæknin frá Teleo gerir notendum kleift að hringja í heima- eða farsíma úr tölvu. Það hefur hingað til ekki verið mögulegt með þjónustu Microsoft.

Með kaupnum tekur Microsoft slaginn við fyrirtæki á borð við Yahoo og Google sem undanfarið hafa unnið að þróun símaþjónustu. Microsoft er þó fyrst þeirra til þess að bjóða upp á símtöl milli tölvu og síma en fyrirtæki á borð við Skype og AOL hafa hingað til verið einráð á þeim markaði. -jsk



Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

MARKAÐURINN



Saga Steinsen, 17 ára

Ég hafði litið sem ekkert sjálfstraust en eftir námskeiðið varð það margfalt meira. Í dag lit ég á sjálfa mig alveg eins og ég lit á aðra, með jákvæðari og opnum huga. Ég lærði að hlusta og virði skoðanir annarra. Nú horfi ég á björtu hliðarnar og lífið brosir við mér.

ÁTTU ÞÚ UNGLING SEM ÞARF AÐ ...

+ Dale Carnegie þjálfun fyrir unglinga

Næsta kynslóð er þjálfun sem er ætluð öllum unglingum sem hafa áhuga á að ná langt í lífinu.

+ www.naestakynslod.is

Hafðu samband við skrifstofu Dale Carnegie í síma 555 7080 eða 661 0998 og fáðu nánari upplýsingar um Næstu kynslóð.

+ Kynningarfundir:

Mánudag 5. sept. (14-17 ára, æskilegt að foreldrar mæti með)
Kl. 20.00 í Próttaraheimilinu í Laugardal (við hliðina á gervigrasinu)
Námskeið hefst miðvikudaginn 7. september

+ Mánudag 19. sept. og fimmtudag 22. sept

(18-22 ára)
Kl. 20.00 í Próttaraheimilinu í Laugardal (við hliðina á gervigrasinu)
Námskeið hefst 26. september

... vera einbeittari í námi?

... geta staðið sig vel í vinnu?

... vera jákvæðari?

... eiga auðveldara með að eignast vini?

... vera sáttari við sjálfan sig?



+ Kíktu á naestakynslod.is og sjáðu hvað aðrir þátttakendur höfðu að segja um þjálfunina.

ALBERT SCHWEITZER (1875-1965)
lést þennan dag.



„Hamingja er ekki annað en góð heilsa og slæmt minni.“

Albert Schweitzer var þýskur guðfræðingur, tónlistarmaður, heimspækingur og læknir. Hann hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1953.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 4. SEPTEMBER 1985

Fyrstu myndirnar af Titanic

Fystu myndirnar af hinu sokkna skipi Titanic voru birtar þennan dag árið 1985. Þetta var 73 árum eftir að farþegaskipið sökk með þeim afleiðingum að um 1.500 manns týndu lífi. Sameiginlegur leiðangur Frakka og Bandaríkjanna hafði fundið flakið þremur dögum áður. Leiðangursstjóri var könnuðurinn dr. Robert Ballard. Titanic sökk laust fyrir miðnætti hinn 13. apríl 1912. Það hafði rekist á ísjaka með þeim afleiðingum að skrokkurinn rínaði. Skipið, sem var eitt það stærsta og glæsilegasta sem sögur fóru

af, hafði lagt upp í jómfrúarferð sína frá Southampton á Englandi fjórum dögum áður, en ferðinni var heitið yfir Atlantshafið til Bandaríkjanna. Þegar dr. Ballard bar að árið 1985 lá skipið á fjögurra kílómetra dýpi. Með aðstoð ómann- aða kabátsins Argo var möguleiki að ná myndum af flakinu en engin tilraun var gerð til að bjarga því eða rannsaka innviði skipins. Ári síðar sneri Ballard aftur á bandarísku herskipi og kafaði ellefu sinnum niður að flakinu í þrjúggja manna kabáti. Mun fleiri



TITANIC Á SJÁVARBOTNI

leiðangrar hafa verið gerðir að flakinu síðan þrátt fyrir mótmæli eftirlifenda og ættingja þeirra, sem telja að flakið eigi að standa óhreyft þar sem það sé síðasti hvílastaður fjölda fólks.

MERKISATBURÐIR

- 1886** Apache-höfðinginn Geronimo gefst upp ásamt mönnum sínum í Beinagrindargili í Arizona.
- 1943** Íslandsklukkan eftir Halldór Kiljan Laxness kemur út. Ekkert verka Halldórs hefur fengið jafn góðar viðtökur.
- 1949** Kirkjan í Möðrudal á Fjöllum er vígð.
- 1969** Björgvin Halldórsson er kosinn poppstjarna ársins, þá átján ára.
- 1972** Bandaríski sundkappinn Mark Spitz vinnur sjöundu gullverðlaun sín á ólympíuleikum.
- 1973** Bókstafurinn z er felldur úr opinberu máli á Íslandi.
- 2002** Fyrsta bandaríska Idol-stjarnan er kosin. Kelly Clarkson hreppi titilinn.

BRÚÐHJÓN

Gefin voru saman hinn 20. ágúst í Bessastaðakirkju þau **Júlia Rós Atladóttir** og **Hermann Sigurður Björnsson**, af séra Friðriki J. Hjartarsyni. Þau eru til heimilis í Hafnarfirði.



Gefin voru saman hinn 20. ágúst 2005 í Friðkirkjunni Hafnarfirði þau **Þórunn Jónsdóttir** og **Baldur Gunnarsson**, af séra Einari Eyjólfssyni. Þau eru til heimilis í Hafnarfirði.

AFMÆLI

Helga Þ. Stephensen leikkona er 61 árs.

Pétur Már Ólafsson bókaútgefandi er 40 ára.



Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttamaður RÚV, er 36 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1824 **Anton Bruckner** tónskáld.



1908 **Richard Wright** rithöfundur.

1960 **Damon Wayans** leikari.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

HÖRÐUR TORFA SÖNGVASKÁLD SEXTUGUR

Tekur feginn á móti hverjum degi

„Það er bara yndislegt að vera sextugur. Ég tek feginn á móti hverjum degi og hverju ári,“ segir Hörður Torfason söngvaskáld, sem fagnar sextíu ára afmæli í dag.

Hörður segir lífið bara batna eftir því sem hann verður eldri. Hann er hins vegar ekki mikill veislumaður að eigin sögn, lagði þann sið á hilluna fyrir 30 árum. „Síðast hélt ég upp á afmælið mitt þegar ég varð þrítugur. Veislan fór í sjálfu sér vel fram, nema ég þurfti að yfirgefa hana snemma þar sem ég var að leika í kvikmynd og þurfti að fara snemma á fætur. Daginn eftir kom ég við í veislusalnum og þá hafði öllum gjöfunum verið stolið. Þá ákvað ég að þaðan í frá myndi ég bara halda tónleika, ekki veislur,“ segir hann og hlær.

Í ár ber svo við að velunnarar Harðar ætla að slá til tónlistarveislu í Borgarleikhúsinu hinn 10. september og heiðra skáldið á þessum tímamótum. „Ég kem ekki nálægt því, að öðru leyti en að mæta og hlýða á. Ég hlakka mikið til að sjá og heyra þetta góða fólk syngja lögin mín, en það er ekki laust við að ég kvíði líka dálítið fyrir,“ segir hann kankvís.

Aðdáendur Harðar þurfa þó ekki að óttast að hann sjálfur láti ekki í sér heyra því hann treður sjálfur upp í tvígang á árlegum hausttónleikum sínum í Borgarleikhúsinu 16. september. „Sumarið nota ég til að skrifa og undirbúa mig en vetrarstarfið hef ég alltaf með tónleikum í september. Ég ákvað að hafa tvo tónleika í ár því yfirleitt sækir stór hópur þessa tónleika og ég vil að sem flestir komist að.“

Hörður hefur hug á að koma söngvum sínum til annarra flytjenda í framtíðinni og einbeita sér meira að tónsmíðunum sjálfum. „Það er að minnsta kosti stefnan.



HÖRÐUR TORFASON Hefur ekki haldið afmælisveislu síðan hann var þrítugur en þá var öllum gjöfunum stolið.

Ég finn að það hefur orðið ákveðin vakning með það sem ég hef verið að gera undanfarnin fjórutíu ár. En ég boða þó enga byltingu á

mínum högum þótt ég dragi aðeins úr. Þegar maður hefur spilað og sungið jafn lengi og ég hef gert hættir maður aldrei.“ ■

Allir viljugir að heiðra Hörð

„Hugmyndin kviknaði í matarboði fyrr í vor,“ segir Halli Reynis trúbadur, sem skipuleggur afmælistónleika til heiðurs Herði Torfa í Borgarleikhúsinu 10. september. „Þar sátum við Hörður og Valgarður Guðjónsson, söngvari Fræbbblanna, og það barst í tal að Hörður yrði sextugur í haust. Við Valli fengum Hjört Howser, sem hefur unnið með Herði, til liðs við okkur yfir kaffibolla og ræddum við hvernig væri hægt að heiðra Hörð og fyrr en varði höfðum við skipulagt tónleika.

Það er valinn maður í hverju rúmi á afmælistónleikunum og meðal þeirra sem stíga á stökk eru Bergþór Pálsson, Andrea Gylfadóttir, Rúnar Júlísson,

Grafk, Halli sjálfur og fleiri. „Allir voru mjög viljugir að koma fram og heiðra Hörð,“ segir Halli, sem hefur verið aðdáandi hans lengi og ólst upp við tónlist hans.

Halli segir Hörð eiga sér merkilega sögu, bæði sem listamaður og söngvari, og hann er ánægður með að fá tækifæri til að þakka honum innblásturinn með veglegri afmælisgjöf. „Hörður er mjög agaður listamaður og hefur aldrei gefist upp þótt hann hafi lent í mótbyr. Það ættu aðrir að taka sér til fyrirmyndar.“

HALLI REYNIS Ólst upp við tónlist Harðar og fagnar að fá tækifæri til að þakka honum innblásturinn.



LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



Elskulegur sonur okkar, bróðir og barnabarn,
Sindri Snær Sigurjónsson
Þingási 7, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut miðvikudaginn 31. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Lágafellskirkju í Mosfellsbæ fimmtudaginn 8. september kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast Sindra Snæs er bent á minningarsjóð sem stofnaður hefur verið í hans nafni sem mun vera ráðstafað úr til Barnaspítala Hringinsins. Reikningsnúmer 0115-05-070603, kt. 210204-2370.

Sigurjón Ólafsson
Karen Erla Kristófersdóttir
Steinar Frank Sigurjónsson
Sigurður Ýmir Sigurjónsson
Ólafur Árnason
Friðbjörn Berg

Ingibjörg Betty Bustillo

Arnfríður Helga Valdimarsdóttir



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, blyhubug og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Snjólaugar Magneu Long Bjarnadóttir

Belamörk 54, Hveragerði,

sem lést 21. ágúst síðastliðinn. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Áss. Guð verði með ykkur öllum.

Magnús Kr. Guðmundsson
Gyða Ó. Guðmundsdóttir
Bjarni R. Guðmundsson
Ragnheiður Guðmundsdóttir
Sveinn H. Guðmundsson
Hildur Rebekka Guðmundsdóttir
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

Guðrún Reynisdóttir
Kolbeinn Kristinsson
Brynja Sveinsdóttir
Lars D. Nielsen
Erna Þórðardóttir

FYRSTA SENDING UPPSELD!

Tryggðu þér eintak úr næstu sendingu - Tökum niður pantanir núna!

FYRSTUR
KEMUR FYRSTUR
FÆR!



ATH!
VERÐ
GETUR
LÆKKAD
ÁN FYRIR-
VARA



FYLGIR

Fylgir með PSP!



32 MB minniskort Demo diskur Hlífartaska Hæðslurafhláða Heyrnatöl

21.999

**** Þeir sem skrá vélna á www.yourpsp.com, fá sent fritt eintak af Spiderman 2 myndinni á UMD!



PSP KVIKMYNDIR PSP LEIKIR



PSP - VÆNTANLEGT!



Viltu PSP?

Aðalvinningur er PSP + 4 leikir

× Sendu SMS skeytið BTC BPS á númerið 1900!
× Svaraðu einni spurningu um PlayStation og þú gætir unnið! × 12. hver vinnr

PSP er meira en leikjatölva!!



Að færa almenningi aftur sitt eigið vald



STJÓRNARSKRÁ ÍSLANDS
Endurskoðuð

X. HLUTI

Valdið kemur frá fólkinu

Í sumum löndum þykir við hæfi að tiltaka sérstaklega í stjórnarskrá að allt vald komi frá fólkinu sjálfu. Er það til þess að minna kjósendur á hvað orðið lýðræði merkir? Er það til þess að áréttta við fulltrúana að fara vel með valdið sem kjósendur hafa framselt til þeirra? Er það til þess að minna á að ólíkt því sem eitt sinn var skapa mennirnir sjálfir skilyrði sín en ekki kóngurinn og guð?

Ekki er hægt að verjast þeirri hugsun að viðtekin forsjá og vani hafi vakið með okkur óöryggi og óþarfa ótta þegar kemur að spurningum um það hvort fjöldinn geti tekið ákvarðanir í mikilsverðum málum með þjóðaratkvæðagreiðslu. Teljum þetta að gera eins og vaninn býður, rétt eins og gullfiskur sem heldur áfram að synda í hringi eftir að honum er sleppt úr fiskabúri sínu.

Íslendingar eru lítil þjóð með fáa sérfræðinga sem í næði hafa fengið að túlka þingræðið og stjórnarskrána

í 60 ár. Kjósendur venjast því að lög- spekingar túlki lýðrættindin og leik- reglurnar. Allt frá stofnun lýðveldisins hafa lögfræðingar reyndar verið afar fjölmennur hópur á alþingi. Í þjóðar- vitundinni á þetta að vera svona og ef til vill er þetta ágætt fyrirkomulag. En af hverju vilja nágrannar okkar til- taka að valdið komi frá fólkinu? Og því ræða menn leiðir til þess að færa almenningi aftur sitt eigið vald með þjóðaratkvæðagreiðslum?

Samhljómur kjósenda og fulltrúa þeirra

Það var einkar athyglisvert að hlýða á Palle Svansson, stjórnmaláfræðiprófessor frá Árósum, fjalla um þjóðar- atkvæðagreiðslur í Danmörku. Þetta gerði hann á mál- þingi í Háskóla Íslands fyrir þremur vikum.



PALLE SVANSSON

Palle mælti fyrir auknum rétti kjósenda til þess að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslur og taldi það heilnæmt lýðræðinu á margan hátt. Hann sagði meðal annars: „Innleiðing þessa almennaréttar yrði liður í að lýðræðis- væða stjórnmalin. Stjórnmalaflokkar mundu leggja fram lagafrumvörp og afla þeim fylgis í þinginu en yfirvofandi væri að almenningur gæti farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta merkir að þingmenn yrðu að reyna að sjá fyrir niðurstöðu slíkrar þjóðaratkvæða- greiðslu. Af þessu mundi leiða meiri sam- hljómur milli kjósendanna og fulltrúa þeirra á löggjafarsamkomunni. Þetta yrði mönnum hvatning til þess að nálgast mál með nýjum hætti.“ Einhvern veginn læðist að sá grunur að í umræðunni um lýðræði hafi Íslendingar dregist aftur úr nágrönn- um sínum og frændum. Hefur þeim nokkuð verið haldið frá þeirri umræðu?

Jóhann Hauksón

Breytum kjördæma- skipan sem fyrst

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, á sæti í Stjórnarskráarnefnd. Hún leggur meðal annars áherslu á að gera landið að einu kjördæmi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir vísar fyrst orðum að lýðræði og þjóðar- atkvæðagreiðslum og segir að auknið svigrúm til að bera mál undir þjóð- ina megi skapa með tvennum hætti. „Annars vegar gæti tiltekinn hluti landsmanna krafist þjóðaratkvæða- greiðslu. Hins vegar gæti tiltekinn hluti þingmanna haft slíka heimild. Það þyrfti ekki að vera meirihluti þingmanna sem færi fram á slíkt og þannig gæti einnig þingmínihlut- inn skotið málum til þjóðarinnar. Svona ákvæði er til dæmis í dönsku stjórnarskránni. Mér er ekki kunnugt um að það hafi reynt á það en þetta getur verið öryggisventill fyrir minnihluta þings.

Þótt bæði þjóðin og þingmenn hennar fái rétt til að kalla eftir þjóð- aratkvæðagreiðslu þarf það ekki að koma í veg fyrir að forseti Íslands geti borið mál undir þjóðina og þannig verði haldið inni ákvæðinu um málskotsrétt forseta.

Sveitarstjórnir fara með tiltek- inn þátt af stjórnvaldinu og því má velta því fyrir sér hvort setja ætti sambærileg skilyrði fyrir almennri atkvæðagreiðslu á sveitarstjórnar- stigunni.“

Ingibjörg Sólrún telur nauðsyn- legt að stjórnarskráin heimili fram- sal á ríkisvaldi til alþjóðastofnana og samtaka. „Skynsamlegast er að gera það með ákvæðum um að slíkt skuli borið undir þjóðaratkvæði.

Þá vill hún skoða hvort takmarka eigi enn frekar en nú er möguleika ríkisstjórn til að setja bráðabirgða- lög. Þar sem þing sitji nú allt árið sé það útlátalítið að kalla það saman með litlum fyrirvara til þess að samþykka lög.

Af öðrum áherslumálum vil ég nefna hugmyndir Samfylkingarinnar sem snerta það hvernig tryggja megi sameign þjóðarinnar á nátt- úruauðindum. Ríkisstjórnin hefur gefið fyrirheit um þetta í stjórnar- sáttmála svo um málið ætti ekki að vera mikill ágreiningur.“

Brýnt að breyta kjördæmaskipan

Ingibjörg Sólrún telur mjög mikil- vægt að stíga það skref að gera landið að einu kjördæmi.

„Ef það nær ekki fram að ganga við endurskoðun stjórnarskrárinnar nú eru litlar líkur á að hægt verði að kjósa samkvæmt nýrri kjör- dæmaskipan fyrr en í fyrsta lagi 2015, eftir tíu ár. Ef þetta nær ekki fram fyrr en á næsta þingi er sem sagt ekki hægt að kjósa eftir þeirri reglu árið 2011 þar eð stjórnar- skrárbreytingar verða að hljóta samþykki tveggja þinga. Ég held að allir séu sammála um það að núver- andi kjördæmaskipan er meingölluð. Það er afleitt að festa hana í sessi næstu tíu árin.“

Ingibjörg Sólrún þykir stjórnar- skráin bera allt of mikinn keim af því að vera stjórnskipunarlæg en ekki grundvallarlög. Áherslan sé þar á stjórnskipan ríkisins en ekki þær grundvallarhugmyndir sem ís- lenska lýðveldið byggir á. „Til



dæmis er hvergi minnst á hugtakið lýðræði. Ég er þeirrar skoðunar að lýðræði eigi að vera grundvallar- hugtak í stjórnarskrá. Í raun á að setja stjórnarskrána þannig fram að hún byrji á því að greina frá því að valdið sé fólksins og að fólkið hafi tiltekin grundvallaréttindi. Síðan kæmu eðlilega ákvæði um stjórn- völd, alþingi, forseta, ríkisstjórn og dómstóla. Nú er þessu eiginlega öfugt farið. Mér finnst þetta ekki vera aðeins formsatriði heldur endurspeglar þetta hugmyndir okkar um uppruna valdsins og ein- staklingana sem grunneiningu ríkisins.“

Dómarar verða að vera hafnir yfir vafa

Ingibjörg vísar nokkrum orðum að ákvæðum um dómstólana. „Mér finnst það skjóta skökku við þegar skýrt er kveðið á um það hvernig forseti skuli valinn, hvernig kosnið skuli til þings og ríkisstjórn mynduð, að ekki sé orð um hæstarétt og val á dómurum. Ráðamönnum hafa verið mjög mislagðar hendur við val á dómurum en í mínum huga er það grundvallaratriði að tryggja víðtæka sátt um val á þeim sem fara með dómvaldið og að málefnaleg og fagleg sjónarmið ráði. Þetta verður að vera hafið yfir allan vafa. Leiðir að þessu marki geta hins vegar verið með ýmsu móti.

Loks vil ég huga að betri aðskilnaði framkvæmdavalds og löggjafar- valds. Í því sambandi vil ég nefna mikilvægi þess að styrkja stöðu rannsóknarnefnda á vegum þingsins. Annað sem ég vil nefna er að ég tel álitamál hvort þingfrófsheimildin eigi að vera í höndum ríkisstjórnar og hvort ekki sé eðlilegra að hún sé hjá þinginu. Mér finnst eðlilegt að þá og því aðeins sé hægt að rjúfa þing að meirihluti alþingis sam- þykki það.“

Stjórnarskráin ein tryggir ekki lýðræði

Það skiptir máli hvort við tölum um lýðræði sem stjórnarform, menningu eða lífsstíl, segir Jónína Bjartmarz, en hún á sæti í stjórnarskráarnefnd.

„Ég velti því fyrir mér út frá tiltek- inni þróun, sem ekki aðeins Ísland heldur fjöldi þjóða stendur frammi fyrir, að ýmislegt vinnur gegn lýð- ræðinu,“ segir Jónína. „Menn hafa séð það víða á Norðurlöndunum hve mjög hefur dregið úr kosningabátt- töku. Dregið hefur úr stjórn mála- áhuga og almennt séð má segja að traust almennings á stjórn mála- mönnum hafi minnkað. Við vitum einnig að félögum í stjórn mála- flokkum hefur fækkað. Ýmis merki eru þess að úr lýðræðinu dragi. Og því veltir maður fyrir sér hvaða leiðir séu færar til að efla það. Þjóðaratkvæðagreiðsla er aðeins einn liður í því.

Ég vil leita svara við spurning- um um það hvernig við getum eflt lýðræði og stjórnmalabátttöku. Ég er ekki að tala aðeins um lýðræði á landsvísu heldur einnig á sveitar- stjórnarstigunni.

Einstaklingarnir móti lífsskilyrðin

Í finnsku stjórnarskránni er fjallað sérstaklega um lýðræðið. Þar segir beinlínis að í því felist réttur ein- staklinga til að taka þátt í og hafa áhrif á þróun þjóðfélagsins og lífs- skilyrða. Þar er líka sagt að yfirvöld eigi að stuðla að möguleikum fyrir einstaklinginn til að taka þátt í félagsmálum og hafa áhrif á allar ákvarðanir sem verða hann.

Innan stjórnarskráarnefndarinnar er að vísu verið að fjalla um þjóð- aratkvæðagreiðslur. Einnig er fyrirhugað að fjalla um þjóðar- atkvæðagreiðslur á tveimur ráð- stefnum sem verða á næstunni.

Ég styð það að tekin verði upp þjóðaratkvæðagreiðsla hvort sem einhver hluti almennings eða hluti þingmanna fær heimild til þess að fara fram á slíkt. Það er útfærslu- atriði. Ég bendi á að það eitt og sér tryggir ekki lýðræði. Það þarf meira til. Til er ágæt skýrsla um lýðræði sem gefin var út í kjölfar vinnu nefndar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Starfi nefndarinnar stýrði Kristín Ástgeirsdóttir. Þar er fjallað um þetta og hvernig unnt sé að styrkja lýðræðið í sessi. Eitt af því sem þar er lögð áhersla á er að Norðurlandþjóðirnar leggi vinnu í það að setja sér ákveðna lýðræðisstefnu. Með því að gera það verði málið frekar tekið á dagskrá stjórnmalamannanna og umræðunni um lýðræði verði haldið lifandi.

Nefndin þarf að forgangsraða

Reynslan kennir okkur að ef við ætlum að ljúka endurskoðunarvin- nunni á skynsamlegan hátt verðum við að afmarka vinnuna. Ef allt er undir, eins og reyndin er, eru minni líkur á að niðurstaða fáiast. Þess vegna verður nefndin að leggja vinnu í að forgangsraða og taka það fram fyrir sem samstaða er um.

Segja má að marka með ákveðna sátt um nokkur atriði. Þar má nefna breytingar sem felast í að endurnýja texta stjórnarskrárinnar.



Þetta tengist ekki efnisbreytingum. Annað sem vænta má að sátt sé um er uppbygging stjórnarskrár- innar og efnisleg röðun ákvæðanna. Ég styð það til að mynda að í upp- hafskafra stjórnarskrárinnar verði tekin upp ákveðin lýsing á stjórns- kipulaginu. Þar verði fjallað um fullveldið, þingbundna stjórn og síðan grundvallarmannréttindi og lýð- ræði. Jafnvel ætti að tiltaka hvað í lýðræðinu felist rétt eins og gert er í finnsku stjórnarskránni.

Þessu næst finnst mér að komið sé að ákvæðum um þjóðaratkvæða- greiðslu. Sú umfjöllun sem fram undan er skerpur áreiðanlega línurnar um það efni. Við fáum fram mismunandi sjónarmið og sú umræða þarf og getur farið fram óháð 26. greininni um málskotsrétt forseta Íslands.

Við þurfum einnig að setja í stjórnarskrána skýrari ákvæði um dómstólana. Hæstaréttar er í engu getið og meðal annars þarf að ræða um skipan dómara.“

Jónína nefnir loks mannréttinda- ákvæði sem hún hefur áhuga á að breyta. „Sist er þörf á að breyta mannréttindakaflanum en hann var endurskoðaður fyrir tíu árum. En ég tel nauðsynlegt að skerpa á ákvæði um friðhelgi einkalífsins sem þarf að útfæra betur. Þetta snertir friðhelgi fjölskyldunnar og varðar meðal annars heimilis- ofbeldi. Kveða þarf á um að innan heimilisins eigi einstaklingarnir rétt á friðhelgi lífs og líkama. Nauð- synlegt er að taka af öll tvímæli um þetta,“ segir Jónína Bjartmarz.

Spurningum, ábendingum og hugmyndum um efni á stjórnarskrárisðu Fréttablaðsins er unnt að koma á framfæri í tölvupósti.

NETFANGIÐ ER:
stjornarskra@frettabladid.is



KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR Kristín var formaður nefndar á vegum norrænu ráð- herranefndarinnar sem fjallaði um leiðir til að virkja almenning til þátttöku í pólitískri ákvarðanatöku.

Atkvæði þjóðarinnar

Lögfræðingafélag Íslands gengst fyrir mál- þingi um þjóðaratkvæðagreiðslur á Hótel Sögu föstudaginn 16. september næst- komandi.

Á málþinginu mun Karl Axelsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, fjalla um gildandi ákvæði um þjóðaratkvæða- greiðslur. Karl var formaður sérfræðinga- nefndar sem skipuð var í fyrra til þess að fjalla um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt 26. grein stjórnarskrárinnar þegar við blasti að fjölmíðlafrumvarpið margrædda yrði borið beint undir þjóð- ina.

Nefndin sem Karl fór fyrir skilaði einróma álit en margir reyndust því ósammála. Þeirra á meðal var Óssur Skarphéðinsson, alþingismaður og nefndarmaður í stjórn- arskrárnefnd, sem taldi allt benda til þess að á önnur sjónarmið en sérfræðinga- nefndarinnar yrði hallað á fyrirhuguðu málþingi. Um þetta ritaði hann á vefsíðu sinni.

Í yfirlýsingu lögfræðingafélagsins vegna þessara skrífa er bent á að Karl fjalli á ráðstefnunni um gildandi rétt og niður- stöðu sérfræðinganevndarinnar. Auk þess flytur sérfræðingur frá Danmörku og annar frá Evrópuráðinu erindi á málþinginu. Báðir fjalla þeir um reynslu annarra Evrópuþjóða af þjóðaratkvæðagreiðslum. Auk heldur hefur Kristín Ástgeirsdóttir verið fengin til þess að að ræða um leiðir til þess að virkja almenning til þátttöku í pólitískri ákvörðunartöku. Kristín var formaður lýðræðisnefndar á vegum norrænu ráðherranefndarinnar sem skilað hefur skýrslu með ýmsum ábendingum. Einnig er gert ráð fyrir að fimm af níu full- trúum í stjórnarskráarnefndinni lýsi við- horfum sínum á málþinginu.

Lýðræði á Norðurlöndum

Demokrati i Norden er um 230 blaðsíðna skýrsla sem unnin var á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og gefin út árið 2004. Skýrsluna er að finna á vefsíðu ráð- herranefndarinnar, www.norden.org.

Lýðræðisstefna:

- setur lýðræðið á dagskrá stjórn mála- manna sem mikilvægna málaflokk með forgang,
- samræmir og samþættir lýðræðisstefnu ríkisstjórnanna í hverju landi,
- skýrir tengsl ólíkra pólitískra markmiða, milli þeirra og aðgerða, milli stefnumiða, aðgerða og árangurs, það er að segja hvernig ólík markmið sem sett eru geta styrkt hvert annað en einnig rekist á inn- byrðis, hvaða leiðir liggja að settu marki og hvernig meta megi árangur ýmissa að- gerða í ljósi pólitískra markmiða,
- sýnir fram á hvaða þörf sé fyrir fjármagn og mannafla til að hrinda stefnunni í fram- kvæmd og hvernig beri að velja meðvitað í ljósi markmiða lýðræðisstefunnar,
- gefur kost á því að fylgjast með og gefa greinargerð til þingheims um þróun og hlutverk lýðræðisins,
- er liður í því að halda lifandi umræðu um hvernig styrkja megi lýðræðið.



JÓHANNA GÍSLADÓTTIR YNGVASON „Þegar ég var átján ára í háskóla byrjaði einhver að kalla mig „taíslandic“ því að Thai og Icelandic passa svo vel saman. Ég var oft kölluð taíslandic og þetta festist við mig. „Þarna er taísland-ic stelpa,“ sagði fólk. Þetta var mjög myndið, mér fannst það skemmtilegt. En nú er ég ekki lengur sú eina, því það er fullt af „taíslanders“ hérna á Íslandi,“ segir Jóhanna og hlær.

Taíslandic

Jóhanna Gísladóttir Yngvason ólst upp í Bandaríkjunum en faðir hennar var íslenskur sjómaður og móðir hennar er taíslensk. Jóhanna kom til Íslands „til þess að læra að vera íslensk“ fyrir fjórum árum og í framhaldi af því ákvað hún að gera doktorsverkefni sitt í mannfræði um samfélag Taíslendinga á Íslandi. **Rósa Signý Gísladóttir** ræddi við Jóhönnu, sem var hér í sumar til að undirbúa verkefnið.

„Pabbi var í vist í Seattle og fór mikið til Alaska með bandarískum skipum. Hann fórst á sjónum einum mánuði áður en ég fæddist, svo ég kynntist honum aldrei. Það var auðvitað mjög erfitt fyrir mömmu, ég hugsa að hún hafi aldrei náð sér,“ segir Jóhanna, en móðir hennar fór frá Taílandi til Bandaríkjanna um tvisugt til náms og hitti föður hennar, Gísla Yngvason, í Seattle.

Lærði íslensku tvisugt

Jóhanna kynntist íslenskum rótum sínum ekki að ráði fyrr en fyrir fjórum árum þegar hún dvaldi hér í ár hjá föðursystur sinni, þá um tvisugt. Áður en hún komi kunni hún enga íslensku og kraftaverki líkast hvað hún hefur náð góðum tókum á föðurmálinu. „Ég átti auðveldara með að læra íslensku því ég bjó hjá fjölskyldunni. Á hverju kvöldi yfir matarborðinu komum við öll saman og töluðum um daginn og veginn. Þau hættu alveg að tala við mig ensku svo ég lærði íslenskuna, svo ég gef þeim heiðurinn af því að kenna mér íslensku,“ segir Jóhanna. Hún var þó einnig í íslensku fyrir útlendinga í Háskólanum í tvær annir. „Ég tók kúrsa í íslensku, sögu Íslands og þjóðfræði á ensku sem voru mjög góðir því þeir kenndu mér grundvallaratriðin um Ísland sem ég hafði aldrei lært,“ segir Jóhanna.

Afdrifarík ferð í Kolaportíð

Dag einn fyrir fjórum árum fór Jóhanna í Kolaportíð þar sem hún varð fyrst yfir við samfélag Taíslendinga á Íslandi. „Ég var með ömmu og ég talaði enga íslensku, varla taíslensku því mamma talar oftast við mig á ensku. Allt í einu sá ég Taíslendinga að selja hluti á markaðnum og ég heyrði þá tala

taíslensku. Ég hugsaði með mér; hvað eru þau að gera hérna?! Ég var virkilega forvitin. Mér fannst alltaf svo gaman að vera hálf taíslensk og hálf íslensk og hélt að það væri enginn eins og ég. Svo kom ég hingað og áttaði mig á því að ég var ekki það sérstök!“ Jóhanna fylgdist með samfélaginu utan frá en tungumálaöruggleikar gerðu henni erfitt fyrir. „Svo fór ég aftur til Bandaríkjanna en gat ekki gleymt Taíslendingunum á Íslandi. Þetta er brjálaði, þetta er bara of skrítíð, hugsaði ég með mér. Ef ég væri Taíslendingur myndi ég ekki flytja til Íslands! Það er fallett í Taílandi, það er heitt, það er grænt og ekki svona kalt. Ég var svo forvitin að vita hvað væri í gangi en ég gat ekki spurt því ég var ekki með tungumálið,“ segir Jóhanna.

Það var svo fyrir algjöra tilviljun að hún fór í mannfræðináms og ákvað að gera samfélag Taíslendinga á Íslandi að viðfangsefni sínu, fjórum árum síðar. Hún rakst á bók um Ísland eftir bandarískan mannfræðing í Bóksölu stúdenta og sá að prófessorinn hafði einnig fjallað um Taíland. Hún sendi honum tölvupóst og hann sannfærði hana um að læra mannfræði hjá honum og fjalla um samfélag Taíslendinga á Íslandi í doktorsritgerðinni.

Stórt og fjölbreytt samfélag Taíslendinga á Íslandi

Nú er hún búin að vera í rúmlega mánuði á Íslandi að afla upplýsinga og taka viðtöl við Íslendinga af taíslensku bergi brotnu. Hún segir að þeir séu um sjö til átta hundruð talsins, en opinberar tölur eru eitthvað lægri. „Fólk heldur að Taíslendingarnir hafi sama bakgrunn, að þeir séu allir hérna af sömu ástæðum, fólk lítur á þá

sem eina heild. En þegar maður fer að skoða samfélagið betur kemur í ljós að það er mjög mikil fjölbreytni innan þess, fólk kemur frá mismunandi svæðum og er hér af ýmsum ástæðum,“ segir Jóhanna. Hún segir frá myndun atviki sem upp kom þegar hún var að kenna ensku í Málaskólanum Mími. „Einn nemandinn, fullorðinn maður, spurði mig beint út hvort ég hefði komið hingað til að gifta mig. Ég vildi ekki bregðast illa við, því kannski komu einhverjir til Íslands til að giftast íslenskum mönnum en það er þeirra val. Hvað er að því?“

Hún hefur sérhæft sig nokkuð í fólksflutningum í mannfræðináminu og bendir á að sömu lögmál gildi um fólksflutninga um allan heim. „Það á almennt við um fólksflutninga að fólk vill breyta lífi sínu þegar það flytur. Það er ekki ánægð með líf sitt. Það er það sem foreldrar mínir gerðu. Veidarnar gengu ekki vel á Íslandi, mamma vildi fá menntun í Bandaríkjunum.“

Jóhanna segir að þegar hún kom til landsins 2001 hafi henni fundist eins og Íslendingum líkaði ekki vel við útlendinga. „Ég hélt að allir Íslendingar væru eins, alveg eins og margir Íslendingar halda að fólk frá Asíu sé eins. Eftir að hafa verið hérna meira sé ég að það er ekki hægt að alhæfa um Íslendinga heldur. Þetta er lítið land. Sumir fara virkilega illa með fólk ættað frá Asíu sem býr hérna en aðrir taka því opnum örmum og eru mjög vingjarnlegir. Fólk verður að gera sér grein fyrir því að allir hafa ákveðið val. Nýbúar hafa ýmis úrræði en það er mitt markmið núna að finna út hvers vegna þeir nota þau ekki alltaf. Fyrsta kynslóð innflytjenda hérna, til dæmis, talaði ensku og gat þess vegna lært íslensku í Námsflokkunum eða í Háskólanum því námið var kennt á ensku. En sumir sem hafa komið síðustu ár kunna ekki nógu mikla ensku og eru þess vegna feimnir við að læra íslensku. Þeim finnst það vandræðalegt því þá kemst upp að þeir kunna ekki ensku heldur. Og þá þurfa þeir að læra ensku fyrst áður en þeir geta lært íslensku. Svona litlir hlutir skipta máli,“ segir Jóhanna.

Hún segir að langflestum sem hún hafi náð tali af líki vel að vera

hérna. „Þeir sakna ýmissa hluta að heiman, en þeim finnst þeir vera öruggir hérna. Svo má ekki gleyma því að mikið af innflytjendum eru konur og konur í Taílandi hafa ekki sömu stöðu þar og hér. Margir eiga hér til dæmis eigin veitingastaði eða fyrirtæki, sem væri ekki mögulegt fyrir þá í Taílandi. Svo nú sé ég fleiri jákvæðar hliðar á stöðu fólks af taíslenskum ættum hér.“

Bandaríkin klunnalegur risi

„Þangað til ég var sautján ára var mér eiginlega alveg sama um hvaðan ég kom, ég var bara bandarísk stelpa. Ég eyddi einu sumri í Taílandi og þá vaknaði ég til meðvitundar um þetta. Þetta er þá landið sem mamma mín er frá, hugsaði ég með mér. Þetta er hálf fortíð mín, helmingurinn af forfedrum mínum er héðan! Allt í einu áttaði ég mig á þessu og skildi að ég yrði að fara til Íslands til að finna þetta samband við þær rætur,“ segir Jóhanna.

Hún segir að Bandaríkin eigi sennilega stærstan hluta í henni vegna þess að hún ólst upp þar. „Ég er mjög sjálfstæð og þrjós, einkabarn, og það kemur frá bandarísku menningunni. Taíland hefur örugglega haft næstmest áhrif á mig. Ég ber mikla virðingu fyrir kennurum mínum og langar að verða kennari út af því, og ég virði eldra fólk meira en aðrir. Þetta er nokkuð sem er mjög sterkt í taíslensku menningu. En ég þurfti eiginlega að læra að vera íslensk. Þegar ég kom fyrst talaði ég svo hratt og ég hegðaði mér mjög mikið eins og bandarískur háskólanemi. Svo lærði ég að hægja aðeins á mér og vera rólegri, eins og Íslendingar eru að mínu mati. Og þegar ég bjó hérna í ár fór ég að skilja hvað þetta er lítið land og hvað Bandaríkin eru rosalega stór, eins og risi í raun og veru. Klunnalegur risi sem er alveg sama þótt hann rekist utan í aðra. Ég fór að hugsa meira eins og Íslendingur,“ segir Jóhanna.

Hún sér þó líka gallana við Ísland. „Ísland er kannski ekki með her og þetta er mjög friðsæl þjóð en ef einhver segir eitthvað sem er ekki vingjarnlegt við einhvern úti á götu er það alveg jafn sársaukafullt og í stríði. Ég vona að þjóðerni myndi ekki einhvers konar gjá hér, eins og gerst hefur

í Þýskalandi og í Frakklandi, bara af því að nokkrir Norðmenn sem eiga að vera eitthvað betri komu hingað fyrir þúsund árum. Þeir voru jú innflytjendur líka,“ segir Jóhanna Gísladóttir Yngvason.

Verkefnið brúar menningarheimana

„Af því að ég bjó í Bandaríkjunum en er ættuð frá tveimur ólíkum menningarsvæðum finnst mér stundum eins og ég sé í þremur hlutum. Rannsóknin fyllir upp í einhvers konar gat, brúar menningarheimana. Þetta var sérstaklega erfitt af því að ég þekkti aldrei föður minn. En þetta er svo sem ekki einhver rosalega gjá. Ég held að þjóðerni eigi ekki að vera það mikilvægt að það skilgreini hver þú ert. Það er bara skilgreining sem menn hafa búið til, maður fæðist ekki með þjóðerni. Svo það veltur mikið á því hversu viljugur maður er að vera bara manneskja en ekki hálf þetta og hálf hitt. Hvar dregur maður línuna og ákveður þjóðerni? Þess vegna er ég að læra mannfræði, því maður skoðar mannkynið sem eina tegund. Mannkynið um allan heim á svo margt sameiginlegt og þess vegna finnst mér mannfræði spennandi,“ segir hún.

Jóhanna kemur aftur til landsins að ári liðnu og verður þá í eitt eða tvö ár til að klára doktorsritgerðina. Þá gefst henni einnig taíslenskum ættingjum sínum. „Ég á fleiri ættingja en ég get talið hérna á Íslandi. Veturinn 2001-2 var ég hér um jólin og hitti alla fjölskylduna hjá ömmu, en ég kom hérna einu sinni þegar ég var þriggja og svo ellefu ára þegar ég var þriggja og svo ellefu ára þegar afi minn dó. Þá kom ég með bandarískum stjúpföður mínum, hann er líka náinn fjölskyldunni. Fjölskyldan virti hann fyrir að ala mig upp og ég man að það áttu að vera sex bræður að bera kistu afa úr dómkirkjunni og þeir spurðu stjúpföður minn hvort hann vildi bera kistuna í stað pabba, sem var mjög fallett af þeim. Svo ég man að ég hugsaði ellefu ára; fjölskyldan mín á Íslandi er virkilega skemmtileg. En mér fannst þetta ennþá vera skrítíð land og ég þekkti ekki tungumálið,“ segir Jóhanna. Nú getur hún vel hugsað sér að búa á Íslandi í framtíðinni og hlakkar til að koma aftur. ■

Mahnaz Afkhami er írönsk en hefur verið útlæg úr heimalandi sínu frá því klerkabyltingin var gerð í Íran 1979. *Sigríður Dögg Auðunsdóttir* ræddi við hana um baráttuna fyrir auknum réttindum kvenna í Íran, Írak og öðrum múslimaríkjum.



Íslam er ekki meiðandi fyrir konur

Íranska kvenréttindakonan Mahnaz Afkhami hefur verið í útlæg í Bandaríkjunum í 26 ár. Hún var formaður kvennasamtakanna í Íran á áttunda áratugnum og ráðherra jafnréttismála í ríkisstjórn Íran á árunum 1976 til 1979, allt þar til klerkabyltingin var gerð.

Kvennasamtökin í Íran áttu meðal annars frumkvæði að kvennasáttmálanum sem samþykktur var á heimsráðstefnu kvenna í Mexíkóborg á kvennarárinu 1975. Á ráðstefnunni var meðal annars samþykkt að stofna alþjóðlega rannsóknarmiðstöð kvenna sem skyldi hafa höfuðstöðvar sínar í Íran. Fjórum árum síðar var Mahnaz Afkhami stödd í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til að leggja lokahönd á undirbúning fyrir stofnun rannsóknarmiðstöðvarinnar. „Það tók lengri tíma en ætlað var, sex vikur í stað tveggja,“ segir Afkhami. „Þegar því var loks lokið var klerkabyltingin í Íran vel á veg komin og ég gat ekki snúið aftur,“ segir hún.

Miklar lagabreytingar

„Ótrúlegar framfarir höfðu átt

sér stað í málefnum kvenna í Íran á áratugnum fyrir klerkabyltinguna. Okkur hafði tekist að virkja konur í grasrótinni um allt land og komum upp 400 útibúum á víð og dreif um landið,“ segir Afkhami.

„Okkur tókst að koma á laga-breytingum, sérstaklega hvað varðar fjölskylduna. Konur fengu rétt til jafns við karlmenn til að sækja um skilnað og okkur tókst nánast algjörlega að út-

” Sumir telja að allar þær framfarir í jafnréttismálum sem átt höfðu sér stað í Íran, auk þess að konur voru mjög sýnilegar í samfélaginu og gegndu áberandi stöðum, hafi verið hluti af ástæðunni fyrir klerkabyltingunni í Íran 1979.

rýma fjölkvæni. Konur fengu lagalega umsjón með börnum sínum og rétt á að vinna án þess að þurfa að fá leyfi frá neinum.

Öll þessi réttindi voru á þessum tíma, og jafnvel enn í dag, ekki sjálfsgöð í múslimaríkjum,“ bendir hún á.

Afkhami segir að konum í Íran hafi tekist að ná fram breytingum á lögum sem gerðu konum kleift að ráða sig í stjórnunarstöður. „Við höfðum á þessum tíma til dæmis sjö mánaða fæðingarorlof, sem er kannski ekki mikið ef miðað er við Norðurlöndin í dag,“ segir hún og hlær. „En miðað við hluta af Bandaríkjunum þar sem ekkert fæðingarorlof tókast og mörg önnur lönd, svo ekki sé miðað við aðstæður í heiminum fyrir þrjátíu árum, var þetta mjög framþróað,“ segir hún.

Auk sjö mánaða fæðingarorlofs höfðu konur í Íran rétt á sveigjanlegum vinnutíma allt að þremur árum eftir barnsburð. Konur gátu unnið hálfan daginn í þrjú ár en samt sem áður haldið fullum launum. Þá buðu vinnustaðir upp á barnagæslu á staðnum.

Bakslag í jafnréttisbaráttunni

„Það varð eins konar bakslag í jafnréttismálum og þátttaka kvenna í samfélaginu virtist allt í einu ógna þeirri menningu og þeim hefðum sem áður voru ríkjandi og hafa verið við lýði frá því að byltingin var gerð,“ segir Afkhami.

„Tími minn í ríkisstjórn var því mjög gefandi. Sumt af því sem ég er að gera núna á alþjóðavettvangi er byggt á reynslu minni frá Íran. Það hafði hins vegar þær afleiðingar að ég hef þurft að vera fjarri heimalandi mínu í öll þessi ár. Það er enn hættulegt fyrir mig að snúa aftur því það er litíð á mig sem tákngerving alls þess sem samfélaginu finnst erfitt að samþykkja. Það sem þykir hvað erfiðast að samþykkja er jafnrétti kvenna og karla því núverandi bókstafstrúarfyrirkomulag byggist á þeim grunnskilningi að hlutverk kvenna og karla séu ólík og stjórnist af Guði og náttúrunni. Hlutverk kvenna er að sjá um fjölskylduna og styðja við bakið á körlum. Þátttaka kvenna í stjórn-málum, hagkerfinu og svo framvegis, verður því að vera til þess gerð að styðja karlana, ekki til að standa þeim jafnfætis,“ segir hún. „Staðan er orðin mjög flókin. Í

rauninni er þetta borgaralegt samfélag sem er mjög háþróað eftir hundrað ára baráttu fyrir réttindum kvenna og aukinni þátttöku almennings í samfélaginu og auknum tengslum við umheiminn. Allt fram að byltingunni stunduðu 60 þúsund íranskir stúdentar nám í Bandaríkjunum einum saman. Og upp á þetta samfélag voru þvingaðir mjög fornescjulegir stjórnarhættir og ríkisstjórn sem stendur fyrir einhver sjálfgefin trúarleg lög. Það er því mikill ágreiningur og spennan milli þessa borgaralega samfélags og þeirra sem stjórnar,“ segir hún.

„Það er ekki síst unga fólkið sem er andsnúið þessum stjórnarháttum en alls eru 70 prósent þjóðarinnar undir þrítugu. Það hefur skapað mikla óánægju meðal þess fólks að ríkisstjórnin sé að skipta sér af því hvernig það klæðir sig, hvaða tónlist það hlustar á, hvaða kvikmyndir það má horfa á og hvernig það kemur fram við hvert annað. Ríkisstjórnin skiptir sér af því hvort ungt par helst í hendur á götum úti eða jafnvel situr hlið við hlið og unga fólkið er að fá sig fullsatt af afskiptaseminni,“ segir Afkhami.

„Svo ekki sé minnst á þá staðreynd að sjálfsmorðstíðni í Íran, sérstaklega meðal kvenna, er sú hæsta í heiminum. Það er hvergi í heiminum meira um flótta ungs menntaðs fólks úr landinu. Eiturlyfjavandinn er gífurlegur og sömuleiðis vændi. Það er því mikil óhamingja í hinu íranska samfélagi, því miður,“ segir hún.

Breytingar munu verða

Afkhami segir að þrátt fyrir að konur séu ekki lengur áberandi í þjóðfélaginu sé mikið að gerast á bak við tjöldin. Hundrað ára baráttu fyrir auknu lýðræði og jafnrétti, sem náði hámarki í byltingunni þegar konur flyktust út á göturnar, skilji eftir sig ákveðna vitund í huga kvenna sem ekki sé hægt að berja niður. „Ég er sannfærð um það að þegar breytingin verður verða konur í fararbroddi þeirra sem vilja koma henni á,“ segir hún.

Aðspurð segir hún að það sé ekki spurning um hvort breytingar verði gerðar heldur hvenær. „Í mínum huga er það aðeins spurn-

ing um hvenær vegna þess að ríkisstjórnin sem nú er við völd er ekki í tengslum við söguna. Hvergi í heiminum á 21. öldinni er hægt að hafa ríkisstjórn sem stjórnar samkvæmt fyrirframingnum reglum frá Guði, en aðeins fáeinir geta heyrt og túlkað. Það er í mótsögn við söguna og í andstæðu við nútímann svo að það mun breytast. Því miður er þó erfitt að spá fyrir um hvernig og hvenær,“ segir hún.

Vilja aðskilnað trúar og ríkis

Afkhami segir að engin trúarbrögð feli í sér sjálfgefna mismunun gagnvart konum. Hún sé tilkomin vegna túlkunar á trúarlegum textum. „Ekkert í íslamskri trú er á nokkurn hátt meiðandi fyrir konur. Á sama hátt og í hverjum öðrum texta sem er upprunninn fyrir mörgum öldum er

” Allt fram að byltingunni stunduðu 60 þúsund íranskir stúdentar nám í Bandaríkjunum einum saman. Og upp á þetta samfélag voru þvingaðir mjög fornescjulegir stjórnarhættir og ríkisstjórn sem stendur fyrir einhver sjálfgefin trúarleg lög. Það er því mikill ágreiningur og spennan milli þessa borgaralega samfélags og þeirra sem stjórnar.

að sjálfsgöðu hægt að finna kafla í Kóraninum sem hægt er að túlka á þann hátt að mannréttindi eða jafnrétti sé þar ekki haft í hávegum. Þar eru einnig hundruð kafla þar sem mannréttindi og jafnrétti eru höfð að leiðarljósi. Það er því spurning um hvernig hver og einn nálgast þennan texta og túlkar hann,“ segir hún.

Afkhami bendir á að konur séu að berjast fyrir rétti sínum til þess að túlka orð Kóransins og fyrir því að fá að velja hvernig þær nálgast textann í stað þess að hann sé túlkaður fyrir þær. „Þær krefjast þess einnig að trúin sé aðskilin ríkinu vegna þess að fjöldi annarra trúarbragða en Íslam er við lýði í Íran, svo sem kristni,

Vatnsleikfimi

Úthalds- og styrktarþjálfun sértaklega hugsuð til að bæta líðan í hálsi, herðum og baki. Liðkandi æfingar og teygjur í hverjum tíma.

Kennslan fer fram í nýrri og bjartri sundlaug við Laugarás, kl. 16.20 og 17.10 miðvikudaga og föstudaga

Kennarar: Harpa Helgadóttir sjúkraþjálfari BSc. MTC, MHSc. Sérhæfing í meðferð á hrygg og útlimaliðum og Ólöf I Óladóttir, sjúkraþjálfari, BSc

Skráning fer fram í síma 897-2896
Vefsíða: www.bakleikfimi.is • Netfang: harpahe@hi.is





Sarabústratrú og gyðingtrú," segir hún.

Sama að gerast í Írak

Mikil umræða hefur verið um það í heiminum hvaða áhrif ný stjórnarskrá í Írak geti haft á stöðu kvenna þar í landi. Afkhami segist óttast að hin nýja stjórnarskrá geti haft svipaðar afleiðingar á réttindi kvenna í Írak og klerkabylltingin hafði í Íran. „Ef íslam verður grundvöllur laganna er mikil hætt á að þau verði túlkuð á þann veg sem skaðar hagsmuni kvenna vegna þess að þeir sem vilja tryggja það að þetta verði sett inn í stjórnarskrána eru hinir sömu og túlka íslam ekki í anda jafnréttis. Vegna þess að það er vel hægt að finna jafnréttissjónarmiðunum sem felast í íslam stað í stjórnarskránni án þess að minnst sérstaklega á íslam," segir hún.

„Stjórnarskráin gæti því haft mjög neikvæðar afleiðingar fyrir konur í Írak. Írakar eru þegar undir gífurlegum áhrifum frá Írönum. Stór hluti þeirra sem halda um stjórnartaumana hefur dvalist í lengri eða skemmri tíma í Íran og þeir sem ekki hafa dvalist þar eiga sterk tengsl við Íran," segir Afkhami.

„Herseta Bandaríkjamanna er

heldur ekki til góðs hvað þetta varðar. Það er alltaf hætt á því að hersetin þjóð bregðist við með því að grípa til öfga sem eru í algjörrri andstöðu við viðhorf þeirrar þjóðar sem ræður hernum," segir hún.

Stuðningur mikilvægur

En hvað geta konur í hinum vest-ræna heimi gert til að hjálpa kynsysturum sínum í Íran og Írak í baráttu þeirra fyrir bættri stöðu kvenna? „Andlegur stuðningur er það mikilvægasta," segir Afkhami. „Aukinn aðgangur að upplýsingum er líka afar mikilvægur og er internetið þar öflugt tæki," segir hún. Afkhami bendir á að fyrir tilstuðlan netsins hafi samtökin sem hún er í forsvari fyrir, Women's Learning Partnership, komið á tölvusamskiptum milli kvenna í átján múslimaríkjum og boðið upp á ýmiss konar námskeið sem hafi skilað aukinni þekkingu til kvenna. Námskeiðin búa konur meðal annars undir þátttöku í störfum á opinberum vettvangi, svo sem það hvernig undirbúa eigi framboð til pólitískra embættis, hvort sem er á vegum ríkis eða bæja.

Þá séu samræðurnar sem eigi sér stað í gegnum netið afar mikilvægar og tengslin sem hafi verið mynduð. „Þegar eitt íslamskt ríki

Nú ára stúlkur dæmdar eins og fullorðnir

Því miður hefur bakslagið í jafnréttisbaráttunni og breytingarnar sem gerðar hafa verið haft mjög neikvæðar afleiðingar fyrir konur í heimalandi mínu," segir Afkhami.

Hún hefur verið í útleð í 26 ár. Á þeim tíma er búið að ógilda nær öll þau lög sem kvinnahreyfingunni á áttunda áratugnum tókst að fá samþykkt. Karlmennt hafa nú einir lagaleg yfirráð yfir börnum sínum og jafnvel þótt kona missi eiginmann sinn fær karlkyns ættingi yfirráð yfir börnum hennar. Karlmenntum einum er nú tryggður lagalegur réttur til að sækja um skilnað. Afkhami nefnir enn fleiri dæmi þar sem réttindi kvenna samkvæmt lögum eru síðri en karla: „Konur mega ekki vera dómarmark og lágmarksgiftingaraldur kvenna er nú ár. Reyndar var hann hækkaður upp í þrettán ár í sumum tilfellum, en almennt má gifta stúlkur frá níu ára aldri," segir hún. Nú ára aldursmarkið á við fleira en giftingar því þegar stúlkur eru níu ára gilda um þær sömu lög og fullorðna. Ef níu ára stúlka kemst í kast við lögin er hún dæmd samkvæmt almennum hegningarlögum og þarf að fara í fangelsi fyrir fullorðna.

þyr við lög sem níðast á réttindum kvenna en eru skýrð með því að þau séu byggð á íslömskum gildum geta konur bent á annað ríki þar sem jafnrétti er í hávegum haft í lögum sem jafnframt eru byggð á íslömskum gildum. Þær geta gert

„Við viljum ekki að konur taki völdin þannig að í stað buxna hafirðu pils. Það sem við viljum er hugarfarsbreyting bæði hjá körlum og konum.

samanburð á túlkun laganna milli ríkja og þrýst á um breytingar þar um í sínu landi," segir hún.

Afkhami nefnir dæmi frá Marokkó þar sem konur hafa barist í fjölda ára fyrir breytingum á lögum er varða fjölskylduna og hafa nýverið fengist samþykkt. „Nú eru Jórdanir og Malasíubúar að vísa í breytingarnar sem gerðar hafa verið í Marokkó," bendir hún á.

Samstaða kvenna

Afkhami hefur áður sagt að hennar mati sé ekki nóg að stefna að því að réttur kynjanna verði hinn sami heldur verði að breyta því hvernig við horfum á heiminn.

„Við viljum ekki leiðtoga, þrátt fyrir að það sé mikilvægt að konur séu í að minnsta kosti þriðjungi allra áhrifastaða, það er ekki nóg í sjálfu sér. Við viljum viðhorfsbreytingu. Við viljum skilgreina valdið upp á nýtt og innleiða nýja stjórnunarhætti. Við viljum gefa fólki úr öllum kimum samfélagsins færi á að taka þátt í ákvarðanatökunni upp að því marki sem hægt er. Við viljum samfélag sem tilheyrir öllum og virðir náttúruna og einstaklinginn," segir hún.

„Við viljum ekki að konur taki völdin þannig að í stað buxna hafirðu pils," segir hún og hlær. „Það sem við viljum er hugarfarsbreyting bæði hjá körlum og konum."

Spurð hvort hún sé bjartsýn á að það takist að sannfæra karlmenn á nauðsyn þessara breytinga segir hún: „Ég held að við þurfum einfaldlega að koma þessum skilaboðum áleiðis á þann hátt að allir skilji. Við viljum ekki skipta út einum hópi stjórnenda fyrir annan hóp, skipta út körlum fyrir konur og að konur ríki yfir körlum. Við viljum að allir taki þátt og hafi val svo heimurinn verði betri staður fyrir alla – líka karla. Og við þurfum sannarlega aðstoð karla til að koma því til leiðar."

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



THE AMAZING RACE

Kapplaupið mikla hefst þriðjudaginn kl. 20:30





Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 6.19 13.27 20.33
 AKUREYRI 5.58 13.11 20.22
 Heimild: Almanak Háskólans

atvinna .is

SAMSKIP Góð aðstaða fyrir starfsfólkið í nýju húsnæði fyrirtækisins BLS. 2

DAGMÓÐIR Maria Helena Sarabia lætur börnin dansa salsa BLS. 8

allt - atvinna

FRÉTTABLAÐIÐ

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

Góðan dag!

Í dag er sunnudagur 4. september, 247. dagur ársins 2005.

STÖRF Í BOÐI

Lögfræðingur

Bókari

Verkefnastjóri

Bífvélavirki

Leikskólakennarar

Hlutastörf

Sölumenn

Hjúkrunarfræðingar

Framleiðslustjóri

Tæknifræðingur

Ráðgjafar

Hugbúnaðarfolk

Sölustjóri

Vélvirkjar

Þjónustu- & kennslustjóri

Kennarar

Aðstoð í eldhúsi

Trésmiðir

Framreiðslumenn

Smurbrauðsjómfrú

Uppvaskarar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á VISIR.IS

visir



Sigríður og Hrafnkell í einum af mörgum gulrófnagörðum sínum.

Kvarta ekki undan aðgerðarleysi

Íslenskar gulrófur eru ómótstæðilegar á þessum árstíma. Meðal þeirra sem rækta þær í stórum stíl eru Hrafnkell Karlsson og Sigríður Gestsdóttir sem búa að Hrauni í Ölfusi.

Hrafnkell og Sigríður hafa ræktað rófur í um það bil þrjátíu ár. Þau eru með tvær jarðir undir akrana, fyrir utan sinn part í Hrauni. „Þessi ræktun þarf mikið pláss því við getum ekki sáð nema tvö til þrjú ár í sama landið,“ segir Hrafnkell og útskýrir hvers vegna. „Fyrst og fremst er það vegna arfars, sem er svo skyldur rófunni að það fást engin lyf til að stíja þeim í sundur. Svo er minni spretta í notuðu landi en við getum tekið gömlu garðana í notkun aftur að tíu árum liðnum.“ Hrafnkell kveðst sá í 5-6 hektara á ári og hafa tæknivætt vinnsluna, einkum til að auka framleiðsluna og mæta þannig lækkanði verði. Hann segir ársframleiðsluna rokka á milli 150-250 tonna eftir árferði. Fyrsta uppskera sumarsins er

tekin upp með höndunum og garðarnir grisjaðir en nú hafa upptökuvélar verið teknar í gagnid til að afgreiða vikulegar pantanir. Hrafnkell segir gott að fá frost á rófur áður en aðalupptakan hefjist því þá byrji þær að undirbúa vetrardvalann og geymist betur. En hvernig skyldi uppskeran vera? „Enn er hún í slöku meðallagi,“ segir hann og bætir við: „Vorið var kalt og þurr og ef haustið verður gott bjargast þetta.“ Hann segir engan geta lifað á því eingöngu að rækta rófur en margir hafi það sem hliðarbúgrein. Kaupendur séu fáir og þeir handstýri verðinu auk þess sem tollfrjáls og magnfrjáls innflutningur sé á þessari einu tegund garðávaxta.

Hrafnkell og Sigríður fást við fleira en rófnaræktina. Eitt af því er sölvatekja og þar segjast þau ekki anna eftirspurn. Sigríður sér um sölumál og bókhald búsins auk þess að fást við leirlist og Hrafn er með hross og vinnur af og til utan búsins. Greinilega nóg að sýsla. „Já, við höfum aldrei þurft að kvarta undan aðgerðarleysi,“ segja þau hress.

gun@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

[ATVINNA]

Leiðrétta þarf laun í umönnun- arstörfum. Þetta staðfestir Gallup-könnun sem unnin var meðal félagsmanna Eflingar, Hlífar og VSK en hún leiddi í ljós að mikill munur er á því hversu sátt fólk er við laun sín. Á heimasíðu Eflingar kemur fram að 73 prósent þeirra sem starfa við umönnun eru frekar eða mjög ósátt við laun sín.

Starfsmenn byggingavinnustaða í Noregi eru nú skyldaðir til að bera sýnileg skilríki. Þetta kemur fram á heimasíðu Samiðnar en norska Stórþingið hrinti þessum nýju lögum af stað meðal annars með það fyrir augum að stemma stigu við ólöglegum innflytjendum. Skilríkin verða með ljósmynd og tölvurönd sem auðveldar yfirvöldum að fylgast með starfsmönnum hvers vinnustaðar.

Fótboltafélagið Manchester United hefur sagt upp tuttugu

og fimm starfsmönnum eftir alhliða endurskipulagningu á félaginu. Þetta eru um fimm prósent allra þeirra sem áður störfuðu hjá félaginu og koma uppsagnirnar til vegna yfirtöku viðskiptajöfursins Malcolms Glazer á því.



Vinnuafli skortir á félagssvæði stéttarfélagins Samstöðu, eftir því sem fram kemur á heimasíðu félagsins. Sérstaklega vantar fólk á Blönduósi, þar sem mörg störf eru í boði. Einkum eru það störf við veitingasölu, verslun og þjónustu auk umönnunarstarfa og ræstinga, svo eitthvað sé nefnt. Ástæður þessa eru þensluáhrif sem ná hámarki næsta sumar.

atvinna@frettabladid.is

Sölustjóri

TrackWell leitar aðila í stöðu sölustjóra



Viðkomandi verður að vera áráðinn, jákvæður, með frumkvæði og búa yfir góðum hæfileikum í mannlegum samskiptum.

Viðskipta-, markaðs- eða tæknimenntun er nauðsynleg. Reynsla af sölumálum er nauðsynleg.

Starfið felst í sölu- og markaðsmálum á forðastjórnunarsvörum TrackWell - Timon, TracScape og SeaData.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Ingi Björnsson, framkvæmdarstjóri TrackWell. Vinsamlegast sendið umsókn og ferilsskrá á job@trackwell.com fyrir 9. september næstkomandi.

TrackWell er hugbúnaðar- og verkfræðifyrirtæki sem stofnað var árið 1996. TrackWell hefur þróað hugbúnað sem nýtir fjarskiptataekni til að sjá um skráningu og hafa umsjón með fólki og farartækjum. MRM (Mobile Resource Management) lausnir TrackWell gera fyrirtækjum kleift að stjórna forðum sínum með það að markmiði að auka hagkvæmni, þjónustu og áreiðanleika gagna.

Hjá fyrirtækinu starfa 30 starfsmenn í samstilltum og góðum hópi með mikla þekkingu og reynslu.

TracScape

SeaData

Timon

TrackWell Software hf. • Laugavegur 178
 Sími 510 0600 • Fax 510 0601
 www.trackwell.com



STARFSFÓLK ÓSKAST

Bókari

Við óskum eftir bókara til starfa frá 1. nóvember.

Starfið er aðallega fylgið í:

- Færslu bókhalds
- Afstemmingum
- Innheimtu

Mikilvægt er að viðkomandi hafi góða þekkingu og reynslu af bókhaldi og sé nákvæmur og sjálfstæður í vinnubrögðum.

Aðstoðarmaður í bókbönd

- Aðstoð við innstillingu og keyrslu véla og tækja
- Útskrift verka úr bókböndi
- Önnur tilfallandi verkefni

Starfsmaður í frágangseild

- Brot, hefting, upptaka, líming, plöstun og innþökkun

Vinnutími er kl. 8:30–16:30. Atvinnuumsókn er á heimasíðunni www.prentmet.is og einnig liggja umsóknareyðublöð frammi í afgreiðslu, Lynghalsi 1. Umsóknarfrestur er til 9. september.

Við mat á umsóknum verður tekið sérstakt tillit til reynslu og þekkingar umsækjenda. Mikilvægt er að umsækjendur séu jákvæðir, duglegir, heiðarlegir og geti verið með sveigjanlegan vinnutíma. Við óskum eftir reyklásum umsækjendum.

Prentmet er vel tækjum búin prentsmiðja í glæsilegu húsnæði að Lynghalsi 1.

Svefn

Alveg sama hversu mikið þreytan ásækir þig, ekki sofna í vinnunni. Þótt þú haldir að enginn taki eftir því eru vinnufélagarnir að pískra sín á milli og þú gætir átt von á því að vera sett(ur) út í kuldann.



Víða skortir starfsfólk á leikskóla.

Laun óhagstæð þeim yngri

Mikill þrýstingur er á að lægstu launin hækk.

Skort á starfsfólki á leikskólana má rekja til þess að lægstu launin eru of lág, eftir því sem fram kemur á heimasíðu stéttarfélagins Eflingar. Inni á leikskólunum hefur mismunurinn milli almennra starfsmanna og þeirra sem eru í ábyrgðarstöðum aukist mjög mikið, sem hefur valdið óánægju inni á vinnustöðunum.

Sérstaklega er bent á að sú launatafla sem Reykjavíkurborg býður upp á sé mjög óhagstæð þeim yngstu. Byrjunarlaunin eru fyrir fólk allt upp í tuttugu og fimm ára svo brögd eru að því að fólk þurfi að vinna í meira en fimm ár áður en það hækkar í launum.

Kjarasamningar Eflingar og Reykjavíkurborgar verða lausir 30. nóvember. ■



Konur biðja síður um launahækkun

Breskar konur hafa mun lægri laun er karlar.

Nýlegar rannsóknir sýna að breskar konur eru að meðaltali með 27 prósentum lægri laun en karlkyns starfsfélagar þeirra. Mestur var launamunurinn í London, þar sem laun kvenna voru að meðaltali 35 prósentum lægri en laun karla.

Konur velja oft störf sem eru verr launuð, svo sem ýmis umönnunarstörf. Það eitt og sér skýrir þó ekki launamun kynjanna því þegar laun kvenna og

karla sem gegndu sömu stöfum voru könnuð kom í ljós að konur höfu lægri laun.

Í könnun sem gerð var í Bretlandi í febrúar kom í ljós að konur sækja síður um kauphækkun. Um 66 prósent kvenna sögðust ekki þora að biðja um launahækkun meðan aðeins 24 prósent karla létu slíkt stoppa sig.

Ýmsir vilja meina að þetta sé vandamál sem skólakerfið þurfi að taka á. Fræða þurfi ungar stúlkur betur um möguleika sína og réttindi á vinnumarkaði. ■



Skólafólk sem er að hætta í sumarvinnu ætti að fara vel yfir launaseðlana sína.

Láttu ekki svindla á þér

Það kemur fyrir að ekki sé rétt staðið að launauppgjöri hjá sumarstarfsfólki.

Á heimasíðu VR er þessa dagana að finna sérstaka ábendingu til skólafólks þar sem það er hvatt til þess að ganga vel frá launamálum sínum þegar það hættir í sumarstarfinu sínu.

Að sögn VR koma á ári hverju nokkur mál inn á borð hjá félaginu þar sem vinnuveitendur hafa ekki staðið rétt að launauppgjöri hjá sumarstarfsfólki. Þess vegna er fólk hvatt til þess að halda vel utan um launaseðlana og tryggja

að allt sé með felldu, sérstaklega að áunnið orflóf sé rétt gert upp. Það er að það sé annað hvort lagt inn á sérstakan orlofsreikning eða greitt út við starfslok. Þeir sem hyggjast vinna áfram með skóla í vetur hjá sama vinnuveitanda, til dæmis í hlutastarfi, þurfa ekki síður að huga að orlofslaunum sínum. Þá er einnig mikilvægt að hafa í huga hversu lengi sumarvinnan stóð yfir. Þeir sem hafa náð að vinna samfelld í tólf vikur eiga rétt á uppgjöri vegna orlofs- og desemberuppbótár. ■



Í Samskipum er vel búið herbergi fyrir börn starfsmanna sem þurfa að eiga þar skjól um skemmri tíma.

Skipa- og veisludagar vikulega

Barnaherbergi, kaffihús, líkamsræktarsalir og hvíldarherbergi með leðurhúsgöngum er meðal þess sem starfsfólki Samskipa er boðið upp á í nýju húsi fyrirtækisins í Kjarlög.

Starfsmenn Samskipa í Reykjavík eru um 400 og aðstaða þeirra í nýju höfuðstöðvunum í Kjarlögum er til fyrirmyndar. Þar geta þeir stundað líkamsrækt sér að kostnaðarlausu í tveimur sölum. Í öðrum þeirra eru tæki af ýmsum gerðum og þar er hægt að fá einkaþjálfun á lágmarksverði. Í hinum salnum er skvass en líka er hægt að skjóta á kórfa og spila blak. Auk þess hefur verið boðið upp á jóga að sögn Brynju Vignisdóttur, fulltrúa starfsmannastjóra. Búningsaðstaðan er opin öllum starfsmönnum frá sex á morgnana til eitt eftir miðnætti. Þar eru allar græjur til snyrtingar, til dæmis er kvennaklefinn búinn hárbólurum og sléttujárni.

Brynja sýnir húsið en gengur hljóðlega um hvíldarherbergið. Þar njóta hafnarverkamennirnir þess að hvíla sig eftir matinn, lesa blöðin og horfa á sjónvarpið, tefla eða grípa í spil. Þeir hafa líka aðgang að netherbergi þar sem þeir geta kíkt á heimabankann sinn, fréttir eða hvað sem er. Kaffibarir eru hingað og þangað um húsið og eitt kaffihús í miðju skrifstofurýmiinu. Lítið bókasafn er á einum stað og einnig þar er hægt að fá sér hressingu. Nú er komið inn í barnaherbergi þar sem blöð, bækur, leikföng, sjónvarp, dvd-spilari og leikjatölva eru til afþreyingar. „Þetta er ætlað þriggja til tólf ára börnum starfsfólks og hugsað sem skjól fyrir þau ef þau þurfa af einhverjum ástæðum að koma í vinnuna með foreldri í skemmri tíma,“ útskýrir Brynja. Hún segir að ekki sé um gæslu að ræða heldur sé vefmyndavél í herberginu þannig að foreldrið geti fylgst með barninu í tölvunni sinni.

Fullkomið mótuneyti er í húsinu að sögn Brynju. „Við erum með kokk sem kom úr Perlunni og hann framleiðir fjölbreytt fæði á sanngjörnu verði,“ segir hún og nefnir að á fimmtudögum sé alltaf sunnudagsmatur. „Það er skipadagur hjá okkur og þá er mikið að gera og veislumatur í eldhúsinu!“

gun@frettabladid.is



Brynja er hressilegur fulltrúi starfsmannastjóra.



Hér getur starfsfólk tekið á í tækjum sér að kostnaðarlausu eða fengið einkaþjálfun gegn vægu verði.



Kaffistofa er í miðju skrifstofurýmiinu.

HÁSKÓLASETUR VESTFJARÐA

UNIVERSITY COLLEGE OF THE WEST FJORDS

Þjónustu- og kennslustjóri

Háskólaasetur Vestfjarða leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum þjónustu- og kennslustjóra í fullt starf.

Þjónustu- og kennslustjórinn hefur yfirumsjón með fjarnámi við háskólasetrið. Viðkomandi mun vinna í litlum starfshópi að uppbyggingu háskólaseturs og þarf að geta unnið sjálfstætt á sínu sviði.

Starfssvið

Umsjón með fjarnámi og prófum
Umsjón með kennslu Háskólaseturs
Efling fjarnáms
Þróun nýrra leiða í fjarnámi
Námsráðgjöf

Menntunar- og hæfniskröfur

Háskólamenntun sem nýttist í starfi,
meistaragráða æskileg
Reynsla á sviði fjarnáms
Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
Framsýni, innsæi og metnaður í starfi

Vefstjóri

Háskólaasetur Vestfjarða leitar að hæfum og hugmyndaríkum vefstjóra í fullt starf. Vefstjórinn hefur umsjón með öllu vefumhverfi háskólaseturs. Viðkomandi mun vinna í litlum starfshópi að uppbyggingu háskólaseturs og þarf að geta unnið sjálfstætt á sínu sviði.

Starfssvið

Uppbygging og viðhald vefsíðu háskólaseturs
Uppsetning vefsíða fyrir rannsóknarverkefni
Umsjón með kennsluvefjum
Kynningarmál Háskólaseturs tengd vefnum

Menntunar- og hæfniskröfur

Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða í skyldum greinum

Háskólaasetur Vestfjarða er ný stofnun á háskólastigi. Hún hefur það að markmiði að veita fjarnemum á Vestfjörðum fyrirtaks þjónustu, hasla sér völl sem rannsóknarstofnun og bjóða í framtíðinni upp á eigin kennslu.

Háskólaasetur Vestfjarða er staðsett á Ísafirði í nýuppgerðu húsnæði.

Upplýsingar um starfið

veitir Peter Weiss, forstöðumaður í síma 869 3045.

Umsóknarfrestur

er til og með 16. september 2005.

Suðurgata 12 • 400 Ísafjörður



GARÐABÆR

www.gardabaer.is

Leikskólinn Hæðarból auglýsir eftir starfsfólki

- Matráði
- Aðstoðarmanni í eldhúsi
- Leikskólakennara eða starfsmanni með sambærilega menntun eða reynslu

Laun skv. samningum Launanevndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Upplýsingar gefur Ingibjörg Gunnarsdóttir leikskólastjóri í síma 565 7670 og 692 9402.

Hægt er að sækja um starfið á vef Gardabæjar www.gardabaer.is.

Karlmenn jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störf á leikskólum bæjarins.

Leikskólafulltrúi

Fræðslu- og menningarsvið

Vilt þú tryggja þér atvinnu?



VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF

Móttaka og símavarsla 528396

VÍS óskar eftir að ráða til sín starfsmann í móttöku og símavarslu. Í starfinu felst einnig að sjá um allan póst sem fer út úr fyrirtækinu. Vinnutími er frá kl. 8:30-16:30. Leitað er að einstaklingi sem er eldri en 25 ára, reyklaus, með góða framkomu, mikla hæfni í mannlegum samskiptum og er kostur ef viðkomandi hefur reynslu af sambærilegu starfi.

Kvöldstarf 528481

VÍS óskar eftir starfsfólki í kvöldþjónustu hjá félaginu. Starfið felur í sér að hafa samband við viðskiptavini í gegnum síma og ráðleggja þeim varðandi tryggingavernd, greiðsluleiðir og viðskiptakjör. Vinnutími er frá kl. 17:00 til 21:30, tvö til fjögur kvöld í viku. Leitað er að einstaklingum sem eiga auðvelt með samskipti, hafa frumkvæði og getu til að vinna sjálfstætt og eru ábyrgðarfullir. Eingöngu koma til greina einstaklingar með ríka þjónustulund og góða framkomu. Umsækjendur þurfa að vera eldri en 20 ára og hentar starfið því vel með námi. Ráðið verður í starfið fljótlega. Þjálfun hefst í september.

Ræstingar 528522

VÍS óskar eftir að ráða starfsmann í ræstingar. Um 50% starf er að ræða. Vinnutími er frá kl. 16:30 virka daga og er yfirleitt lokið fyrir kl. 20:00 á kvöldin. Húsnæðið er að mestu nýuppgergt og er dúkur og parket á skrifstofum og opnu rými. Leitað er að starfsmanni sem er eldri en 25 ára, helst með reynslu af ræstingum. Viðkomandi þarf að vera traustur og áreiðanlegur. Ráðið verður í starfið strax.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is



REYKJANESBÆR

Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • S: 421 6700 • Fax: 421 4667 • reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

ERT ÞÚ LEIKSKÓLAKENNARI OG VILT STARFA Í METNAÐARFULLU UMHVERFI?

Reykjanesbær óskar eftir að ráða áhugasamt og hæfileikaríkt starfsfólk til starfa í leikskólanum Holti.

AÐSTOÐARSKÓLASTJ

Aðstoðarleikskólastjóri mun hafa umsjón með nýrri deild sem staðsett verður í glæsilegu húsnæði Akurskóla en rekin sem hluti af Holti. Auk leikskólakennaramenntunar er æskilegt að umsækjendur hafi menntun og reynslu á sviði stjórnunar.

LEIKSKÓLAKENNAR


Vegna stækkunar leikskólans eru lausar stöður leikskólakennara. Fáist ekki leikskólakennarar til starfa verða ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og/eða starfsreynslu. Fólk á öllum aldri er hvatt til að sækja um - karlar jafnt sem konur.

Í Reykjanesbæ er rekin mjög metnaðarfull stefna í fræðslumálum og áhersla lögð á hæft starfsfólk sem fær að njóta sín í starfi. Allur aðbúnaður í leik- og grunnskólum er til fyrirmyndar og innan sveitarfélagsins eru starfandi öflug foreldrafélög sem efla starf skólanna. Formaður fræðsluráðs er bæjarstjóri Reykjanesbæjar. Heimilt er að greiða kennurum með full réttindi sem ráða sig í 100% stöðu við leik-, grunn- og tónlistarskóla sveitarfélagsins og flytjast búferlum til Reykjanesbæjar, flutningsstyrk að upphæð kr. 300.000. Skilyrði er að kennarar ráði sig til 2ja ára hið minnsta.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og KÍ. Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 421-6100. Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast Starfsmannþjónustu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ fyrir 18. september nk. Einnig er bent á rafræn umsóknareyðublöð á vef Reykjanesbæjar; reykjanesbaer.is.

Starfsþróunarstjóri.

... reykjanesbaer.is



Verkefnastjóri

Starfssvið:

- Færsla bókhalds, afstemmingar og greining á uppgjörum
- Ýmis störf sem snúa að fjárreiðum félagsins, s.s aðstoð við bankasamskipti og skjölun lánasamninga

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af bókhaldsstörfum og/eða bankastörfum skilyrði
- Mjög góð enskukunnáttá í rituðu og töluðu máli
- Áhugi að vinna með tölur, vera nákvæmur og talnaglögður
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Fjárfestingarfélag í Reykjavík óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf. Um nýtt starf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Hildur Arnadóttir (hildursa@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 11. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is



Akraneskaupstaður - spennandi störf

Verkefnisstjóri á fræðslu-, tómsunda- og íþróttasviði

Auglýst er eftir verkefnisstjóra, um er að ræða hálf starf. Fræðslu-, tómsunda- og íþróttasvið fer með málefni leik-, grunn- og tónlistarskóla, sérfræðipjónustu skóla og tómsunda- og forvarnarmál. Verkefnisstjóra er ætlað að hafa með höndum sértæk og almenn verkefni sem tengjast sviðinu. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur menntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða eða hliðstæða menntun. Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt, hafa góða tölvukunnáttu og starfsreynslu sem tengist verkefnum sviðsins. Lögð er áhersla á hæfni í mannlegum samskiptum og frumkvæði.

Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri í síma 433 1000, netfang: helgag@akranes.is

Deildarstjóri æskulýðsmála

Deildarstjóri hefur umsjón með og skipuleggur starfseminu í Arnardal, félagsmiðstöð fyrir 13 - 16 ára unglunga, í samráði við æskulýðsfulltrúa, unglingaráð og aðra hagsmunaaðila. Einnig þátttaka í öðrum verkefnum sem tengjast æskulýðsmálum og forvörnum. Um er að ræða hálf starf. Leitað er eftir einstaklingi með háskólamenntun á sviði tómsundafræða, uppeldisfræða eða hliðstæðri menntun. Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt, hafa frumkvæði og góða samskiptahæfni.

Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri í síma 433 1000 eða æskulýðsfulltrúi í síma 431 2785.

Umsóknarfrestur um bæði störfin er til 13. september n.k. og skal umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skilað á bæjarskrifstofu, Stíllholti 16 -18, 300 Akranes.

Vel kemur til greina að ráða sama einstakling í bæði störfin.

Fræðslu-, tómsunda- og íþróttasvið



Starfsmaður á lager óskast

Mata sem er fyrirtæki sem selur ávexti og grænmeti óskar að ráða skemmtilegan, röskan og þjónustulundaðan starfsmann til almennra lagerstarfa.

Áhugasamir sendi umsókn til Mötu ehf. á netfangið: eggert.g@mata.is



Smurbrauðsjómfrú í 100% starf. Uppvaskara í 100% starf. Vana þjóna í aukavinnu.

Höfum nóg að gera fyrir skólafólk, okkur vantar aðstoð í eldhús, í smurbrauð og í bakarí.

Vegna mikilla anna óskum við eftir starfsfólki sem allra fyrst.

Nánari upplýsingar um störfin eru veittar í Veislunni á Austurströnd 12, Seltjarnarnesi eða í síma 561-2031. Einnig er hægt að senda tölvupóst á arny@veislan.is

LAGERSTARF OG ÚTKEYRSLA

Heildverslun í Reykjavík óskar eftir vönu og duglegu fólki á lager og í útkeyrslu. Stundvísi, reglusemi og jákvæðni eru skilyrði. Vinnutími er frá kl. 8-18. Mikil yfirvinna í boði. Reyklaus vinnustaður. Vinsamlegast sendið umsóknir á box@frett.is merkt: "REYKLAUS"

Óskum eftir að ráða starfsmann til að annast kirkjuvörslu í Neskirkju.



Helstu þættir starfsins eru ræsting á kirkju og safnaðarheimili og umsjón með því að innra og ytra umhverfi kirkjunnar sé snyrtilegt.

Nánari upplýsingar veitir Rúnar í síma 511-1560. Umsóknir skal senda til Neskirkju við Hagatorg, 107 Reykjavík, merkt „kirkjuvarsla“, fyrir 17. september nk.



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Íþróttamiðstöðin Versalir:

- Baðvarsla kvenna í íþróttahúsi
- Baðvarsla karla í íþróttahúsi

Sundlaug Kópavogs:

- Laugarvarsla/baðvarsla karla

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Kársnesskóli:

- Tölvutónlist
- Proskapjálfi/stuðningsfulltrúi
- Gangavörður/ræstir

Lindaskóli:

- Gangaverðir/-ræstar
- Starfsmenn í Dægradvöl

Snælandsskóli

- Starfsmaður í Dægradvöl

Vatnsendaskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl
- Gangavörður/ræstir

LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

Heilsuleikskólinn Urðarhóll:

- Leikskólakennari
- Aðstoð í eldhús

Leikskólinn Arnarsmári:

- Leikskólakennarar

Leikskólinn Álfaheiði:

- Leikskólasérk/þroskaj.
- Leikskólakennarar

Leikskólinn Álfatún:

- Sérkennslustjóri
- Deildarstjóri

Leikskólakennari

Leikskólinn Dalur:

- Starfsm. hlutastaða e.h.

Leikskólinn Efstihjalli:

- Leikskólakennarar

Leikskólinn Fagrabrekka:

- Leikskólakennari
- Matráður - 80%
- Sérkennslustjóri - 50%

Leikskólinn Fífusalir:

- Leikskólakennari
- Deildarstjóri

Leikskólinn Kópasteinn:

- Leikskólakennari

Leikskólinn Núpur:

- Leikskólakennarar
- Skilastaða

Leikskólinn Rjúpnahæð:

- Leikskólakennari
- Leikskólasérkennari/þroskajálfi

Nánari upplýsingar á:

www.kopavogur.is
og www.job.is



VILTU LÆRA HÁRSNYRTINGU

Við ætlum að bæta við nema.

KRISTA, hársnyrtistofa í Kringlunni, er starfsstaður þar sem einungis fagmenntaðir einstaklingar starfa, meistarar, sveinar og nemar. Við erum að leita eftir fleiri fagmönnum í hópinn.

Hafir þú áhuga komdu þá í heimsókn á stofuna og talaðu við Nonna Quest.

KRISTA í Kringlunni
3ju hæð norðurhúsi
sími 568 9977



Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar óskast

Vinnutími og starfshlutfall samkomulag. Á öldrunarsviði vinnur samhentur hópur heilbrigðisstétta að því að styðja aldraða til sjálfsbjargar og stuðla að því að þeir geti búið sem lengst heima. Lögð er áhersla á endurhæfingu og meðhöndlun á margvíslegum vandamálum sem fylgja hækandi aldri. Teymisvinna margra einkennir starfsemi öldrunarsviðs, enda er oftast um verulega flókin viðfangsefni að ræða. Verkefni hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða eru því fjölbreytt og áhugaverð fyrir þá sem vilja taka þátt í metnaðarfullu starfi. Umsóknir skulu berast fyrir 19. sept. nk. til Hlífur Guðmundsdóttur, verkefnastjóra, í síma 824 5831, netfang hlifgud@landspitali.is og veitir hún upplýsingar ásamt Ingibjörgu Hjaltadóttur, sviðsstjóra, í síma 543 9890, netfang ingihj@landspitali.is

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvoigi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksstötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is Tekið er mið af jafnréttis- stefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Aðstoð í eldhús

Leikskólinn Lindarborg óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús leikskólans. Vinnutími kl. 11:30-15:00.

Upplýsingar gefur leikskólastjóri í s. 551 5390.

Spennandi störf í boði

Framleiðslustjóri

Starfssvið:

- Gerð framleiðsluáætlaða
- Yfirumsjón með framleiðslu
- Samskipti við birgja
- Tæknileg þróun og öryggismál
- Samskipti við hönnuði
- Verkstjórn í verksmiðju
- Starfsmannamál
- Gæðaeftirlit

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðn- eða tæknimenntun
- Reynsla af stjórnunarstörfum
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Tæknifræðingur

Starfssvið:

- Tilboðsgerð
- Yfirferð teikninga
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Úrvinnsla tæknilegra lausna
- Þróunarvinna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tækni- eða verkfræðimenntun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og frumkvæði



Einingaverksmiðjan Borg er traust og öflug framleiðslufyrirtæki í byggingariðnaði. Fyrirtækið framleiðir forsteyptar einingar fyrir íbúðahús og önnur mannvirki. Hjá Borg starfa í dag rúmlega 40 manns á hinum ýmsu sviðum fyrirtækisins, framundan eru mjög spennandi og krefjandi verkefni. Borg leggur mikla áherslu á að laða til sín metnaðarfullt starfsfólk til þess að taka þátt í framrás fyrirtækisins við framleiðslu á hágæða vöru.

Skrifstofa

Starfssvið:

- Símsvörun og móttaka viðskiptavina
- Færsla bókhalds
- Önnur almenn skrifstofustörf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af skrifstofustörfum æskileg
- Nákvæmni og ögun í vinnubrögðum
- Lipurð í samskiptum
- Góð tölvukunnáttá



Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Guðlaugur Arnarsson (guðlaugura@img.is) hjá Mannafli - Líðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 11. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Líðsauka.

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is

Er kominn tími á breytingar ?

Vegna stórauðinna verkefna á næstunni leitum við nú til þín. Okkur vantar úrvals fólk til að slást í hópinn og fást við fjölbreytt verkefni af ýmsum toga.

Hugbúnaðarfólk – Sampætting upplýsingakerfa

Sampætting upplýsingakerfa hefur verið áherslusvið hjá Kögun hf. allt frá árinu 2000. Beitt er verkfærum frá webMethods, Tibco og Microsoft og unnið með það sem fremst gerist í þessari tækni í dag. Við vinnum að nú að umfangsmiklum verkefnum á þessu sviði fyrir innlenda og erlenda markað og sjáum fram á mikla aukningu verkefna á næstunni.

Við leitum að verkfræðingum, tölvunarfræðingum og kerfisfræðingum með reynslu af hugbúnaðargerð í fjölbreyttu umhverfi. Ef þú hefur góða þekkingu eða reynslu á sviði gagnagrunna, Java/J2EE, XML/XSLT, .NET eða forritun viðskiptakerfa á borð við MBS-Navision, MBS-XAL, Axapta eða SAP og vilt vinna við það sem efst er á baugi í upplýsingatækni og rafrænum viðskiptum þá er þetta starf fyrir þig.

Hugbúnaðarfólk – Varnarkerfi

Kögun hf. hefur frá 1990 unnið við hönnun og smíði fluggagna- og varnarkerfa fyrir NATO og bandaríska flugherinn. Framundan eru stór verkefni þar sem íslensk tækniþekking mun verða í lykilhlutverki.

Við leitum að starfsfólki með menntun á sviði tölvunarfræði eða verkfræði til starfa við hugbúnaðargerð. Um er að ræða krefjandi störf í fjölbreyttu tækniumhverfi við ein stærstu hugbúnaðarverkefni sem unnin hafa verið á vegum hérlendra aðila. Kunnáttá eða reynsla af Ada eða Java æskileg. Störfin bjóða upp á kynni af margvíslegri tækni á sviði hönnunar og útfærslu notendaskila, gagna- og merkjavinnslu, kerfishönnunar, tölvusamskipta og tækjaforritunar o.fl.



Ráðgjöf – Verkefnastjórn

Fjöldi viðskiptavina leitar til Kögunar með ýmsi ráðgjafarverkefni í upplýsingatækni. Við önnumst auk þess hönnun og smíði hugbúnaðarkerfa fyrir flest stærstu fyrirtæki landsins.

Við leitum að einstaklingum með staðgóða reynslu í hönnun og smíði hugbúnaðar til að sinna ráðgjöf og verkefnastjórn í hugbúnaðargerð. Um er að ræða bæði almenna ráðgjöf til viðskiptavina og stjórn hugbúnaðarverkefna.

Við bjóðum góð laun, gott starfsumhverfi á Suðurnesjum og í Reykjavík. Við tryggjum símenntun í starfi og leggjum okkur fram við að tryggja starfsfólki okkar trausta framtíð þar sem það hefur tök á að fást við spennandi verkefni í góðum hópi samstarfsfólks. Hjá Kögun vinnum við eftir gæðakerfi sem er vottað skv. ISO 9001.



Umsjón með starfsumsóknum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Guðríður D. Hálfanardóttir (guðridur@img.is) hjá Mannafli - Líðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 11. september nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Líðsauka.

Laugavegi 170 105 Reykjavík Sími 540 7100 mannafli@img.is
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafli.is

Hvernig verður maður tannsmiður?

Tannsmiðir vinna á tannsmiðaverkstæðum og smíða tennur og ýmis tannrétt-ingatól í samstarfi við tannlækna. Þeir búa til gífsafsteypur eftir aðsendum mótum af munni sjúklings og sníða síðan hina ýmsu hluti eftir afsteypunni svo sem góma, krónur og brýr. Tannsmiðir þurfa ekki að hafa jafn mikla þekkingu og tannlæknar en þó er nauðsynlegt fyrir þá að hafa undirstöðuþekkingu á ýmsu sem við kemur tannlækningum. Þeir þurfa að hafa þekkingu á formfræði, bitfræði, efnafræði og bitskekkju og þurfa auk þess að vera ágætlega að sér um ýmsa tannsjúkdóma og meðferð þeirra.



HRESSIR TANNSMIÐIR Á TANNSMIÐASTOFUNNI Í VEGMÚLA 2.

Námið

Tannsmiði er iðngrein. Námið fer fram í Tannsmiðaskóla Íslands sem er rekinn í húsnæði tannlæknadeildar Háskóla Íslands. Námið í tannsmiði tekur fjögur ár og skiptist í bóklega og verklega hluta. Hluti námsins fer fram á tannsmiðaverkstæði. Náminu líkur með sveinsprófi og fær sá sem því lýkur réttindi til að kalla sig tannsmið. Hægt er að bæta við sig meistaraþrófi í faginu.

Helstu námsgreinar

Námsgreinar í tannsmiði eru fjölbreyttar. Fyrstu önnina læra nemendur formfræði og meðferð ýmissa efna og verkfæra. Næstu þrjár annir er kennt að smíða tennur og þurfa nemendur að læra heilgóma-, parta-, krónu- og brúargerð. Þriðja árið fer í að vinna verkefni fyrir tannlækna og tannlæknana og á síðustu tveimur önnunum fá nemendur þjálfun á tannsmiðaverkstæði.

Inntökuskilyrði

Aðeins eru teknir inn þrír nemendur í Tannsmiðaskólann ár hvert svo það getur verið strembið að komast inn. Umsækjendur verða að hafa lokið grunnskólaprófi og þótt stúdentsprófs sé ekki krafist eykur slíkt skírteini ávallt líkurnar á að komast inn. Að minnsta kosti eru gerðar kröfur um að umsækjendur hafa jafngildi stúdentsprófs í ensku og Norðurlandamáli. Auk þess er nauðsynlegt að hafa undirstöðuþekkingu á efnafræði.

Líkurnar á að fá innngöngu í námið aukast að sjálfsögðu eftir því sem menntun viðkomandi er meiri. Það skemmir heldur ekki fyrir að hafa reynslu af því að vinna á tannlæknastofu eða hjá tannsmiði.

Allir umsækjendur eru boðaðir í viðtöl.

Að loknu námi

Flestir tannsmiðir vinna á tannsmiðaverkstæðum. Þeir vinna margir sjálfstætt á eigin stofum og fá þangað verkefni fyrir ýmsa tannlækna. Þá eru alltaf einhverjir sem vinna á tannlæknastofum eða hjá tannréttingameisturum. Ekki er mikil þörf fyrir marga tannsmiði sem sést kannski best á því hve fáir eru teknir inn í skólann á ári hverju. Þörf fyrir tannsmiði fer þó ekki minnkandi þrátt fyrir betri tannhirðu landans.



NÁM Í TANNSMIÐI FER FRAM Í TANNSMIÐASKÓLA ÍSLANDS.



TANNSMIÐIR SMÍÐA MEÐAL ANNARS GERVITENNUR, BRÝR, KRÓNUR OG GÓMA.

www.velaborg.is

S: 414 8600

STARFSFÓLK ÓSKAST

Vélaborg ehf. óskar eftir að ráða í eftirtalin störf:

- **Vélvirkja, bifvélavirkja eða vana menn á véla- og lyftaraverkstæði.**
Um er að ræða tvö til þrjú störf.

Æskilegt er að starfsmennirnir hafi reynslu í viðgerðum á vinnuvélum, landbúnaðarvélum og lyfturum og geti unnið sjálfstætt. Þekking á rafmagni, enskukunnátta og tölvuþekking æskileg.

- **Sölumaður vinnuvéla**
- **Sölumaður í varahluta- og rekstrarvöru**

Við leitum eftir framtakssömum, metnaðarfullum og drífandi einstaklingum til framtíðarstarfa í vaxandi fyrirtæki á spennandi markaði. Reynsla af sölumennsku, tölvuþekking og góð enskukunnátta er nauðsynleg.

Vélaborg er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í vélainnflutningi og þjónustu við bændur, verktaka og flutningsaðila. Vélaborg starfrækir útibú á Akureyri og alls starfa 40 manns hjá fyrirtækinu.

Vélaborg er með umboð fyrir Case vinnuvélar, Bobcat vinnuvélar, Jungheinrich lyftara, Hyster lyftara, Kalmar lyftara, Daf vöru- og flutningabíla, John Deere dráttarvélar, John Deere smávélar, Lely mjaltapjóna og Lely landbúnaðarvélar.

Umsóknum skal skila inn á tölvutæku formi á netfang: velaborg@velaborg.is fyrir 17. september nk.

Vélaborg ehf.

Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601



Reykjavíkurborg

Lögfræðingur

Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um starf lögfræðings á lögfræðiskrifstofu í Ráðhúsi Reykjavíkur til að sinna lögfræðilegri ráðgjöf við opinber innkaup Reykjavíkurborgar og þjónustu við innkauparáð Reykjavíkurborgar.

Um er að ræða ómótað og spennandi starf sem gefur viðkomandi m.a. möguleika á að afla sér verðmætrar sérþekkingar á sviði opinbers útboðsréttar. Starfið er einnig mjög krefjandi þar sem Reykjavíkurborg er einn stærsti kaupandi á útboðsskyldum verkum, vöru og þjónustu á landsvísu. Meðal verkefna er lögfræðileg ráðgjöf vegna útboðsskyldra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu. Samhliða verkefnum á sviði opinberra innkaupa mun viðkomandi vinna að öðrum verkefnum á lögfræðiskrifstofu.

Lögfræðiskrifstofa Reykjavíkurborgar tók til starfa í ársbyrjun 2005 og er m.a. ætlað að stuðla að umbótum á sviði stjórnslu Reykjavíkurborgar. Um er að ræða spennandi starfsvettvang sem er kjörinn fyrir þá aðila sem hafa áhuga á og vilja auka við þekkingu sína á sviði opinberrar stjórnslu.

Helstu verkefni lögfræðiskrifstofu eru sem hér segir:

- Lögfræðilegar álitgerðir og ráðgjöf til borgarstjórnar, borgarráðs, borgarstjóra, og stofnana Reykjavíkurborgar um lögfræðileg álitafæni.
- Greinargerðir til úrskurðaraðila. Ráðgjöf til deilda og stofnana Reykjavíkurborgar í þeim efnum.
- Málflutningsstörf á vegum borgarsjóðs og stofnana borgarinnar.
- Samningsgerð.
- Lögfræðileg yfirferð útboðsgagna.
- Umbætur á sviði stjórnslu Reykjavíkurborgar.
- Fyrirsvar vegna skaðabótakrafna sem beint er gegn borgarsjóði og stofnunum Reykjavíkurborgar.
- Yfirumsjón með lögfræðilegri innheimtu vanskila krafna borgarsjóðs.
- Uppgjör slysabóta á grundvelli kjarasamninga.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættispróf í lögfræði.
- Málflutningsréttindi æskileg.
- Staðgóð þekking á opinberri stjórnslu æskileg.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.
- Tungumálakunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.

Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Stéttarfélags lögfræðinga. Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristbjörg Stephensen skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu, s. 411 4100 (kristbjorg.stephensen@reykjavik.is).

Umsóknarfrestur er til og með 19. september nk. Umsóknum skal skilað rafrænt á umsoknir@rvk.is eða í Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, **merktum Lögfræðingur - opinber innkaup.**

Vakin er athygli á þeirri stefnu Reykjavíkurborgar að jafna hlut kynja í störfum.



Hlutastörf í boð.

Við leitum að starfsfólki í hlutastörf í verslun og lager, virka daga frá kl.16-20 sem og um helgar frá kl.10-18. Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, stundvís og þjónustulipur. Við bjóðum mjög sveigjanlegan vinnutíma og fjölbreytt vinnuumhverfi.

Umsóknareyðublöð er að finna á www.IKEA.is og þjónustuborði IKEA, tilgreina þarf starfið sem sótt er um.

IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.



Á Landspítala - háskólasjúkrahúsi er umfangsmikill og sérhæfður eldhúsræktur. Megin starfsvið eldhúss og matsala er að sjá um matargerð og máltíðapjónustu fyrir sjúklinga og starfsfólk spítalans. Afgreiddar eru alls um 6000 máltíðir hvern virkan dag. Matur er mikilvægur þáttur í meðferð sjúklings á spítala og er fagleg þekking á matargerð og næringu því mikils virði. Störf í eldhúsi og matsölum eru fjölbreytt og krefjast sjálfstæðra vinnubragða og henta því vel fólki sem á gott með mannleg samskipti og hefur reynslu af vinnumarkaði. Markmið okkar er að tryggja öryggi matvæla og vinnuferla þannig að framleiðsla og þjónusta sé til fyrirmyndar og að starfsfólk geti verið stolt af að vinna hjá eldhúsi og matsölum. Unnið er samkvæmt virku gæðakerfi og er áhersla lögð á innra eftirlit. Eldhús og matsalir eru fjölþjóðlegur vinnustaður og eru 40% starfsmanna af erlendu þjóðerni. Lögð er áhersla á jafnræði og jafnrétti á vinnustað.

Matartæknar

óskast í almenna matargerð og sérþæði hjá framleiðslueldhúsi Hringbraut. Starfshlutföll 100%, vaktavinna. Matargerð, matarskömmun, undirbúningur, tiltekt og frágangur. **Hæfniskröfur:** Skipulagshæfileikar og góð samskiptahæfni. Íslenskukunnátta nauðsynleg.

Matreiðslumaður

óskast í almenna matargerð hjá framleiðslueldhúsi Hringbraut. Starfshlutfall 100%, vaktavinna. Matargerð, matarskömmun, undirbúningur, tiltekt og frágangur. **Hæfniskröfur:** Skipulagshæfileikar og góð samskiptahæfni. Íslenskukunnátta nauðsynleg.

Starfsmaður (verkefnastjóri)

óskast í veitingaþjónustu Hringbraut, starfshlutfall 100%, dagvinna. Móttaka á pöntunum veitinga, tiltekt veitinga, undirbúningur og frágangur. Sjálfstætt og fjölbreytt starf. **Hæfniskröfur:** Skipulagshæfileikar og góð samskiptahæfni. Íslenskukunnátta nauðsynleg.

Umsóknir ofangreindra starfa berist fyrir 19. sept. nk. til Friðgerðar Guðnadóttur, starfsmannastjóra eldhúss og matsala, Hringbraut og veitir hún jafnframt upplýsingar í síma 543 1604, netfang fridgerd@landspitali.is

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksstötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin



ELDRI BORGARAR

Íslandspóstur leitar að fólki á góðum aldri, 60 ára og eldri, sem getur unnið 2-5 daga í viku við dreifingu. Til greina kemur að vinna fyrir eða eftir hádegi í 2-4 tíma á dag. Aðeins er unnið á virkum dögum. Um er að ræða störf víða á höfuðborgarsvæðinu.

Allar nánari upplýsingar fást í síma 580 1000. Einnig er hægt að sækja um starf á www.postur.is

www.postur.is

Leikskólinn Sólbrekka Seltjarnarnesi

Spádómar

Dulspéksímminn 908 6414. Símaspáin-draumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001

Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumaráðning. Fáðu svör við spurningum þínum.

908 6116 er spákonan Sírrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímip. í s. 823 6393.

Englajós til þín.

Ertu óhamingjusóm/samur? Tarot lestur og fáðu svör við spurningunum þínum. 908 5050. Lára & Laufey e. kl. 18.00 til kl. 01.00.

Ósk 902 5151

Loksins. Ósk er komin aftur. Spáir í spil, ástir, fjármál og heilsu, ræður einnig drauma. Verið velkomin. Hringja e. kl. 16.

Skemmtanir



Iðnaður



NÚ HAUSTAR AÐ Vélsmíðja Ingvars Guðna býður upp á vönduð íslensk hlíf fyrir veturinn. www.vig.is S:486-1810

Rafvirkjun



Raflagnir og dyrasímar

Raflagnir og dyrasímapjónusta. Endurnýjum í eldri húsum. Töfluskípti. Tilboð. RAFNEISTI. Löggiltur rafverktaki. Sími 898 6025

Trésmíði

Getum bætt við okkur sólpöllum, skjólveggjum og allri almennri gipsvinnu. Erum byrjaðir að taka niður pantanir fyrir næsta sumar. Uppl. í s. 867 0791 & 865 1863.

Tökum að okkur alhliða smíðavinnu en erum sérhæfðir í sólpöllum og skjólveggjum. Vönduð vinnubrögð og fagmannska í fyrirrúmi. Sími 865 1390.

Vantar smíð til að reisa 30-35fm sólpall í Njarðvík. Einnig smá innivinna. S. 897 2323.

Önnur þjónusta

Kynningarnámskeið í Bowen tækni.

Sauðárkrúki 10. sept. og Akureyri 11. sept. Uppl. í síma 421 4569 og 897 7469, Margeir www.bowentaekni.com jmsig@simnet.is

HEILSA

Heilsuvörur

15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWWARANGUR.IS S.586 8786.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Snyrting



Thalasso therapy.

"Eykur jafnvægi líkama og sálar". Orku-gefandi, vökválosandi og grennandi. Greifnjan snyrtistofa sími 587-9310. Hraunbæ 102. opið frá kl 9-20.

Námskeið

10 grunnreglur fyrir þá sem þora! Einfaldar hollustureglur byggðar á því sem virkar frá m.a. South Beach, Atkins, hráfæði og nýja fæðupýramídanum. Hið vinsæla fræðslu- og matreiðslunámskeið Þorbjargar næringarþerapista D.E.T. og Umahro matlistarmanns. Ein kvöldstund 7. september. Maður Lifandi, Borgartúni 24. Verð 6.900kr innifalinn ítarleg gögn og góðar ráðleggingar og fullt af bragðbitum. Bókun í sími 692 8489 og tobbi@10grunnreglur.com. Nánari upplýsingar hjá www.10grunnreglur.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ



Swarovski kúla. S. 553 1800 fondurstofan.is. Síðumúla 15. Opið 13-18 Laug. 10-14.

Kvöld eða helgarnámskeið í smíði á borðlampa úr smíðajárni. Nánari uppl. í s. 893 4656.

Kennsla



Harmonikukennsla

Einkatímar. Haustönn hefst í september fyrir byrjendur og lengra komna. Innrítun í s. 690 7424 eftir hádegi

Flug

Bóklegt námskeið hefst um miðjan sept. Skráning á geirflug.is - Sími 511 5511.

HEIMILIÐ

Húsgögn



Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?

Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.



Útsala

Fallegar yfirbreiðslur fyrir sófa, stóla og borðstofustóla. Opnunartími mán. - mið. 12.00 - 15.00, fim. 15.00 - 18.30 og lau. 12.00 - 15.00 Sófalist, Síðumúla 20 (2 hæð), www.sofalist.is Sími 553 0444.



Til sölu tvö einstaklings rúm Stillanleg með Tempur dýnum 2 x 90 x 200 cm á stærð. Rúmin eru 2 sjálfstæðar einingar með höfða og fótgöllum. Upplýsingar í síma 554-1775, Stefania.

Simmons king size hjónarúm til sölu. Mjög vel með farið. Verð 145.000 þús kr. (Nýtt kostar 205.000 þús kr) Upplýsingar í síma 659 2867

Til sölu vegna flutnings antikhvít hjónarúm 2.8x2m, kommóða með 4 skúffum og 2 náttborð með 2 skúffum. Verðhugmynd 70 þús. Einnig dökkt skrifborð með 6 skúffum verð 5 þús. Uppl. í s. 892 8601 & 557 1521.

Til sölu vegna flutnings á mjög góðu verði búslóð: Hvítur sófi 3+2, skápar, sófaborð, borstofuborð + 8 stólar, King Size rúm ásamt teppi, uppþvottavél örbylgjuofn og ótal margt fl. Uppl. í s. 849 7006.

Til sölu 3ja sæta Lazyboy sófi, verð 50 þús. Uppl. í s. 897 0948.

Til sölu svart leður sófasett 3+2. Vel með farið. Verð 40 þús. Uppl. í s. 898 2691.

Dökkt borðstofuborð með 6 stólum og skenkur í stíl, koniakslitaður leðursófi og 2 stólar, Palisander skápur með glerhurðum. Á sama stað fæst gamall Super Sun sólbekkur gefins gegn því að verða sóttur. Uppl. í s. 698 4250.

Antík



Nokkrir skápar úr furu, svipaðir þessum til sölu. Líðlega 100 ára gamlir, þýskir að uppruna. Verðtilboð óskast. Uppl. í síma 822 1930

Heimilistæki

Vel með farinn hvítur 6 ára Siemens kæliskápur til sölu. H. 1.46, br. 60. Verð 30 þús. S. 869 1021.

Barnavörur

Til sölu Brio svalavagn, verð 5.000. Uppl. í s. 690 2616.

Svo til ónotaður tvíburavagn til sölu á kr. 40 þús. 2 ómmustólar geta fylgt með. S. 863 0718.

Dýrahald

30% Kynningarafsláttur

Erum þessa dagana með 30% kynningarafslátt af Arden Grange hágæða hunda- og kattafóðri í verslunum Dýralands. Verð á 15 kg hundafóðri er frá kr 3.920,- með afsl. og verð á 2,5 kg kattafóðri er frá kr 1.120,- með afsl. **Dýraland Mjódd S. 587 0711** **Dýraland Krínglan S.588 0711** **Dýraland Spöng S.587 0744.**

!!!!!!Siberian Husky!!!!!!www.siberianhusky.is

NUTRO - 30 % afsláttur!

Purrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Íshundar og Íshestar

Halda fjölskyldudag þann 4 sept. að Sórlaskeiði 26 Hafnarfirði kl. 14. Kynning verður á hundategundum, hestum og starfsemi félaga. Góðgæti frá Góu fyrir börnin. Allir velkomnir.

Til sölu páfagaukar African Gray, Dísur, Kakadoo, Senegal. S. 823 6393 & 552 4244.

Til sölu Papillon hvolpur.

Karlkyns, heilsufarsskoðaður. Áhugasamir geta fengið uppl. í s. 692 7949.

Ýmislegt



Mahogany hringstigi til sölu. Stór 26 Mahogany þrepa hringstigi með hvítt járnhandfni. Hægt er að skipta stiganum í tvo stiga. Þvermál er um 210 cm. Tilboð óskast Uppl. í síma 698 1303

Til sölu uppþvottavél 4ra ára 20 þús og rúm 160x2 10 þús. Uppl. í s. 899 0338 & 697 7477.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

Spánn-leiga

Fallegt raðhús fyrir sunnan Alicante til leigu. Uppl. í síma 822 3860.

Byssur

Veidihjóra og stangaviðgerðir. Byssusmiðja Agnars, sími 891 8113.

Fyrir veiðimenn



www.sportvorugerdin.is



Sjóbirtingur og sjóbleikja eru vitlaus í þyngdan hvítbleikan Nobbler. francesis

Hestamennska



Hljr reiðfatnaður í göngur og réttir, beisli, mál og múlar á hálfviri. Istölt Bæjarlind 2, S. 555 1100.

Ýmislegt



Viltu koma úr sturtunni og fara að syngja í kór? Þingeyingakórinn auglýsir eftir söngfólki bæði nýjum og eldri félögum, allir velkomnir. Kórinn mun í vetur æfa í Hamarskóla á mánudagskvöldum kl. 20. Kórinn flytur tónlist af öllu tagi. Stjórnandi kórsins er Kári Friðriksson. Nánari upplýsingar í síma Kári 564 0665, 691 0665, Helga 893 8324 og Guðný 863 1116.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Sauðárkrúkur. Hús til leigu með eða án húsgagna, í langan tíma frá næstu mánaðarmótum. S. 453 5379.

Rúmlega 40 fm kjallaraíbúð til leigu nálægt Bústaðavegi. 47 þús. á mán. Rafm. og hiti innifalið. Aðeins reglusamur, reyklus og rólegur einstakl. kemur til greina. Áhugas. sendi uppl. á julio@simnet.is

Til leigu lítið herb. á sv. 105 fyrir róleg. og reglus. einstakl. með sameig. eldh. og baðh. Uppl. í s. 895 1441 e.kl. 11.

Til leigu herbergi Kópavogsmegin í Fossvogsdal. WC ekki sturta. S. 693 8522.

3ja herb. íbúð til leigu í vesturbænum í 6 mánuði. Uppl. í s. 862 1167.

45 fm íbúð í kjallara á sv. 105. Leigist eingöngu reglusömum. Uppl. í s.897-8597

Til leigu ca. 20 fm herbergi m/sérinnangangi í miðbænum. Sér baðherb. og aðg. að þvottastöðu. Möguleiki á Interneti. Nánari uppl. á gollipet@hotmail.com .

Húsnæði óskast

Grafarholt/Grafarvogur. Óska eftir íbúð. Greiðslugeta um 60 þús. Reyklaus og reglusöm. S. 896 8186.

Óska eftir leiguhúsnæði sem fyrst. Reglusemi og skilvísnum greiðslum heitið. S. 899 4461 & 848 2822.

Íbúð óskast í Hafnarfirði

Fjölskylda óskar eftir 3ja-4ra herbergja íbúð í Lækjarskólaveginu í Hafnarfirði. Meðmæli ef óskað er. Öruglum og skilvísnum greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 898 2181.

Óska eftir herbergi eða lítilli íbúð á leigu, helst í Breiðholti. Sími 869-8674

Sumarbústaðir



Aksturshlið - Gönguhlið

Á göngustiga, heimreiðar, vegi, girðingar, beitarhöf ofl. Mikil úrval, margar gerðir og stærðir. Smíðað úr galvaniseruðu stáli. Öflugur burðarstaurar, einnig staurar með læsingu, nokkrar stærðir. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F, 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.

Geymsluhúsnæði



Þinn eign geymslubúskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktið. www.veyslaeitt.564 6500.

Viltu láta geyma tjaldavagn, fellihýsi eða hjólhýsi. Sanngjarnt verð (eftir stærð). Upphitað hús föstbæ. Uppl. gatla-son@fss.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. Uppl. í s. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Bílskúr

Til leigu 26 fm bílskúr á svæði 112. Leigist sem geymsla. S. 567 2827.



Þjónustustarf

Vantar þjónustufólk í dag- og kvöldvinnu (vaktavinna) **Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

TIL SÖLU

Hundabúr - Hvolpagrindur

Full búð af nýjum vörum 30% afsláttur af öllu.

Tokyo gæludýravörur

Hjallahrauni 4
Hafnarfirði
s: 565-8444

Opið: mán. til fös. 10-18
Lau. 10-16
Sun. 12-16



Vantar þig gott starf.
IntJob útvegar erlent starfsfólk samkvæmt þínum óskum. Sjáum um allar skráningar til yfirvalda og ferðatillögum. Leggjum áherslu á fagmennsku. Ánaðgö-ir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing IntJob sími 517 4530 e mail intjob@intjob.is.

Kaffihús, Bakari

Bakameistarinn, Húsgagnahöllinni, Smáratorgi, Suðurvergi og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Ýmsir vinnutímar í boði t.d. 8-16, 13-19 og 10-19.
Uppl. í s. 897 5470 einnig umsóknareyðublöð á www.bakameistarinn.is.

Mosfellsbakari

Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirfarandi störf: fyrir hádegi frá 6:30-13:00, virka daga og einn dag aðra hverja helgi eða eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.
Nánari upplýsingar veitir Áslaug eða Linda í síma 566 6145.

Mosfellsbakari

á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 13:00-18:30 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30-16:30.
Nánari upplýsingar veitir Ellisif í síma 553 5280 eða 660 2153.



Hagkaup Eiðstorg
Óskar eftir að ráða starfsmann í mjólkurtorg. Í boði er heilds dagsstarf með vinnutíma 8-16 aðra vikuna og 8-18 hina vikuna, auk annar hver laugardagur. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Hermann verslunarstjóra í síma 561 2000, auk þess sem hægt er að sækja um á www.hagkaup.is eða á staðnum.

Loftorka Reykjavík

Óskar eftir verkamönnum til jarðvinnufrákvæmda. Heimkeyrsla og matur í hádeginu.
Upplýsingar í síma 565 0877.



Hagkaup Spöng
Óskar eftir að ráða starfsmann í sér-vörudeild og matvörudeild. Í boði er heilds dagsstarf með hina ýmsu vinnutíma. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Guðna verslunarstjóra í síma 563 5300, auk þess sem hægt er að sækja um á www.hagkaup.is eða á staðnum.

Menntasvið Reykjavíkur/Leikskólinn Sæborg, Starhaga 11. 107 RVK.

auglýsir eftir myndlistaðamenntuðu starfsfólki. Leikskólinn leggur áherslu á skapandi starf í anda stefnunnar reggio emilia. Starfið felst meðal annars í því að undirbúa verkefni í samvinnu við deildarstjóra og halda utan um myndlistarefni í listasmíðjum deilda, auk annarra hefðbundinna starfa með börnum. Góðir möguleikar á því að þróa sig áfram í starfi.
Áhugasamir hafi samband við leikskólalastjóra viðkomandi leikskóla í síma 562 3664 eða 562 3674. www.leikskolar.is/saeborg.

Ert þú á besta aldri? Hefur þú áhuga á vinnu-hluta úr degi?

Óskum eftir starfsmanni til starfa utandyra 5 tíma á dag frá 8-13 á lífandi og skemmtilegum vinnustað miðsvæðis.
Upplýsingar hjá Hrafnhildi hjá ISS í síma 5800 600.

Ert þú ekki að fara í skóla?

Okkur vantar fleira gott fólk í fullt starf í vaktavinnu. Ef þú ert 17 ára og eldri, ert með góða ástandun í vinnu, vilt vinna í skemmtilegu vinnuumhverfi og dugleg/ur þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir gott vinnu-framlag í skemmtilegu vinnuumhverfi.
**Umsóknir á www.aktutaktu.is.
Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.**

Ert þú í leit að starfi?

Viljum bæta við jákvæðu og duglegu fólki á American Style. 100% starf í boði í vaktavinnu. Líflægur og fjórugur starfshópur á þremur stöðum Reykjavík / Kópavogi / Hafnarfirði. Æskilegur aldur 17 ára og eldri. Einnig lausar háð. Vaktir alla virka daga frá 11-14.
Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836 einnig umsóknir á americanstyle.is.

Warehouse and price-labelling

Warehouse and price-labelling Hysing -warehouse seeks hard-working employees in price-labelling and handling. Hysing handles clothes, toys, shoes and kitchen utensils, and services its clients in fast and accurate ways by delivering fully processed goods in the right quantity and on time. Working hours are from 8-17 With a relatively new bonus system, employees can increase their salary by up to 20% pr. month. Further information is given by Julius Kristjánsson, personnel manager, at Skútuvogur 9 Reykjavík or tel. 530 5697.

Lagerstörf og vörumerking

Hýsing -vöruhótel leitar að eljusömu og kraftmiklu starfsfólki í lagerstörf og vörumerkingu. Hýsing er þjónustufyrirtæki fyrir sér-vöru sem veitir örugga og fljóta þjónustu til viðskiptavina sinna. Vinnutími er frá 8-17. Með nýlegu bönuskerfi geta starfsmenn náð allt að 20% launahækkun á mánuði. Nánari upplýsingar veitir Júlíus Stein Kristjánsson á staðnum, að Skútuvogi 9, eða í s. 530 5697.

Ertu þú jákvæð/ur og eldri enn 25 ára ?

Þá höfum við vinnu fyrir þig! Við bjóðum góð laun og þjálfun vinnutími frá kl. 8-16 í 4-8 klst., á dag. Þarf að hafa bíl til umráða.
Ef þú uppfyllir þessi skilyrði þá endilega hafðu samband við okkur í síma 580 0600 og Hrafnhildur gefur þér nánari upplýsingar.

Ert þú snyrtifræðingur með reynslu?

Sem dreymir um að vinna á líflægri og skemmtilegri snyrtistofu? Þá er snyrtistofan Mist í Spönginni sú rétta. Í boði er bæði fullt starf og hlutastarf.
Nánari upplýsingar í síma 577 1577 & 821 2778.

Seltjarnarnesbær

Starfsmaður óskast til að annast þrif í þjónustumiðstöð aldraðra hjá Seltjarnarnesbæ og til að líta inn til eldra fólks. Um er að ræða u.þ.b. 50% starf. Vinnutími frá 16:30 - 20:15 á virkum dögum (2-3 daga í viku) og einnig er unnið aðra hverja helgi. Um helgar felst starfið í úmsjón með matarskömmtum og innlitum.
Nánari upplýsingar gefur Snorri Aðalsteinsson hjá Seltjarnarnesbæ í síma 595 9130, snorri@seltjarnarnes.is

Veisluþjónusta Jóa Fel

Okkur vantar duglega manneskju í smurbraud, pökku og veisluþjónustu Jóa Fel. Vinnutími 06-13 virka daga.
Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 & Unni í s. 893 0076. Bakari hjá Jóa Fel, Kleppsvægi 152.

Matflugl ehf

Völuteigur 2 Mosfellsbær.
Óskum eftir að ráða starfsfólki í eftirtalin störf. Verðmerking og tiltekt, uppl. í síma 660 9630 & 660 9604. Almenn framreiðslustörf, uppl. í síma 660 9604. Lager- og útkreystustörf, uppl. í síma 660 9631.

Furðufiskar ehf

sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Vantar fólk í eftirtalin störf: Við afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðinu í Hagkaupum kringlunni. Vinnutími 11-19 virka daga og annan hvern laugardag frá kl 9-18. Viðkomandi þarf að hafa áhuga á sælkeramatvörum og mannlegum samskiptum.
Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík.

Furðufiskar ehf

sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Vantar eldra fólk til að sjá um kjöt og fiskborð í einni af verslunum Hagkaupa. Tveir aðilar geta skipt á milli sín einu stöðugildi. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi einhverja reynslu af matvælum. Einnig vantar fólk í afgreiðslu í fisk og kjötbörð Hagkaupa seinnipart dags. Tilvalið fyrir skólafólk.
Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík.



Hjá Samhjálpu eru lausar til umsóknar, tvær stöður umsóknarmanna í Hlaðgerðarkoti, sem er meðferðarheimili fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur. Við leitum að jákvæðum, sjálfsörguggum og heilsuhausum einstaklingum sem hafa góða þekkingu á eðli alkahólisma. Viðkomandi þurfa að búa yfir næmni og virðingu fyrir öðrum og eiga auðvelt með að vinna sjálfstætt sem og í hóp-vinnu, eiga auðvelt með mannleg samskipti og fylgja vel eftir þeim verkefnum sem þeir taka að sér. Við leitum að skipulögðum einstaklingum sem eiga auðvelt með að sjá heildarmynd verkefna og forgangsraða þeim. Störfin henta jafnt konum sem körlum. Nánari upplýsingar gefur forstöðumaður í síma 561 1000, einnig má finna upplýsingar á www.samhjalp.is. Samhjálpu er kristilegt meðferðar- forvarna- og hjálparstarf sem fagnaði 32 ára afmæli á þessu ári.

Skalli Vesturlandsvegi

Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki á vaktir og í hlutastarf. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi leitar að starfsfólki. Við störfum á stór höfuðborgarsvæðinu og á suðurnesjum. Frekari upplýsingar í síma 525 0900 eða á heimasíðunum www.smfr.is eða www.starfatorg.is.

Sóthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni í vinnu við háþrýstipvott og sóthreinsun. Aldur 16+, þarf að hefja störf sem fyrst. Góð laun í boði fyrir réttan mann. Umsóknir og úmsógn berist til. sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Ræstingabjónustan sf óskar eftir starfsfólki til starfa við sveigar á höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar í síma 587 3111, virka daga milli kl. 9-12.

Ræstingabjónustan óskar eftir starfsfólki til starfa í teymisvinnu við hreingerningar og bönun. Mikil vinna og góð laun í boði fyrir réttan starfskraft. Nánari upplýsingar eru gefnar virka daga kl. 9-12 í síma 587 3111.

Höllabátar Ingólfstorgi

Óska eftir starfsfólki á kvöldin og um helgar (nætturnar). Ekki yngri en 18 ára. Uppl. í s. 511 3500 & 861 0500, líka á staðnum.

Símadömur! Símaþjónusta Rauða Torgsins leitar samstarfs við spennandi símadömur. Nánari uppl. á www.rauda-torgid.is, og í s. 552 3349 og 899 7987.

Vikurvagnar óskar

eftir starfsmanni á verkstæði. Upplýsingar í síma 822 8808. Vikurvagnar ehf.

Hársnyrtifólk

Listhár/Lúðvík XIV óskar eftir áhugasömum hársnyrtisveini sem fyrst, fullt starf eða hlutastarf. Uppl. í s. 553 4466.

Vantar starfskraft í dag, nætur- og helgarvinnu. Ekki yngri en 18 ára. Pizza King. S. 551 7474 & 864 7318.

Hafnarfjörður - verkamenn. Verkamenn óskast, framtidavinna, friar ferðir og fæði. Uppl. í s. 892 5388.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í framtidar- og helgarstörf við áfyllingar í verslanir á Höfuðborgarsvæðinu. Leitað er að skilvirkum og ábyrgðarsömum einstaklingum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst og hafa bílþróf. Áhugasamir sendi umsóknir til Ölgerðarinnar merktar "Áfylling" eða á netfangið mikki@egilis.is fyrir 12. sept nk.

Lagtækir og sjálfstæðir menn óskast

í steypusögum og kjamborun. Mikil vinna, góð laun. Kristján s. 691 2930 eða Halldór 892 7544.

Lagtækur verkstæðis- maður óskast

Sjálfstæður og verklaginn með ýmsa reynslu. Góð laun. Kristján s. 691 2930 eða Halldór 892 7544.

Sjómenn

Einn vanan háseta vantar á Eldhamar til netaveiða frá Grindavík strax. Uppl. í s. 894 2013.

Bílaverkstæði.

Vanur maður óskast til starfa á bílaverkstæði í Hveragerði. Uppl. í s. 866 1093.

Óskum eftir fólki í ræstingar í 50 % & 75% stöður. Góð laun í boði. Uppl. í s. 561 8000 & 893 6552.

Kaffi Conditori

Okkur vantar duglegan starfskraft í afgreiðslustörf frá kl. 14.00-20.00. Uppl. gefur Tina í s. 588 1550 á milli kl. 9.00 & 15.00.

Gaukurinn óskar eftir barþjónum, fólki í sal og dyravörðum. Uppl. í s. 899 2480, arnold@gaukurinn.is

Óskum eftir smíðum eða mönnum vönum smíðavinnu, mjög fjölbreytt starf. Uppl. í s. 896 3788.

Garðabær bakari

Strafskraftur óskast til afgreiðslustarfa hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258, Þóra.

Sölumaður

Óskast til starfa í byggingarvöru verslun í vesturbæ R-vík. Unnið er á vöktum. Uppl. í s. 660 3048.

Red chili

Viljum bæta við okkur hressu og duglegu starfsfólki í sal. Vegna mikilla anna í vakti og kvöldvinnu. Umsóknir og upplýsingar á staðnum eða í s. 660 1855. Laugavegur 176.

Ísl./Swissn. hjón í Þýskal. vantar trausta, reyklausu au-pair strax. Frítt þýskunámssk. Uppl. í s. 0049 2205 907102, gerdur@puntin.de

Söluturn á Grensásvegi óskar eftir starfskrafti, 18 ára eða eldri. Kvöld og helgarvinna. Uppl. í síma 846 1797.

Vantar þig vinnu með skólanum. Unnið ca 15 daga í mánuði, vinnutími 15-19 og 19-23. Uppl. í síma 846-2117

Byggingaverktakar

Afhverju að auglýsa eftir vönum mönnum sem eru ekki til? Leyfðu okkur að aðstoða. Yfir 30 ára reynsla við að finna rétta mann fyrir fyrirtæki. Okkar bresku menn eru mjög hæfir. Allir okkar íslensku viðskiptavinir eru meira en ánægðir með okkar menn. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá hingað.
Upplýsingar í síma 897 8978 AWM ehf. Alan.

Atvinna óskast

Manneklá?

Transwork polish manning office er pólskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í útleigu atvinnukrafts til tímabundinna vinnu í skemmti eða lengri tíma í til flest allra atvinnugeira innan EU atvinnumarkaðarins. Uppl. Długa 19, Mecikal 89632-Brusy Pólland s. 0048 608817964 & 0046 735270489 mail benny.sig@tele2.se

Manning umboðsmaður frá Transwork B. Sigurðsson er staddur á Íslandi til 11. sept. og er velkomið að hafa samband við hann fyrir frekari uppl. í s. 692 7961.

Duglegur maður með rafvirkjann, meirapróf og vinnuvélaréttindi óskar eftir vinnu við eitthvað á þessu starfssviði. Upplýsingar í s. 692 6322.

Byggingameistari óskar eftir vinnu. Mikil reynsla. Helst utan höfuðborgarsv. Uppl. í síma 692 8930.

32 ára stúlka frá Filippine óskar eftir vinnu hér á landi allt kemur til greina, get reddað flugi og gistingu í R.v.k. Uppl. í síma 895 4060.

Snyrtifræðingur óskar eftir vinnu. Metnaðargjörn, reglusöm og stundvís. Uppl. í s. 893 2851.

Viðskiptataekifæri



Umboðsaðili óskast

Leitum eftir reynslumiklum umboðsaðila til að sjá um sölu og dreifingu á vönduðum kvenundirfatnaði, sokkabuxum, hárböndum o.fl.

Upplýsingar ffc.international@wanadoo.fr eða í síma 00 33 6 72 16 49 19.

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 FRÉTTABLAÐIÐ

Þrjár erikur, aðeins 999 krónur.
Blómaval, Sigtúni.

Pottaplöntuútsala..
Blómaval

Pottaplöntuútsala.. 20 - 60% afsláttur.
Blómaval

Nýi vörulistinn er komin. Safaríkar hugmyndir á hverri blaðsíðu.
Ikea.

Nýi vörulistinn er komin.
Ikea

Nýi vörulistinn er komin. Opíð til sex um helgar.
Ikea.

Eitt símtal - meiri útbreiðsla - lægra verð

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á visir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

KONUR HLUSTA

83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.

Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðum í einu.

Afgreiðsla í blómabúð.

Óska eftir starfskrafti í blómabúð helst vönum.

Upplýsingar í síma 892 1306.

ATVINNA

THE AMAZING RACE

Kapplaupið mikla hefst þriðjudaginn 6. september kl. 20:30





Glæsileg dagskrá í Salnum

Tónleikaskrá Salarins í Kópavogi fyrir starfsárið 2005-2006 er komin út og mun fjölbreytt starfsemi Salarins hefjast 7. september klukkan 20 með tónleikum þar sem Skólahljómsveit Kópavogs kemur fram ásamt fjölbreyttum hópi annarra flytjenda. Tónleikarnir eru einnig opnunartónleikar Tíbrár, sem er tónleikaröð með 29 tónleikum sem haldnir verða í Salnum í vetur.

„Í skránni má finna dagskrá Tíbrár, umfjöllun um rússneska menningarhátíð sem haldin verður í Kópavogi 15. til 23. október næstkomandi og umfjöllun um tónleika kennara Tónlistarskóla

Kópavogs auk þess sem sagt er frá meistaranámskeiði í söng sem Kristinn Sigmundsson heldur 6.-9. desember,“ segir Vigdís ESRADÓTTIR, forstöðumaður Salarins í Kópavogi, um dagskrá Salarins 2005 til 2006.

„Tíbráartónleikaröðin er fjölbreytt tónleikaröð, á henni leika meðal annars Diddú, Mugison, Eteri Gvazava sem er rússnesk sópransöngkona, semballeikarinn Jory Vinicour og Vovka Stefán Ashkenazy ásamt gríska píanóleikaranum Vassilis Tsabropoulos svo aðeins örlítið sé nefnt.“

Fræðast má betur um dagskrána á www.salurinn.is. ■

Ástardúett sem allir geta speglað sig í

„Verkið heitir Love Story og er dúett sem ég og Brian Gerke dönsu í kvöld,“ segir danshöfundurinn Steinunn Ketilsdóttir, en hún er nýútskrifaður dansari frá Hunter College í New York. Verkið Love Story flytur hún á Reykjavík Dance Festival í Borgarleikhúsinu. „Ég frumsýndi verkið í Bandaríkjunum í mars en þetta var lokaverkefnið mitt í skólanum. Love Story fjallar í raun um samskipti kynjanna og sjálfmyndina, sem getur verið brothætt og alla vega. Þarna er að finna þælingar um lífið, ást og kynlíf en í dansinum er líka komið inn á auðmýktina sem felst í því að vera í sambandi.“

Steinunn segir að alls kyns þælingar hafi farið í gegnum höfuðið á sér meðan hún vann að verkinu. „Dansinn er mjög persónulegur en ég held að allir sem horfa á verkið ættu að geta fundið eitthvað til að spegla sig í. Annars talar verkið svolítið sjálft.“

Að loknu Reykjavík Dance Festival heldur Steinunn til New York til að vinna að nýju verki. Meðal þess sem bíður hennar er að aðstoða við uppsetningu á verki á Fall for Dance-hátíðinni í City Center í New York. Auk Love Story verður verkið Who



LOVE STORY Brian Gerke og Steinunn Ketilsdóttir dansa ástardúett í Borgarleikhúsinu í kvöld.

Is the Horse með Nadíu Banine leikhúsinu klukkan 20.00 í og Fred Gehrig flutt í Borgar- kvöld. ■



LINCOLN MAYORGA Bandarískur píanóleikarinn Lincoln Mayorga leikur tónverk eftir George Gershwin á tónleikum í Listasafni Sigurjóns klukkan 17 í dag.

Mayorga og Gershwin

Bandarískur píanóleikarinn Lincoln Mayorga leikur tónverk eftir George Gershwin og tekur dæmi um evrópsk og amerísk áhrif í tónlist hans og annarra félagar í „Tin Pan Alley“-hópnum á tónleikum í Listasafni Sigurjóns á Laugarnestanga klukkan 17 í dag. Sögulegar frásagnir og skemmtisögur frá þessu áhuga-verða tímabili djasssögunnar verða fléttaðar inn í efnisskrána.

Bandarískur píanóleikarinn Lincoln Mayorga er vel þekktur vestan hafs fyrir afar fjölbreyttan píanóleik. Hann er eftirsóttur klassískur píanóleikari, hefur til dæmis leikið með Fílharmoníu-sveit Los Angeles og Moskvu-fílharmonían valdi hann sem einleikara á fyrstu tónleikum sínum með bandarískum verkum eingöngu árið 1988. Undanfarin ár hefur hann leikið víða um Evrópu og í Rússlandi og haldið tónleika í yfir 200 borgum í Norður-Ameríku. Aðgangseyrir er 1.500 kr.



Talstöðin
FM 90,9

HYUNDAI
hefur gæðin

Hyundai Terracan

náttúrulega góður

“Þegar ég endurnýja, eru nokkur atriði sem ég legg mikla áherslu á að séu í lagi. Nýi jeppinn verður að vera sterkbyggður og kraftmikill, með góða torfæruháefni, svo að ég komist örugglega þangað sem ég ætla mér. Jafnframt þarf hann að vera áreiðanlegur. Ekki vill maður verða strandaglópur einhvers staðar í óbyggðum. Þá þarf hann að vera rúmgóður og þægilegur, af þeirri einföldu ástæðu að maður býður ekki fjölskyldunni sinni eða vinunum upp á hvað sem er.

Ég fann strax að Hyundai Terracan hefur allt þetta og meira til. Ég get því óhikað mælt með honum sem traustum og skemmtilegum ferðafélaga.”

*Ásmundur Guðnason, fjallagarður
Kristín Ásmundsdóttir, fjallahnáta*

Terracan GLXA 2900 CRDi dísel, beinskiptur.
Ríkulega búinn með m.a. tölvustýrða miðstöð.
Verð kr. 3.650.000
Bílasamningur kr. 37.998 á mánuði m.v. 30% útborgun.
Við staðgreiðum þann gamla.*

Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílas Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélasalan Hvammstanga sími 451 2230



Hæfilega kærulaus

Prettán ára starfaði hún sumarlangt við skúringar á Hótel Loftleiðum og undir tvítugt falaðist hún eftir flugfreyjustarfinu en fékk ekki. En þegar dagurinn var endalaust bjartur í sumar settist **Ragnhildur Geirsdóttir** í sjálfan forstjórastól FL Group og gegnir þar nú einu ábyrgðarmesta starfi íslensks atvinnulífs. **Pórdís Lilja Gunnarsdóttir** sötraði kóladrykk á forstjóraskrifstofu Ragnhildar.

Á stóru fundarborði standa tvær kók í gleri og skál með piparmyntusúkkulaði. Andrúmsloftið er notalegt, næstum heimilislegt. Fyrir utan blikar sól á stórra einkabotu sem lúrir undir björtum gluggunum og á breiðri flugbrautinni má sjá flugmann æfa flugtök og landingar á rauðröndóttri rellu. Yfir snyrtilegu skrifborði hangir málverk af fagurgrænum skógi, en við sama skrifborð stýrði Sigurður Helgason Flugleiðum í tuttugu ár. Nú vermir nærvera nýs forstjóra herbergið og sú er stelpuleg, hlý, gáskafull og greinilega eldklár í kollinum.

„Það góða við þessa skrifstofu er útsýnið,“ segir hún glælega. „Hér var Sigurður Helgason áður og þar á undan Alfred Eliásson, forstjóri Loftleiða. Skrifstofan er

eins og sum hús sem maður kemur inn í; manni líður vel og finnur góðan anda.“

Ómótstæðilegt tilboð

Ragnhildur Geirsdóttir tók við starfi forstjóra FL Group 1. júní síðastliðinn, en stærsta vörumerki félagsins er dótturfélagið Icelandair. Fáir utan viðskiptaheimsins kunnust við þessa ungu konu sem nú stýrir einu umsvifamesta fyrirtæki landsins.

„Ég hafði heyrt nafn mitt í umræðunni og var undirbúin að einhverju leyti, en bjóst ekki við neinu,“ svarar hún því hvort stöðuveitingin hafi komið á óvart. „Mér fannst skemmtilegur dagurinn þegar mér var boðin staðan. Ég fékk nokkra klukkutíma til umhugsunar, en þegar maður fær

svona tækifæri segir maður vita-skuld ekki nei,“ segir hún brosandí og teygir sig í myntumola.

„Þetta er afar skemmtilegt og mikil áskorun að takast á við þennan rekstur, en ekki síst að fara í fótspor Sigurðar, sem sat hér við stjórnvölinn í tuttugu ár. Það eitt og sér er mjög mikil breyting fyrir marga og stundum þarf ég sjálf að minna mig á hvaða hlutverki ég gegni, því það er svolítið skríttin tilfinning að vera komin með skrifstofuna hans,“ segir Ragnhildur og yppir öxlum þegar hún er spurð hvort hún sé vinsæll forstjóri.

„Já, ég held það bara. Auðvitað hafa allir skoðanir á manneskju í þessari stöðu, sem bæði fylgja plúsar og mínusar, en ég hef fundið jákvæðan meðbyr. Ég held að við Sigurður séum að mörgu leyti lík og áþekkir karakterar, ekki aggressív eða með læti, en sanngjörn og ég lærði heilmikið af honum,“ segir hún brosmild.

Keppir við sjálfa sig

Ragnhildur er í senn íslenskur og bandarískur ríkisborgari, fædd og uppalin fyrstu árin í Bandaríkjunum þar sem faðir hennar, dr. Geir Gunnlaugsson, fyrrverandi forstjóri Marels og nú Sæplasts, var við doktorsnám á Rhode Island.

„Mestan hluta æskuáranna bjuggum við fjölskyldan í Hlíðunum. Ég gekk í Hlíðaskóla og Menntaskólanum við Hamrahlíð og eftir stúdentspróf fór ég beint í vélaverkfræði, en pabbi hafði verið að kenna þar. Hún hafði því alltaf heillað en ég var þó alltaf á því að ég myndi hafa meiri áhuga

á stjórnun, því sennilega er ég heilmikið stjórnsöm. Það varð svo úr að ég fór til Bandaríkjanna í meistaranám í vélaverkfræði en tók líka meistaraþróf í viðskiptafræði,“ segir Ragnhildur, sem ætlaði upphaflega í doktorsnám í vélaverkfræði en hætti við.

„Þá fann ég að akademían höfðaði ekki til mín. Úr því að ég ætlaði í doktorsnám hlyti ég að ætla að verja lífi mínu við kennslu og rannsóknir en hugurinn leitaði í viðskiptatengt nám, svo ég dreif mig í aðra meistaraþróf í viðskiptastjórnun í staðinn,“ segir Ragnhildur, sem er afburða námsmaður, dúxaði á stúdentsprófi og náði einhverjum besta árangri í sögu verkfræðideildar Háskóla Íslands.

„Ég hef aldrei verið mikið fyrir keppni við aðra, en hef mikið keppt við sjálfa mig,“ segir hún ákveðið. „Ég hafði mikinn metnað til að standa mig vel í skóla og lágar einkunnir voru ekki vel liðnar hjá sjálfri mér,“ segir Ragnhildur, sem á tvíburabróður og eina yngri systur, en þau systkin fengu mikla hvatningu heima fyrir í uppveitningu.

„Bróðir minn stundar nú framhaldsnám í hjartaskurðlækningum í Bandaríkjunum og konan hans er doktor í hagfræði, að taka við stöðu hjá Bandaríska seðlabankanum í Washington. Þau eiga saman þrjá stráka og því nóg að gera á því heimilinu. Systir mín er kennari og móðir mín meinaþekknir á Landspítalanum. Við systkinin fengum mikla en heilbrigða hvatningu frá foreldrum okkar að nýta þá hæfileika sem við höfðum og gera það sem hugur okkar



FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Vinnan snýst mikið um samskipti, ég hitti marga og sæki ótal fundi, og á mikil samskipti við mína nánustu samstarfsmenn. Stundum vinn ég til sjö, átta á kvöldin, oft lengur. Hafi ég tíma finnst mér gott að fara út að hlaupa, í sund eða ræktina, en það gerist ekki á hverjum degi. Þá hef ég yndi af eldamennsku og matarboðum, en vegna tímaleysis er oft freistandi að koma við í Fylgífiskum og ná í tilbúinn fiskrétt á leiðinni heim. Þegar kvöldar meir fer ég oftast aftur í tölvuna og vinn áfram, enda oft best og rólegasti tími dagsins. Um helgar, hafi ég tíma, finnst mér gaman að leita í náttúruna og labba á fjöll, en geri því miður allt of lítið af því.“

Óstundvís og hæfilega kærulaus

Á sautjándá árinu gerðist Ragnhildur meðlimur í Hjálparsevit skáta í Kópavogi og fékk bakteríu fyrir fjöllum og útivist.

„Í sjálfu sér er ég enn í hjálparsevitinni þótt ég sé ekki enn í útköllum eins og áður. Þá gekk maður fjörur og leitaði að fólki á snjógu fjallendi, þótt ég fyndi aldrei neinn. Ég lærði ákveðinn lífsstíl á þessu og finnst frábært að vera á hálendinu út af fyrir mig,“ segir Ragnhildur og viðurkennir að hafa verið það sem kallast fyrirmyndarunglingur.

„Ég var mikill námshestur, samviskusöm og prúð, og aldrei í neinu sukki eða veseni. Fjölskyldan var samrýnd og ræddi mikið saman,“ segir Ragnhildur og bætir við að tækifæri lífsins komi ekki af sjálfu sér, heldur með heiðarlegri ástundun og vinnu.

„Maður verður að búa yfir miklu sjálfstrausti, vera ánægður með sig og hafa trú á sjálfum sér, án þess að vera montinn eða góður með sig. Maður verður að horfa raunsæjum augum á sjálfan sig og vera gagnrýninn um leið,“ segir Ragnhildur, sem telur forstjórastarfið ekki hafa breytt sér neitt.

„Ég er enn sú sama í augum vina og fjölskyldu, nema hvað þau sjá miklu minna af mér núorðið. Starfið mun klárlega móta mig og hafa áhrif, en sem persóna mun ég varla breytast og finn örugglega ekki fyrir virðulegri umgengni nú úr mínum góða vinahópi,“ segir hún hlæjandi og viðurkennir að þótt hún sé það sem kallað er akkurat-manneskja hafi hún sína veikleika eins og aðrir.

„Ég er óstundvís, þótt ég hafi reynt að taka mig á eftir að ég varð forstjóri, að láta fólk ekki bíða of lengi eftir mér, og held ég hafi aðeins bætt ráð mitt þar. Áður kom ég dálítið oft of seint á fundi en það hefur þó ekki staðið mér fyrir þrifum. Ég held maður verði að vera hæfilega kærulaus í bland. Lífið má ekki vera of rúðstrikað og fyrst og fremst verður maður að vera maður sjálfur og enginn annar.“

Stúlkur vantar fyrirmyndir

Í umræðunni um fáar konur í stjórnunarstöðum segist Ragnhildur fullviss um að konur séu engir eftirbátar karla.

„En væri tekið meðalúrtak kvenna og karla myndist mér ekki ólíklegt að fleiri konur veldu sér annan farveg í lífinu. Þær vilja eyða meiri tíma með börnum sínum og á heimilinu, sem er skiljanlegt, og alltaf ákvörðun hvers og eins. Sem betur fer er sá tími liðinn þegar forstjórar voru eingöngu karlar og konan ein heima með heimilisstörf og barnauppeldi á sinni könnu,“ segir Ragnhildur, sem finnst hún síst vera í karlaklúbbi forstjóra, þótt í framkvæmdastjórahópi FL Group séu aðeins tvær konur í tuttugu manna hópi.

„Hlutfallið er vissulega of lágt en ég á erfitt með að trúa að fyrirtæki gefi konum ekki sömu tækifæri. Ég er frekar á því að færri konur sæki í störfin því þeim fylgir mikið álag og vinna, og fólk verður að spyrja sig hvort það sé þess virði og hvar gildin liggja. Hins vegar skortir klárlega fleiri fyrirmyndir fyrir stelpur svo þær sjái strax í bernsku að þetta er hægt. Með fleiri konum í stjórnunarstöðum mun þetta breytast og stúlkur munu stefna í þessa átt frá upphafi. Þegar Vigdís Finnbogadóttir var forseti voru

stelpur spurðar hvað þær ætluðu að verða. Forseti, sögðu þær þá, en áður hefðu þær ekki svarað á þann veg. Eins verður með þennan geira þegar ímyndin er ekki lengur ráðandi karlkyns.“

Fékk ekki flugfreyjustarfið

Ragnhildur er klædd dökkri buxnaþragt, sem er kvenkyns útgáfa af jakkafötum. Hún segist ekkert hafa á móti því að konur í stjórnunarstöðum dragi fram hið kvenlega í fari sínu.

„En mér mundi ekki líða vel í þannig klæðnaði hér og ekki í mínum karakter að klæðast þannig. Ég fer ekki í kjól eða pils nema ég sé að fara eitthvert út. Vil umfram allt líða vel í vinnunni og vera í þægilegum fötum,“ segir Ragnhildur og viðurkennir að hafa gaman af fallegum fatnaði.

„Reyndar hef ég aldrei tíma til að fara í búðir, nema þá helst í útlöndum, en mér finnst gaman að kaupa íslenska hönnun, sem mér finnst afar smart og frumleg.“

Starfs síns vegna ferðast Ragnhildur mikið milli landa og finnst gaman að fljúga.

„Það gefur mér ákveðna nálgun við flugið og mér finnst nauðsynlegt að fara til Keflavíkur og upplifa stemninguna. Ég reyni alltaf að heilsa upp á áhöfnina og finnst skipta miklu að skynja starfsumhverfi starfsfólksins og heyra skoðanir þess,“ segir Ragnhildur, sem kannast orðið vel við andlit margra af 2.500 starfsmönnum fyrirtækisins þótt hún þekki ekki enn alla með nafni.

„Sjálfr starfaði ég sumarlangt hér á hótelineinu við ræstingar þegar ég var þrettán ára en var þá ekki alveg búin að sjá þetta fyrir mér,“ segir hún og skellir upp úr. „Svo ætlaði ég eitt sinn að verða flugfreyja og sótti um, en var ekki ráðin. Komst í inntökupróf og viðtal en varð ekkert vonsvikin þótt ég fengi ekki starfið. Ég fór í staðinn að vinna sem skiðakennari í

Kerlingarfjöllum næstu fjögur sumrin, sem var rosalega skemmtilegt. Í æsku ætlaði ég lengi vel að verða tannlæknir, en fékk fljótt ákveðna sýn og stefndi ómeðvitað að því að stýra fyrirtæki, þótt ég hafi ekki alveg séð það svona stórt fyrir mér,“ segir hún stríðnislega.

Úthald og seigla

Ragnhildur segist eiga ráð handa konum sem vilja ná jafn langt og hún.

„Það er að vera metnaðarfull og leggja dálitla vinnu á sig, en umfram allt að vera ekki upptekin af því að maður sé kona og fái ekki tækifæri þess vegna. Maður er fyrst og fremst einstaklingur sem hefur eitthvað fram að færa. Jákvæð sjálfsmynd skiptir óskaplega miklu og hefur örugglega hjálpað mér; að efast ekki um sjálfa sig eða draga niður, heldur trúa að maður sé örugglega að gera ágætis hluti. Auðvitað koma upp verkefni sem manni virðast svolítið stór í augum, en þá er bara að takast á við þau og klára alla leið. Þetta er eins og að labba á fjöll. Maður veit hvert maður stefnir og má ekki gefast upp á leiðinni. Veit að á ákveðnum tímamarki verður maður orðinn þreyttur en þá þarf að hafa úthald og seiglu til að komast á toppinn.“

Óg þegar Ragnhildur er spurð hvers vegna hún er nú orðin forstjóri segist hún ekki geta svarað því.

„Ég hef svo sem ekki öll svörin, en er metnaðarfull og hafði góða yfirsýn og skilning á rekstrinum. Væntanlega hafa svo einhverjir haft trú á að ég gæti þetta, en mín markmið eru að láta fyrirtækið halda áfram að vaxa og efla enn frekar núverandi rekstur. Mín persónulegu markmið eru svo að vera ánægð með sjálfa mig og það sem ég geri, bæði í vinnu og einkalífi. Umfram allt að eiga skemmtilegt líf.“

stefndi til. Við systurnar fengum aldrei á tilfinninguna að bróðir okkar væri okkur fremri sem strákur og því stuðningur og jafnræði algert. Ég sé alltaf betur og betur hvernig uppeldið mótaði mig og gerði mig að þeim einstaklingi sem ég varð.“

Vex ekkert í augum

Eftir námslok ytra hóf Ragnhildur störf hjá FBA-fjárfestingarbanka, en mikið af bekkjarfélögum hennar réðst þá til fjármála-stofnana.

„Þá þótti flottast að vera í bönkum og ég vildi enginn eftirbátur verða. Starfaði þar í eitt ár og öðlaðist dýrmæta reynslu en umhverfið höfðaði ekki til mín. Ég réð mig því í stefnumótun móðurfélags Flugleiða fyrir sex árum og vann í framhaldi í leiðakerfisstjórnun, sem meðal annars fólst í breyttu leiðakerfi Icelandair eftir hryðjuverkin í New York 11. september 2001, eða allt þar til ég tók við starfi forstjóra,“ segir Ragnhildur og neitar því að henni hafi vaxið forstjórastarfið í augum.

„Það hjálpaði mikið hvað ég þekkti fyrirtækið vel því ég hafði unnið náið með Sigurði Helgasyni, bæði fyrir Icelandair og dótturfélögin, auk þess að hafa setið í stjórn félagsins í eitt ár áður en ég varð forstjóri. Ég hafði því góða mynd af þessu, en aðalatriðið er allt það góða fólk sem vinnur hér, því ég get náttúrlega ekki verið allt í öllu, en legg traust mitt á framúrskarandi starfsfólkið,“ segir Ragnhildur hvergi bangin og viðurkennir að forstjórastarfinu fylgi mikil vinna.

„Maður er ekki í svona starfi nema finnst það skemmtilegt, og þannig verður vinnan að áhugamáli líka. Þó er nauðsynlegt fyrir alla, í hvaða starfi sem er, og ekki síst í starfi sem maður gæti verið í allan sólarhringinn, að gæta að sjálfum sér í næði og frítíma, því annars brennur maður út fyrir aldur fram.“

Aðaláhugamálið Ágúst

Ragnhildur er í sambúð með Ágústi Þorbjörnssyni hagverkfræðingi, sem vinnur sjálfstætt að ráðgjöf.

„Ágúst er vissulega eitt aðaláhugamálið mitt, og að eyða tíma með honum. Hann á tvo hressa stráka sem búa á Egilsstöðum en koma til okkar reglulega og það eru virkilega gefandi og góðar stundir,“ segir Ragnhildur einlægt og telur að barn hefði ekki hamlað því að hún fengi forstjórastöðuna.

„Hins vegar væri starfið mun þyngra ef maður væri með ung börn og með því að taka við svo stórrí stöðu getur maður ekki með góðu móti farið í langan tíma frá nema undirbúa það mjög vel. Vissulega þurfa allir tíma fyrir sjálfa sig og sitt einkalíf, að endurnýja batteríin og sækja sér kraft, en í starfi sem þessu þarf að vera mikið tengdur og mikið við. Ég lít á það sem hluta af starfinu, en trúir að vel sé hægt að sameina vinnu og einkalíf,“ segir Ragnhildur, sem sækir sér hvíld og orku með hreyfingu og útivist eftir langan vinnudag.

„Á dæmigerðum degi er ég komin í vinnuna um hálfniú og tek oftar en ekki jóguárið með mér í bílinn til að borða á leiðinni.



Þýskaland

í september

Frá kr. 23.460

Düsseldorf og München

Terra Nova býður nú frábær kjör á flugi með þýska flugfélaginu LTU til Düsseldorf og München í september. Flugið er vikulega. Düsseldorf og München eru fjölbreyttar og skemmtilegar borgir, hvor á sinn hátt, sem mjög spennandi er að heimsækja.

Kr. 23.460 - Düsseldorf

Flugsæti til Düsseldorf, báðar leiðir með sköttum. Netverð á mann.

Kr. 25.680 - München

Flugsæti til München, báðar leiðir með sköttum. Netverð á mann.



Stangarhyl 3
110 Reykjavík
Sími: 591 9000
www.terranoa.is
Akureyri sími: 461 1099

Lífsglatt og vingjarnlegt fólk



STÆRSTA SJÚKRAHÚSIÐ Í HÉRAÐINU „Þetta er sjúkrahús í nágrenninu og það stærsta í héraðinu en samt var aðstaðan hræðileg,” segir Þóra. „Ekkert rennandi vatn er þarna til staðar frekar en annars staðar og hvergi hægt að fá hreint vatn. Þarna kemur fólk með alnæmi einu sinni í viku til þess að fara í skoðun og fá næsta lyfjaskammt. Við gáfum fólkinu þarna blóðþrýstingsmæla sem Landspítalinn gat ekki notað lengur og starfsfólkið var himinlifandi því að sjúkrahúsið átti ekki einu sinni blóðþrýstingsmæli.“

ÞÝSKUNÁMSKEIÐ GOETHE ZENTRUM

GOETHE-
INSTITUT

www.goethe.is

551 6061



Karлакór Reykjavíkur

Auglýsir eftir söngmönnum.
Skemmtilegt vetrarstarf að hefjast.

Raddpróf fara fram á næstunni.

Upplýsingar og skráning í síma 893 5516,

www.kkor.is

Frönskunámskeið

Námskeið hefjast 19. september

Innritun í síma 552 3870

5. - 16. September

- Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- Taltímar - einkatímar
- Námskeið fyrir börn
- Kennum í fyrirtækjum


Alliance Française
Netfang:
alliance@simnet.is
Veffang:
http://af.ismennt.is



Tryggvagata 8, sími: 552-3870. Fax: 562-3820.


Þóra Kristín Haraldsdóttir og Ásbjörg Geirsdóttir dvöldu í Úganda í byrjun júní þar sem þær unnu að verkefni sem styrkt er af Hjalparstarfi kirkjunnar. Borghildur Gunnarsdóttir og Sóley Kaldal fengu að forvitnast um ferðina.

Stelpurnar, sem eru á fimmta ári í læknisfræði, héldu í byrjun júní til Úganda þar sem þær voru í tvo mánuði. Við þeim blasti fátækt, sjúkdómar, vatnsskortur og alnæmi en umfram allt lífsglatt og vingjarnlegt fólk. „Í héraðinu sem við vorum í er ástandið sérstaklega slæmt en þar var fyrsta tilfellið af HIV greint á níunda áratugnum,” segir Þóra Kristín Haraldsdóttir. „Okkar hlutverk fólst í því að vera með fræðslu og forvarnir og fórum við bæði í skóla í nágrenninu og lítil þorp þar sem við töluðum við fólkið. Við settum upp litlar

heilsugæslustöðvar og aðstoðuðum við að bólusetja börn.“ Að sögn Þóru eru ýmiss konar ranghugmyndir hjá fólkinu og meðal annars varðandi kynlíf. „Margar stúlkur telja til dæmis að þær séu enn hreinar meyar ef strákurinn hefur alltaf notað smokk. Einnig telja margir að hægt sé að nota sama smokkinn mörgum sinnum og reyndum við að leiðrétta mikið af ranghugmyndum af þessum toga,” segir Þóra. Stelpurnar tóku margar fallegar myndir í ferð sinni og leyfðu Fréttablaðinu að birta nokkrar þeirra. ■



LÍFSGLÖÐ BÖRN Þessi mynd er tekin í einu af þorpunum sem Þóra og Ásbjörg heimsóttu og sýnir vel ástandið á börnunum. „Þau eru öll í ljótum görmum og voða skítug greyn. Það er ekkert rennandi vatn í þorpunum og í flestum tilvikum þarf að ganga fleiri kílómetra til þess að ná í skítugt vatn! Ástandið er svo hræðilegt en það sem gerir svona starf svo auðvelt er hversu glaðir og hamingjusamir allir eru,” segir hún. „Börnin hafa ekki hugmynd um að þau hafi það neitt slæmt og eru bara himinlifandi með lífið.“




TÖFRALÆKNIRINN „Það er einn töfralæknir í hverju þorpi og fólk leitir mikið til þeirra með allt milli himins og jarðar. Þessi læknir sýndi okkur meðal annars lyf sem hann gefur ófrískum konum og á að hjálpa til við fæðinguna. Því miður treystir fólk allt of mikið á þessa lækna og margir trúa því að þeir búi yfir einhvers konar töfralausn við alnæmi,” segir Þóra.



BÖRNUNUM GEFIN GJÖF Hér er Þóra Kristín að gefa sex ára börnum í skóla vaxlitu sem lyfjafyrirtækið Astrazenica gaf þeim fyrir ferðina. Astrazenica styrkti stelpurnar jafnframt til ferðarinnar. Þó svo að þetta væri bara lítil vaxlitapakkur urðu börnin himinlifandi þegar þau fengu gjöfina afhenta. Að sögn Þóru eiga ekki margir í Úganda kost á að fara í skóla, vegna fátæktar auk þess að ungar stúlkur ljúka fæstar námi vegna þess hversu fljótt þær verða ólíttar,” segir Þóra.



DÆMIGERÐ FJÓLSKYLDA Þetta er ein fjólskyldan sem stelpurnar heimsóttu og segir Þóra aðstæður fjólskyldunnar vera dæmigerðar. „Foreldrarir hafa enga menntun og líta sem enga möguleika á að fá vinnu. Þeim tekst á ótrúlegan hátt að kreista fram lífið með þrjú börn og eitt á leiðinni,” segir Þóra. „Þetta fólk er heldur ekkert að plana framtíðina heldur hugsar bara um einn dag í einu.“



HEPPIN AÐ EIGA SKÓ Margir myndu við fyrstu sýn búast við því að litla stúlkun á myndinni væri að leika sér að því að mæta skó föður síns en svo er ekki því þetta eru hennar eigin skó. „Þessi litla stelpa er ein af þessum lífsglöðu börnum. Hún er yfir sig ánægð með skóna sína og má í rauninni alveg vera það þar sem mjög fá börn eru svo heppin að eiga skó.“

SÝN TIL ÁRAMÓTA OG ÞÚ FÆRÐ EINN MÁNUÐ FRÍAN
515 6100 | OG VODAFONE | SKÍFAN | SYN.IS



LIVERPOOL

28. SEPT.

CHELSEA



SÚPER SEPTEMBER

STERKASTA DEILD Í HEIMI – MEISTARADEILD EVRÓPU

13. sept. // REAL BETIS - LIVERPOOL / CHELSEA - ANDERLECHT
14. sept. // VILLARREAL - MAN. UTD. / WERDER BREMEN - BARCELONA
27. sept. // AJAX - ARSENAL / MAN. UTD. - BENFICA
28. sept. // LIVERPOOL - CHELSEA / SCHALKE - AC MILAN

ÚTILEIKUR ÍSLANDS Í UNÐANKEPPNI HM

7. sept. // BÚLGARÍA - ÍSLAND

HEIMSBIKARINN Í FORMÚLU – NÝTT Í BEINNI Á SÝN

24.-25. sept. // A1 GRAND PRIX

GOLF – BANDARÍKIN GEGN HEIMINUM

22.-25. sept. // PRESIDENTS CUP Í BEINNI
Stórmót með Tiger Woods, Vijay Singh, Retief Goosen og Phil Mickelson

ROY JONES SNÝR AFTUR – BOX Í BEINNI

10. sept. // ERIK MORALES - RAHEEM
17. sept. // MA BARRERA - PEDEN
1. okt. // ROY JONES JR. - ANTONIO TARVER

LANDSBANKADEILDIN Í BEINNI

Hverjir falla?

SÝN
besta sætið



Jafnaði met pabba síns

Eiður Smári Guðjohnsen skoraði sitt 11. landsliðsmark á Laugardalsvelli í gær og jafnaði þar sem met föður síns Arnórs Guðjohnsen sem skoraði 11 af 14 landsliðsmörkum sínum í Laugardalnum. Eiður Smári hefur nú skorað 16 mörk og vantar aðeins eitt til að jafna met Rikharðs Jónssonar, sem skoraði 17 A-landsliðsmörk á sínum ferli.

sport
sport@frettabladid.is



60 MEÐ NIKO KOVAC

SEKÚNDUR

Niko Kovac er... fyrirlíði Króatíu.

Ísland er... fallett.

Íslenska landsliðið er... hættulegt.

Erfiðasti mótherji? Zidane.

Hverjir vinna HM? Besta liðið.

Hvar endar Króatía á HM? Við skulum komast þangað fyrst.

Besta landsliðið? Brasilía.

Besta félagsliðið? Juventus af því bróðir

minn spilar með því.

Alvöru karlmennt? Járnkarlarnir á Hawaii.

Popp eða rokk? Fönk og soul.

Harðasti varnarmaðurinn? John Terry.

Besti króatíski leikmaður sögunnar? Zvonimir Boban.

Kaffi eða te? Hvorugt?

Hvernig fer Ísland-Króatía? Við vinnum með einu marki.

> Við þökkum fyrir ...

ad Eiður Smári Guðjohnsen hafi sloppið við gult spjald í leiknum í gær því fyrirlíðinn lét bæði dómarann heyrja það nokkrum sinnum sem og tæklaði hvern Króatann á fætur öðrum í seinni hálfleik. Spjald hefði þýtt leikbann gegn Búlgörum.

> Við erum ekki sáttir ...

.... með leik íslenska körfubolta landsliðsins sem tapaði stórt fyrir Dönum í Evrópu-keppninni í körfubolta í gær. Nú var tækifæri til að sýna sig og sanna en ekkert gekk upp. Það var ljóst að erfið ferð til Kína í byrjun vikunnar sat greinilega í íslensku strákunum, sem töpuðu síðustu sex mínútum leiksins með 17 stigum.



LÍFLEIGIR Stuðningsmenn Króata á þöllunum í Laugardal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Bosko Balaban:

Árni óheppinn

FÓTBOLTI Sóknarmaðurinn Bosko Balaban var íslenska liðinu erfiður. Hann skoraði tvívegis framhjá Árna Gauti Arasyni en fyrir skömmu skoraði hann eitt mark hjá honum í leik Club Brugge og Vålerenga í forkeppni Meistaradeildar Evrópu. „Þetta var mjög mikilvægur sigur hjá okkur en leikurinn var erfiður, sérstaklega í fyrri hálfleik,“ sagði Balaban. „En sem betur fer skorudum við þrívégis í síðari hálfleik og var markvörðurinn óheppinn,“ sagði hann og glotti við tönn. „Fyrir mig persónulega voru sigurinn og mörkin tvö mikilvæg.“ - esá

Ódýrt tap gegn Króötum í Laugardal

Ísland náði ekki að fylgja eftir góðum fyrri hálfleik gegn Króatíu í gær og var skotið í kaf í þeim síðari en lokatölur voru 3-1 fyrir Króatíu. Niðurstaðan er einn ein vonbrigðin í þessari undankeppni.



Laugardalsv., áhorf: 6000 Stark, Þýskalandi (x)

1-0 Eiður Smári Guðjohnsen (24.)
1-1 Bosko Balaban (56.)
1-2 Bosko Balaban (61.)
1-3 Darijo Srna, víti (82.)

FÓTBOLTI Mikil batamerki hafa verið á leik íslenska liðsins í síðustu leikjum og langt er síðan maður hefur séð íslenska landsliðið mæta til leiks með eins mikið sjálfstraust og í gær. Íslendingar báru enga virðingu fyrir Króötunum og það sem meira er höfðu þeir kjark og þor til þess að spila boltanum með jörðinni og það virt-

ist koma króatíska liðinu nokkuð á óvart.

Með fyrirlíðann Eið Smára í broddi fylkingar sótti íslenska liðið nokkuð hraustlega að marki gestanna og ágangurinn bar árangur á 24. mínútu þegar Eiður Smári smaug í gegnum vörn Króata og laumaði boltanum laglega framhjá Pletikosa í markinu.

Markið var ekki til þess fallið að minnka sjálfstraust íslenska liðsins, sem hélt áfram að spila flottan fótbolta sem sést afar sjaldan í Dalnum og áttu Króatar lítið svar við spilamennsku Íslendinga sem léku á als oddi. Íslenska liðið hélt áfram að skapa færi og næst því að skora komst Stefán Gíslason en þrumuskot hans á 39. mínútu var varið í stöng. Eina neikvæða við fyrri hálfleikinn var að tveir leikmenn íslenska liðsins – Heiðar og Indriði – urðu að yfirgefa völinn vegna meiðsla.

Króatar höfðu greinilega fengið veglega yfirhalingu í hálfleiknum því allt annað var að sjá til liðsins í síðari hálfleik. Það tók umsvifalaust öll tók á vellinum og ekki leið á löngu þar til íslenska vörnir opnaðist. Pressan bar árangur á 55. mínútu þegar Babic fór illa með Hermann Hreiðarsson og hann lagði boltann á Balaban, sem skoraði auðveldlega. Íslenska vörnir steinsvaf á verðinum 6 mínútum síðar og aftur skoraði Balaban auðveldlega. 1-2 og Króatar komnir með hreðjatak á leiknum sem þeir slepptu aldrei.



MARKI FAGNAÐ Grétar Rafn Steinsson og Eiður Smári Guðjohnsen fagnar marki þess síðamefnda í leiknum gegn Króatíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Þriðja markið kom síðan úr víti eftir skelfilegan misskilning á milli Arnars Þórs og Stefáns. Þröslapp í gegn, Stefán braut á honum, víti og Srna skoraði örugglega.

Leikur íslenska liðsins hrundi gjörsamlega í síðari hálfleik og var engu líkara en leikmennirnir hefðu orðið bensínlausir í hálfleiknum. Í það minnsta sást ekkert af þeim snilldartilprufum í síðari hálfleik sem voru allsráðandi í þeim fyrri og Króatar voru fljótir að „draga“ sjálfstraustið úr íslenska liðinu. Það er líka til marks

um styrk Króata að þeir voru fljótir að refsá um leið og Íslendingar gáfu færi á sér.

Þótt íslenska liðið hafi leikið ágætlega í fyrri hálfleik er niðurstaðan enn ein vonbrigðin í riðlinum. Íslenska liðið fékk kjörin tækifæri til þess að ná hagstæðum úrslitum í leiknum en nýtti ekki færin sem skyldi og voru Íslendingar einstakir klaufar í vörninni í síðari hálfleik. Sterkt lið eins og Króatía nýtir slík mistök og fyrir það blæddi Ísland að þessu sinni.

henry@frettabladid.is

Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfari eftir leikinn við Króata í gær:

Hefðum getað skorað fleiri mörk í fyrri hálfleik

FÓTBOLTI „Við gerðum okkur grein fyrir því að þetta yrði mjög erfiður leikur fyrir okkur og eftir að við förum í hálfleikinn með forystu töluðum við um að reyna að halda okkar hlut í 20 mínútur af seinni hálfleiknum í þeirri von að Króatarnir yrðu þá kannski dálítið pirraðir og færðu að gera mistök, en þeir fá í staðinn þessi ódýru mörk og eftir það var þetta erfið,“ sagði Ásgeir Sigurvinsson. „Ég var mjög ánægður með leik okkar manna í fyrri hálfleik-

um, en því miður náðum við ekki að halda þetta út á móti þessu sterka liði. Mér fannst við vera betra liðið í fyrri hálfleiknum og hefðum jafnvel getað skorað fleiri mörk. Ef maður gerir mistök á móti liði eins og Króatíu er manni refsað en mér finnst samt allt of mikið að fá á sig þrjú mörk í einum og sama hálfleiknum eins og kom fyrir okkur í dag. Króatar eru lið í heimsklassa, en ég hefði viljað fá miklu meira út úr þessum leik,“ sagði Ásgeir. - bb



MEIDDUR Ásgeir Sigurvinsson og Heiðar Helguson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FRAMMISTAÐA ÍSLENSKU LEIKMANNANNA GEGN KRÓATÍU

Árni Gautur Arason 6
Gat lítið gert við mörkunum og stóð vaktina ágætlega.
Kristján Örn Sigurðsson 7
Vardist mjög vel og var með betri mönnum íslenska liðsins. Losaði sig einnig óvenju vel við boltann í leiknum.
Auðun Helgason 7
Mjög sterkur í miðri vörninni og náði vel saman við Hermann. Pakkaði Þröslapp saman lengstum og bjargaði oft á mikilvægum augnablikum. Skilaði bolta einnig vel frá sér. Búinn að stimpla sig inn sem byrjunarliðsmaður í landsliðinu.
(79. Kári... lét lítið fyrir sér fara.)
Hermann Hreiðarsson 7
Fann sig vel í miðri vörninni og honum virðist líka það vel að hafa Auðun við hlið sér. Hefði mátt láta meira til sín taka í fóstum leikatriðum.

Indriði Sigurðsson 7
Duglegur að sækja og vardist vel. Lítið yfir hans frammistöðu að kvarta.
(43. Arnar Viðarsson 3... átti skelfilega innkomu og fyrstu tvö mörkin komu upp hans væng og þriðja markið kom eftir misskilning á milli hans og Stefáns.)
Brynjar Björn Gunnarsson 7
Duglegur eins og venjulega og hefur þar að auki ekki skilað boltanum eins vel frá sér í háa herrans tíð. Vann marga bolta og ekki yfir neinu að kvarta hjá honum.
Stefán Gíslason 5
Passifur og kannski fullrölegur í tíðinni. Gerði hlutina einfalt en hefði mátt vera grimmar. Átti stóra sök á þriðja markinu.
Gylfi Einarsson 4
Barðist vel og hugarfarið var í lagi. Þrátt fyrir það kom nákvæmlega ekkert út úr því sem hann gerði í leiknum og hann má teljast heppinn haldi hann sæti sínu í

liðinu í leiknum gegn Búlgörum.
Grétar Rafn Steinsson 6.
Óvenju dauf frammistaða hjá Grétari, sem hefði mátt vera meira í boltanum. Týndist of oft og náði ekki að koma mörgum sendingum inn í teiginn.
Eiður Smári Guðjohnsen 7
Fór á kostum í fyrri hálfleik og var þá yfirburðamaður á vellinum. Hvarf sjónum lengstum í þeim síðari og virkaði þreyttur. Þegar hann hverfur hrynur leikur íslenska liðsins.
Heiðar Helguson 4
Virkaði í lélegu formi og gerði ekkert þann skamma tíma sem hann spilaði.
(24. Gunnar Heiðar...6... öflugur í fyrri hálfleik og var duglegur allan leikinn. Kröftug hlaup hans skiluðu samt litlu.)

Ævintýri á Kúbu

8. nóvember - aukaflog

frá kr. 59.490

6 náttu ævintýraferð



Heimsferðir bjóða 6 náttu ævintýraferð til Kúbu þar sem farþegar njóta dvalar í Havana, upplifa skemmtilega 3 daga ævintýraferð og dvelja í lok ferðar eina nótt á 5* hóteli í Varadero. Einnig getur þú valið að dvelja allan tímann í Havana eða á Varadero. Ferð til Kúbu er ævintýri sem lætur engan ósnortinn og Íslendingar hafa svo sannarlega tekið ástfóstri við þessa Karíbahafseyju og heimsækja hana aftur og aftur og upplifa eitthvað nýtt og spennandi í hvert sinn.

Frá kr. 59.490

Flugsæti með sköttum. Netverð.

Frá kr. 99.700

-7 daga ævintýraferð (6 nætur)

Flug, skattar, gisting í tvíbýli á 4* hóteli m/morgunv. í Havana, 3* hóteli m/hálftu fæði í ævintýraferð og 5* hóteli m/fullu fæði á Varadero. Akstur milli áfangastaða. 3 daga ævintýraferð á Kúbu með kynnisferðum og fararstjór. Netverð.

Ekkí innifalið: Vegabréfsáritun, kr. 2.400, Heimsferðir annast umsókn um áritun og brottfararskattur á Kúbu, 25 Cuban Pesos, verður að greiðast á flugvelli af farþega við brottför.

Ath. Takmarkaður fjöldi sæta í boði á þessu verði

- Havana
- Guama
- Cienfuegos
- Trinidad
- Santa Clara
- Escambray fjöllin,
- Sentinelas del Rio Melodioso þjóðgarðurinn
- Varadero



Skógarhlíð 18 • s. 595 1000 • Akureyri
s. 461 1099 • Hafnarfjörður s. 510 9500
www.heimsferdir.is

LEIKIR GÆRDAGSINS

Undankeppni HM 2006:

1. RIDILL:

| | |
|--------------------------------|-----|
| ANDORRA-FINNLAND | 0-0 |
| RÚMENÍA-TÉKKLAND | 2-0 |
| 1-0 Mutu (28.), 2-0 Mutu (56.) | |
| ARMENÍA-HOLLAND | 0-1 |
| 0-1 Van Nistelrooy (63.). | |

STADAN:

| | | | | | | |
|----------|----|---|---|---|-------|----|
| HOLLAND | 9 | 8 | 1 | 0 | 21-3 | 25 |
| RÚMENÍA | 11 | 7 | 1 | 3 | 19-10 | 22 |
| TÉKKLAND | 9 | 7 | 0 | 2 | 28-9 | 21 |
| FINNLAND | 9 | 4 | 1 | 4 | 16-14 | 13 |
| MAKEDÓN. | 10 | 2 | 2 | 6 | 10-19 | 8 |
| ANDORRA | 10 | 1 | 2 | 7 | 4-27 | 5 |
| ARMENÍA | 10 | 1 | 1 | 0 | 5-21 | 4 |

2. RIDILL:

| | |
|---|-----|
| ALBANÍA-KAZAKHSTAN | 2-1 |
| GEORGÍA-ÚKRAÍNA | 1-1 |
| 0-1 Rotan (44.), 1-1 Gakhoidze (89.). | |
| TYRKLAND-DANMÖRK | 2-2 |
| 0-1 Jensen (41.), 1-1 Buruk (48.), 2-1 Metin (81.), 2-2 Larsen (90.). | |

STADAN:

| | | | | | | |
|-----------|----|---|---|---|-------|----|
| ÚKRAÍNA | 10 | 7 | 3 | 0 | 16-4 | 24 |
| TYRKLAND | 10 | 4 | 5 | 1 | 21-9 | 17 |
| GRIKKLAND | 9 | 4 | 3 | 2 | 12-7 | 15 |
| DANMÖRK | 9 | 3 | 4 | 2 | 15-10 | 13 |
| ALBANÍA | 10 | 4 | 0 | 6 | 9-17 | 12 |
| GEORGÍA | 9 | 2 | 3 | 4 | 13-18 | 9 |
| KAZAKHST. | 9 | 0 | 0 | 9 | 4-25 | 0 |

3. RIDILL:

| | |
|---|-----|
| EISTLAND-LETTLAND | 2-1 |
| RÚSSLAND-LIECHTENSTEIN | 2-0 |
| PORTÚGAL-LÚXEMBOURG | 6-0 |
| 1-0 Andrade (22.), 2-0 Ricardo (30.), 3-0 Pauleta (36.), 4-0 Pauleta (56.), 5-0 Simao (78.), 6-0 Simao (84.). | |

STADAN:

| | | | | | | |
|-----------|----|---|---|---|-------|----|
| PORTÚGAL | 9 | 7 | 2 | 0 | 30-4 | 23 |
| SLÓVAKÍA | 9 | 5 | 3 | 1 | 22-7 | 18 |
| RÚSSLAND | 9 | 5 | 3 | 1 | 18-11 | 18 |
| LETTLAND | 10 | 4 | 2 | 4 | 17-17 | 14 |
| EISTLAND | 10 | 4 | 2 | 4 | 14-16 | 14 |
| LIECHTST. | 10 | 1 | 2 | 7 | 9-21 | 5 |
| LÚXEMB. | 9 | 0 | 0 | 9 | 4-38 | 0 |

4. RIDILL:

| | |
|---|-----|
| SVISS-ÍSRAEL | 1-1 |
| 1-0 Frei (5.), 1-1 Keisi (20.). | |
| FRAKKLAND-FÆREYJAR | 3-0 |
| 1-0 Cisse (13.), 2-0 sjálfsmark (19.), 3-0 Cisse (76.). | |

STADAN:

| | | | | | | |
|----------|---|---|---|---|------|----|
| SVISS | 7 | 3 | 4 | 0 | 14-5 | 13 |
| ÍRLAND | 7 | 3 | 4 | 0 | 11-4 | 13 |
| FRAKKL. | 7 | 3 | 4 | 0 | 8-1 | 13 |
| ÍSRAEL | 8 | 2 | 6 | 0 | 11-9 | 12 |
| KÝPUR | 7 | 1 | 1 | 5 | 7-12 | 4 |
| FÆREYJAR | 8 | 0 | 1 | 7 | 3-23 | 1 |

5. RIDILL:

| | |
|--|-----|
| SKOTLAND-ÍTALÍA | 1-1 |
| 1-0 Miller (13.), 1-1 Grosso (76.). | |
| MOLDAVÍA-HVÍTA RÚSSLAND | 2-0 |
| Rogachev 2(15., 49.). | |
| SLÓVENÍA-NOREGUR | 2-3 |
| 0-1 Carew (1.), 1-1 Rodic (31.), 1-2 Lundekvam (24.), 2-2 Koren (81.), 2-3 Pedersen (90.). | |

STADAN:

| | | | | | | |
|------------|---|---|---|---|------|----|
| ÍTALÍA | 7 | 4 | 2 | 1 | 10-6 | 14 |
| NOREGUR | 7 | 3 | 3 | 1 | 9-5 | 12 |
| SLÓVENÍA | 7 | 2 | 3 | 2 | 8-8 | 9 |
| HVÍTA-RÚS. | 7 | 1 | 4 | 2 | 10-9 | 7 |
| SKOTLAND | 7 | 1 | 4 | 2 | 4-5 | 7 |
| MOLDAVÍA | 7 | 1 | 2 | 4 | 3-11 | 5 |

6. RIDILL:

| | |
|---|-----|
| WALES-ENGLAND | 0-1 |
| 0-1 Joe Cole (54.). | |
| NORÐUR ÍRLAND-ASERBAIJAN | 2-0 |
| 1-0 Elliott (60.), 2-0 Feeney, víti (85.). | |
| PÓLLAND-AUSTURRÍKI | 3-2 |
| 1-0 Smolarek (13.), 2-0 Kosowski (23.), 2-1 Linz (61.), 3-1 Zurawski (68.), 3-2 Linz (80.). | |

STADAN:

| | | | | | | |
|-----------|---|---|---|---|-------|----|
| PÓLLAND | 8 | 7 | 0 | 1 | 25-7 | 21 |
| ENGLAND | 7 | 6 | 1 | 0 | 14-3 | 19 |
| AUSTURR. | 7 | 3 | 2 | 2 | 13-11 | 11 |
| N-ÍRLAND | 7 | 1 | 3 | 3 | 7-13 | 6 |
| WALES | 7 | 0 | 2 | 5 | 5-12 | 2 |
| ASERBAIJ. | 8 | 0 | 2 | 6 | 1-19 | 2 |

7. RIDILL:

| | |
|-----------------------------------|-----|
| BOSNÍA-BELGÍA | 1-0 |
| SERBÍA-LITHÁEN | 2-0 |
| 1-0 Kezman (18.), 2-0 Ilic (75.). | |

STADAN:

| | | | | | | |
|-----------|---|---|---|---|------|----|
| SERBÍA | 7 | 4 | 3 | 0 | 12-0 | 15 |
| SPÁNN | 7 | 3 | 4 | 0 | 10-2 | 13 |
| BOSNÍA | 7 | 2 | 4 | 1 | 8-8 | 10 |
| LITHÁEN | 7 | 2 | 3 | 2 | 7-5 | 9 |
| BELGÍA | 7 | 2 | 2 | 3 | 7-8 | 8 |
| SAN MARI. | 7 | 0 | 0 | 7 | 2-23 | 0 |

8. RIDILL:

| | |
|--|-----|
| SVÍPJÓÐ-BÚLGARÍA | 3-0 |
| 1-0 Ljungberg (60.), 2-0 Mellberg (75.), 3-0 Ibrahimovic (90.). | |
| ÍSLAND-KRÓATÍA | 1-3 |
| UNGVERJALAND-MALTA | 4-0 |
| 1-0 Torgbelle (35.), 2-0 sjálfsmark (57.), 3-0 Takacs (65.), 4-0 Rajczi (85.). | |

STADAN:

| | | | | | | |
|----------|---|---|---|---|-------|----|
| KRÓATÍA | 7 | 6 | 1 | 0 | 19-4 | 19 |
| SVÍPJÓÐ | 7 | 6 | 0 | 1 | 26-2 | 18 |
| UNGVERJ. | 7 | 4 | 1 | 2 | 13-11 | 13 |
| BÚLGARÍA | 7 | 2 | 2 | 3 | 11-14 | 8 |
| ÍSLAND | 8 | 1 | 1 | 6 | 11-21 | 4 |
| MALTA | 8 | 0 | 1 | 7 | 2-30 | 1 |

Eiður Smári lék vel í gær og er bjartsýnn fyrir komandi leik gegn Búlgaríu:

Verðum að taka það jákvæða úr leiknum

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirliði Íslands, lék vel en var svekkur yfir lokatölum leiksins. „Frammistaða okkar í fyrri hálfleik var góð. Við náðum að fylgja því eftir sem talað var um fyrir leikinn og sýndum oft á tíðum góðan leik. En króatíska liðið er sterkt og það kom berlega í ljós í seinni hálfleik. Við vorum ekki nægilega grimmir og leyfðum Króótunum að vera of lengi með boltann og þess vegna tókst þeim að byggja upp fleiri góðar sóknir. Það er hins vegar margt í þessum leik sem er jákvætt og vonandi getum við tekið þá hluti sem við gerðum vel með okkur í næstu leiki. Það hafa verið mikil batamerki á leik okkar að undanförunni og þeir ungu strákar sem komið hafa inn í liðið hafa staðið sig frábærlega.“

Einu marki frá metinu

Eiður Smári er nú aðeins einu marki frá markameti Ríkarðs Jónssonar, sem skorað hefur flest mörk fyrir íslenska landsliðið, sautján í það heila. „Ég hugsa ekki um nein met þegar ég fer inn á völlinn til þess að spila. Auðvitað reyni ég alltaf að skora þegar ég spila fyrir Ísland



MARKIÐ HANS EIÐS SMÁRA Eiður Smári Guðjohnsen sést hér um það bil að að sleppa einn í gegnum króatísku vörminna til þess að koma Íslandi í 1-0 en Króatarnir vildu meina að fyrirliðinn hafði lagt boltann fyrir sig með hendinni. FRÉTTABLAÐ/PIETUR

en það er aðalatriðið að vinna leikina.“

Erfitt að útskýra þetta

Grétar Rafn Steinsson lék vel á hægri vængnum og olli oft usla í vörn Króatíu með krafti sínum. „Ég er auðvitað óánægður með að tapa leiknum, það gefur auga leið. Það er erfitt að útskýra það hvers vegna seinni hálfleikurinn var svona slakur. Fyrri

hálfleikurinn var frábær og það var synd að geta ekki haldið áfram að spila eins í seinni hálfleik. En króatíska liðið sýndi styrk sinn í seinni hálfleik. Við einfaldlega réðum ekki við vel uppbyggðar sóknir liðsins en við verðum að vera samstilltir í leiknum gegn Búlgaríu og sýna að við getum spilað góðan fótbolta, eins og við gerðum í fyrri hálfleik.“ - mh




JUAN PABLO MONTOYA Ók vel í gær og ræsir fremstur á Ítalíu í dag.

Formúla 1:

Montoya á rás-pól í Monza

FORMÚLA 1 Kólumbíumaðurinn Juan Pablo Montoya verður á rás-pól í ítalska kappakstrinum í dag. Hann var reyndar með örlítið lakari tíma en félagi hans hjá McLaren, Kimi Räikkönen, en þar sem vélin bilaði hjá Finnum verður hann að ræsa ellefti.


Fernando Alonso gefur ekkert eftir á Renault-bíl sínum en hann ræsir annar og Jenson Button á BAR náði þriðja besta tíma gærdagsins. Michael Schumacher ók ágætlega í gær en verður þrátt fyrir það að sætta sig við að ræsa sjötti. - hbg



HYUNDAI
hefur gæðin


Hyundai SANTA FE

Einn stærsti og öflugasti jeplingurinn á markaðnum



Hyundai Santa FE 2.7 V6, sjálfskiptur.
Dráttargeta 2300 kg.
Verð kr. 2.910.000
Bílasamningur kr. 30.290 á mánuði.
m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

Hyundai Santa FE 2.0 CRDi-Dísel, sjálfskiptur.
Dráttargeta 2000 kg.
Verð kr. 2.970.000
Bílasamningur kr. 30.900 á mánuði.
m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.



Með bílino þanda þér

B&L

Grjóthálsi 1

575 1200

www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílas Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélalán Hvammstanga sími 451 2230

UMMÆLI EFTIR LEIKINA



„Ég hélt að íslenska liðið væri veikara. Það kom mér nokkuð á óvart.“

CARLOS ALBERTO PERREIRA, þjálfari Brasilíu, eftir leikinn 1994



„Það var yndisleg tilfinning að sjá

boltann fara inn og það fór hrollur um mig allan þegar ég fagnaði markinu.“

GRÉTAR STEINSSON, markaskorari Íslands í leiknum 2002

„Þvílíka galdramenn með boltann hef ég aldrei séð.“

Atli Eðvaldsson, þjálfari Íslands, eftir leikinn 2002

„Mörkin komu í gegnum sóknir upp miðjuna og vörnin gat lítið gert við þeim. Ég var ekki hræddur þegar þeir sóttu upp kantana og sendu fyrir því varnarmennirnir réðu vel við það.“

ÁSGEIR ELÍASSON, þjálfari Íslands, eftir leikinn 1994.

„Maður er ekki vanur því að lenda á móti svona frábærum skotmönnum. Við áttum hreinlega við ofurefli að etja allan tímann.“

ÁRNI GAUTUR ARASON, markvörður íslenska liðsins í leiknum 2002

„Það er alveg hægt að segja að við höfum verið teknir í kennslustund.“



ATLI EÐVALDSSON, þjálfari Íslands, eftir leikinn 2002

„Ég var sérstaklega ánægður með nýliðana í framlínunni, Ronaldo sem er sautján ára og Viola sem er nítján ára.“

CARLOS ALBERTO PERREIRA, þjálfari Brasilíu, eftir leikinn 1994



„Kaká spilaði frábærlega í leiknum og hann sýndi það og sannaði að hann er

framítidarleikmaður Brasilíu. En mótspyrnan hefur nú verið meiri fyrir hann.“

LUIS FELIPE SCOLARI, þjálfari Brasilíu, eftir leikinn 2002

ÍSLENDINGAR BÍÐA EFTIR BOÐI BRASÍLÍUMANNA

Öll heimsmeistaralið Brasilíu í gegnum tíðina eiga það sameiginlegt að hafa annað hvort verið með goðsögnina Pelé innan borðs eða hafa spilað æfingaleik við Ísland skömmu fyrir mót. Nú þegar rúmir átta mánuðir eru í að HM í Þýskalandi hefjist má því fastlega búast við því að brasilíska knattspyrnu-sambandið fari að vinna í því að koma á leik við íslenska landsliðið.

FÓTBOLTI Það má með sanni segja að fótboltinn sé ekki aðeins íþrótt í hugum íbúa Brasilíu heldur frekar ákveðin hugsjón eða lífskraftur sem færir íbúum landsins meiri hamingju og gleði en allt annað, meira að segja kaffið. Þessu hefur íslenska landsliðið í knattspyrnu fengið að kynna í tvisgang en Brasilía og Ísland hafa mæst í tveimur vináttulandsleikjum,

fyrst árið 1994 og svo aftur árið 2002.

Í þau fimm skipti sem Brasilía hefur orðið heimsmeistari má tengja titlana við annars vegar knattspyrnugóðsögnina Pelé, sem var lykilmáður heimsmeistaraliðs Brasilíu árin 1958, 1962 og 1970, og síðan hins vegar við æfingaleikina við Ísland skömmu fyrir HM 1994 og 2002 en þá vann Brasilía tvo síð-

ustu heimsmeistararitla sína. Þessi staðreynd, sem við fyrstu sýn virðist nú ekki merkileg, virðist hafa hreyft við forráðamönnum brasilíska knattspyrnusambandsins, sem trúá því nú og treysta að Brasilía verði ekki heimsmeistari öðruvísi en að spila við Ísland skömmu fyrir úrslitakeppni heimsmeistarakeppninnar.

Greiddu háa upphæð

Eggert Magnússon, formaður Knattspyrnusambands Íslands, minnti forráðamenn knattspyrnusambandsins í Brasilíu á þessa fylgni milli landsleikjanna við Ísland og heimsmeistaratílsins skömmu eftir áramótin 2002. „Ég ætla mér að gera þetta aftur á næstunni þar sem ég er að fara að hitta menn úr knattspyrnusambandi Brasilíu og auðvitað mun ég minnst á þetta. Að auki hafa þessi leikir verið fjárhagslega hagstæðir fyrir okkur þar sem brasilíska sambandið hefur borgað vel fyrir þessa leiki. Báðir hafa því komið út í ágætis gagni. Nú er bara að vona að það verði annar leikur á næsta ári fyrir HM í Þýskalandi. Miðað hversu hjátrúarfullir Brasilíumenn eru finnst mér alveg eins líklegt að gengið verði frá vináttulandsleik milli Brasilíu og Íslands fljótlega.“

Stjörnur stigu sín fyrstu skref

Liðskipan brasilíska landsliðsins í þessum leikjum var um margt merkileg. Ronaldo spilaði sinn fyrsta landsleik gegn Íslandi í fyrri leiknum árið 1994 og þótti besti leikmaður brasilíska liðsins.



EGGERT MAGNÚSSON Hittir fulltrúa frá brasilíska knattspyrnusambandinu í næsta mánuði og á von á því að þá verði rætt um hugsanlegan vináttuleik.

Hann var þá sautján ára gamall og þremur árum síðar var hann valinn besti knattspyrnumaður heims og hélt þeim titli einnig árið eftir. Að auki má nefna Dunga og Cafú, sem báðir hafa gegnt fyrirliðastöðunni eftirsóttu hjá Brasilíu og fengu heiðurinn af því að taka á móti sigurlaunum á HM, fyrst Dunga árið 1994 og síðan Cafú árið 2002.

Ógleymanlegt að skora

Eina mark Íslands í þessum tveimur leikjum skoraði Siglfirðingurinn Grétar Rafn Steinsson, sem nýlega gekk til liðs við AZ Alkmaar í Hollandi. Hann segir markíð vera hápunktinn á ferlinum til þessa. „Þetta á eftir að lifa lengi í minningunni og það var sérstök tilfinning að skora þetta mark. Þegar ég sá boltann fara í markið var það án nokkurs vafa einn af hápunktunum á mínum



GÖMLU FYRIRSAGNIRNAR Íslensku blöðin gerðu landsleikjunum í Brasilíu góð skil og fóru flestir dálksentimetrarir í að leyfa leikmönnum Íslands að dásama brasilíska liðið. Í báðum leikjunum voru yfirburðir Brasilíu afar miklir en hafa ber í huga að í fyrri leiknum mætti Ísland með sitt sterkasta lið til leiks, en í þeim síðari var liðið eingöngu skipað áhugamönnum frá Íslandi.

Leikstjórnandi AC Milan í dag sló í gegn á móti Íslendingum fyrir tveimur árum:

Alveg úti að aka gegn Kaká

Það er vægt til orða tekið að segja að Íslendingar hafi átt erfitt með að stöðva Kaká í leiknum gegn Brasilíu árið 2002, en hann var þá allt í öllu í leik liðsins. Íslensku leikmennirnir réðu bókstaflega ekkert við hann og eins og sést á myndunum hér fyrir neðan sést var öllum bolabrögðum beitt til að ná Kaka niður. „Ég hef bara aldrei lent í öðru eins,“ segir Baldur Aðal-

steinsson þegar hann rifjar upp baráttuna við Kaká á miðjunni.

Kaká var sífellt á ferðinni í leiknum og var ógnandi með og án bolta. „Það er stundum hægt í fótbolta að láta vel finna fyrir sér og vinna baráttuna um stöður á vellinum með því að vera sterkur í návigjum. Í leiknum gegn Brasilíu komumst við ekki oft í nálægð við miðjumenn liðsins því þeir voru á sífelldri hreyfingu.

Kaká spilaði fótbolta á allt öðrum hraða en maður hafði áður kynnst,“ segir Baldur.

„Maður reyndi að stoppa hann en það gekk yfirleitt illa, hann var ótrúlega kvikur í hreyfingum og svo var boltinn límdur við tærnar á honum að auki. En það var nú reyndar almennt með leikmenn brasilíska liðsins. Boltatækni þeirra var einstaklega góð.“

Kaká var fyrir skemmstu valinn besti miðjumaður Meistaradeildar Evrópu á síðustu leiktíð en hann fór þá á kostum með liði sínu, AC Milan. Kaká er sókn-djurfur miðjumaður sem nýtur sín best þegar hann fær að stjórna spílinu og ráða þannig hraðanum í leiknum, líkt og hann gerði svo eftirminnilega gegn íslenska landsliðinu.

- mh



MARKINU FAGNAÐ Kaká fullkomnaði stórleik sinn gegn Íslandi með því að skora þriðja mark Brasilíu í leiknum. Á efri myndinni sést hann fagna því marki sínu en á neðri myndinni sést Baldur Ingimar Aðalsteinsson beita öllum ráðum til að láta hann ekki komast framhá sér.



BLESS, BLESS, ÓLI MINN Kaká átti ekki í miklum erfiðleikum með að sóla Ólaf Stígsson upp úr skónum í leiknum.





RONALDO Hann var 17 ára þegar hann hlaut eldskírni sína með brasilíska landsliðinu gegn Íslandi. Hann stóð sig það vel í þeim leik að hann var í hópnunum sem varð heimsmeistari árið 1994, en Ronaldo kom þó ekkert við sögu á HM.

ferli. Það er líka gaman að sjá hvernig þessir leikmenn sem við spilum á mót standa sig í dag. Þarna voru Kaká, Gilberto Silva, Belletti og Franca sem allir hafa staðið sig frábærlega með liðum í Evrópu. Eftir leikinn hafði ég treyjuskipti við Kaká. Treyjuna geymi ég heima hjá mér á Siglufirði og maður dregur hana kannski fram við eitthvert gott til efni. Eftir þennan leik beið ég eftir tækifæri með landsliðinu og það lét bíða eftir sér, en kom loksins á endanum.“

Umgjörðin ótrúleg

Öllum ber saman um að viðtökurnar sem íslenska liðin fengu í þessum landsleikjum hafi verið magnaðar, og þá sérstaklega í fyrri leiknum, en að sögn Eggerts Magnússonar var vel fylgst með íslenska liðinu í því ferðalagi. „Þessir tveir landsleikir við Brasilíu eru báðir eftirminnilegir, og þá sérstaklega sá fyrri þar sem það voru ákveðin tímamót fyrir íslenska knattspyrnu að fá að

leika landsleik gegn Brasilíu. Það var mikill fjöldi fólks sem fylgdi með þessum leikjum og æstir knattspyrnuunnendur eltu okkur hvert sem farið var. Það er vonandi að íslenskt landslið geti fengið að upplifa þetta reglulega.“

Vonandi reglulegur viðburður

Vonandi verður hjátrú Brasilíumanna til þess að tryggja íslenska landsliðinu landsleik gegn Brasilíu á fjögurra ára fresti, og þar með á næsta ári. Í síðustu þremur heimsmeistarakeppnum hefur Brasilía unnið tvisvar, árið 1994 og 2002 eins og áður sagði. Árið 1998 vann franska landsliðið keppnina, og kannski var það vegna þess að brasilíska knattspyrnusambandið náði ekki að tryggja sér landsleik gegn Íslandi skömmu fyrir úrslitakeppnina. Því einhverra hluta vegna virðist það vera lykilmenn að brasilískum heimsmeistararitli, þar sem Pelé er hættur.

magnush@frettabladid.is

Nýir menn fá að spreyta sig hjá Brasilíu gegn Íslandi:
Ronaldo lék sinn fyrsta landsleik gegn Íslandi

FÓTBOLTI Brasilíska snillingurinn Ronaldo, sem hefur verið með bestu knattspyrnumönnum heims um árabil, lék sinn fyrsta A-landsleik gegn Íslendingum árið 1994 og lét mikið að sér kveða. Greinilegt var að hann ætlaði að standa sig vel til þess að eiga möguleika á því að spila á HM í Bandaríkjunum stuttu síðar.

Arnór Guðjohnsen var fyrirliði Íslands í leiknum og sagði hann sérstaklega eftirminnilegan. „Aðstæðurnar í Brasilíu voru erfiðar. Það var mjög heitt og svo var grasið sérstaklega hátt, en því vorum við ekki vanir. Svo man maður líka eftir ýmsum smáatriðum. Ronaldo var í liði Brasilíu og sýndi oft skemmtileg tilþrif,“ segir Arnór og rifjar upp

minnilegt atvik sem hann sá í sjónvarpinu í Svíþjóð þar sem hann bjó á þessum tíma.

„Þá sést aftan á Izudin Daða Dervic þar sem Ronaldo var með boltann fyrir framan hann. Á augabragði gerir Ronaldo einhverja ótrúlega hreyfingu og skyndilega hverfur Dervic af skerminum en Ronaldo færðist ekki úr sporunum! En annars gekk þetta illa hjá okkur. Eyjólfur Sverrisson fékk eitt gott færi en náði ekki að skora. Eftir það hefðum við alveg eins getað farið upp í áhorfendastúku að horfa á leikinn. Það var bara ómögulegt að ná boltanum af Brasilíumönnum,“ segir Arnór.



4. MAÍ 1994: Brasilía 3 – 0 Ísland

Ásgeir Eliásson, þjálfari íslenska liðsins árið 1994, var þokkalega sáttur við leik sinna manna í leiknum en sagði að við ofurefli hefði verið að etja.

„Ég gat nú ekki farið fram á mikið meira í þessum leik. Það var svolítið mikið stress í leikmönnum til að byrja með, en lið Brasilíumanna virkilega sterkt. Eftir því sem leið á leikinn náði Brasilía góðum tókum á leiknum og hélt þeim allt til enda. Ég man að Rúnar Kristinsson átti góðan leik í stöðu hægri bakvarðar. Það voru margir sterkir leikmenn í liði Brasilíu og þá sérstaklega inni á miðjunni þar sem fyrirliðinn Dunga og Zinho réðu ríkjum. Auk þess voru ungu strákarnir í framlíunni, Ronaldo og Viola, virkilega sprækir,“ segir Ásgeir og bætir því við að honum hafi ekki fundist neinn einn leikmann að ur skera sig úr magnaðri

liðsheild Brasilíu. „Ronaldo var auðvitað magnaður en það voru svo margir frábærir leikmenn í brasilíska liðinu sem voru líka minnisstæðir, þannig að ég man nú ekkert meira eftir honum en öðrum. En það sem situr mest í manni er farið í kringum þennan leik. Það var troðfullt á vellinum og mikil stemning. Á æfingum okkar og landsliðs Brasilíu voru mörg þúsund áhorfendur sem fylgdu spenntir með hverri hreyfingu. Þá fékk maður að kynnast því að fótboltinn er svo miklu meira en bara íþrótt í Brasilíu.“

- mh



ARNAR BJÖRNSSON LÝSTI LEIKNUM Í BEINNI ÚTSENDINGU:

„Góðir áhorfendur, leggið þetta nafn á minnið!“

Leggið þetta nafn á minnið. Kaká. Þetta er leikmaður sem á eftir að verða stjórstjarna innan fárra ára,“ sagði íþróttafréttamaðurinn Arnar Björnsson eftir að hafa lýst leik Brasilíu og Íslands frá árinu 2002 í beinni útsendingu. Arnar hitti þar sannarlega naglann á höfuðið því í dag er Kaká aðalleikstjórnandi eins besta félagsliðs heims. Arnar segir ferðina til Brasilíu árið 2002 hafa verið ógleymanlega. „Það var gríðarlega gaman í þessari ferð. Fótboltamenningin í Brasilíu er einstök. Leikmenn íslenska liðsins fengu ótrúlegar

móttökur og það var komið fram við þá eins og stórstjórnur,“ segir Arnar. Það var líka eftirminnilegt sjá þessa ungu stráka sem voru í brasilíska liðinu. Þarna voru Kaká, Gilberto Silva, Franca og fleiri leikmenn sem eru orðnir lykilmenn hjá bestu knattspyrnufélögum í Evrópu. Það var líka greinilegt að þessir strákar ætluðu að standa sig í leiknum því það var mikil samkeppni um stöður í landsliðshópnum hjá Brasilíu og þetta var síðasti möguleikinn fyrir þá til þess að vinna sér sæti í honum, fyrir heimsmeistaramótið í Suður-Kóreu og Japan.“

- mh



TREYJAN HANS KAKÁ Grétar Steinsson skiptist á treyjum við Kaka eftir leikinn 2002 og er treyjan geymd á góðum stað heima hjá móður hans á Siglufirði.



7. MARS 2002: Brasilía 6 – 1 Ísland

Íslenska landsliðið sem mætti því brasilíska árið 2002 var að mestu leyti skipað leikmönnum sem léku hér á landi. Atli Eðvaldsson landsliðsþjálfari sagði leikinn hafa verið mikla upplifun og um algjöra einstefnu að marki Íslands hefði verið að ræða. „Á blaðamannafundi fyrir leikinn greindum við frá því að það væru ekki margir atvinnumenn í íslenska hópnun, og því gætum við ekki stillt upp okkar sterkasta liði. Þjálfari Brasilíu sagðist heldur ekki vera með alla sínu bestu menn, en þá sagði Guðni Kjartansson liðstjóri að væru nú nokkur þúsund leikmenn í Brasilíu sem gerðu tilkall til þess að komast í landsliðið, sem væri ekki raunin með íslenska liðið. Ég held að það sé nokkuð til í þessu hjá Guðna,“ segir Atli og hlær.

Landsliðsþjálfarinn segist hafa verið viss um að liðið yrði heimsmeistari eftir útreiðina sem íslenska liðið fékk. „Þessir leikmenn sem voru í liðinu hjá Brasilíu voru ótrúlega góðir fótboltamenn eins og komið hefur í ljós eftir að þeir fóru að láta að sér kveða í mörgum af betri deildum í Evrópu. Boltatækni leikmanna Brasilíu

var mögnuð, og þá sérstaklega skottæknin en Árni Gautur hafði gríðarlega mikið að gera í leiknum. Hann þurfti að verja skot efst í markhornunum hvað eftir annað og stóð sig frábærlega í leiknum. En þetta var mikil og góð reynsla fyrir leikmenn Íslands. Þeir fengu þarna tækifæri til þess að reyna sig gegn heimsklassaleikmönnum við erfiðar aðstæður þar sem mikill hiti og rigning gerði okkur líka erfitt fyrir. En eftir að ég sá þessa brasilíska leikmenn í leiknum var ég viss um að Brasilía myndi vinna heimsmeistararitilinn, sem síðan gerðist.“

- mh



HVAD? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

1 2 3 4 5 6 7

Sunnudagur

LEIKIR

- 14.00 **Breiðablik** mætir **FH** á Kópavogsvelli í Landsbankadeild kvenna. Blikastúlur fá Íslandsmeistaratilinn afhentan í leikslok.



- 14.00 **Keflavík** mætir **ÍA** á Keflavíkuvelli í Landsbankadeild kvenna.

- 14.00 **ÍBV** mætir **Stjörnuni** á Hásteinsvelli í Landsbankadeild kvenna.

- 14.00 **Valur** mætir **KR** á Hlíðarenda í Landsbankadeild kvenna.

- 14.00 **Fyllkir** mætir **Pór/KA/KS** á Blöndósi í úrslitaleik um sæti í Landsbankadeild kvenna.

- 20.00 **Haukar** mæta **Pelplast Handball Salerno** frá Ítalíu á Ásvöllum í EHF-bikar kvenna í handbolta.

SJÓNVARP

- 11.15 **US Masters 2005** á Sýn. Bandaríska meistaramótið í golfi.

- 11.30 **Formúla eitt** á RÚV. Bein útsending frá kappakstrinum á Ítalíu

- 14.00 **Enskir leikir** á Enska boltanum. Sýndir leikir Bolton-Newcastle (frá 24.8), Blackburn-Everton (frá 20.8), Bolton-Everton (frá 21.8), og Chelsea-Arsenal (frá 21.8).

- 14.10 **Gullmót í frjálsum** á RÚV. Sýnt frá mótinu sem fram fór í Berlín.

- 14.15 **Hnefaleikar** á Sýn.

- 15.15 **Kraftasport** á Sýn. Sýnt frá keppninni um Suðurnesjatröllíð.

- 15.45 **Undankeppni HM í Fótbolta** á Sýn. Leikur Wales og Englands.

- 17.25 **Undankeppni HM í Fótbolta** á Sýn. Leikur Tyrklands og Danmerkur.

- 19.05 **Gillette-sportpakinn** á Sýn.

- 19.35 **Bandaríska mótariðin í golfi** á Sýn. Sýnt frá Buick-mótinu.

- 20.30 **Bandaríska mótariðin í golfi** á Sýn. Bein útsending frá Deutsche Bank Championship.

- 21.40 **Helgarsportíð** á RÚV.

- 22.00 **Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar 2004-05** á Enska boltanum.

Danskennsla

Dansdeild ÍR,
Skógarseli 12, 109 R.

Barnadansar, gömludansarnir,

tískudansar og samkvæmisdansar.

Börn, unglingar og fullorðnir,
Byrjendur + framhald.

Dansráð Íslands

Skoðið heimasíðu okkar

www.ir-dans.com

Símar 662-6900/ 587-7080



Hrun í fjórða leikhluta og draumurinn er úti

Íslenska körfuboltalandsliðið tapaði með sautján stiga mun fyrir Dönnum í Evrópukeppninni í gær og á ekki lengur möguleika á að komast í hóp A-þjóða.

KÖRFUBOLTI Draumurinn um sæti í A-deild Evrópukeppninnar í körfubolta er úti eftir 60-77 tap fyrir Dönnum í leik þar sem íslenska liðið náði sér aldrei á strik fyrir utan fimm síðustu mínútur þriðja leikhluta sem íslenska liðið vann með kunnuglegum tölum, 14-2. Með þessum sigri hafa Danir tryggt sér sigur í riðlinum og nú bíður íslensku strákanna úrslitaleikur um 2. sætið sem fram fer í Rúmeníu um næstu helgi. Það var mjög hart spilað og oft var hreinlega blóðug barátta inni á vellinum og því ljóst að Danir ætluðu ekki að gefa grónum sínum nein grið á Sunnubrautinni í gær.

Með forustuna fram eftir leik

Íslenska liðið var með forustuna eftir fyrstu þrjú leikhlutana, þar á meðal sjö stiga forskot eftir fyrsta leikhlutann, 19-12, og eins stigs forskot bæði í hálfleik, 32-31, sem og fyrir lokaleikhlutann, 48-47. Þriðji leikhlutinn var þó mjög sveiflukenndur, Danir unnu fyrstu fimm mínúturnar 14-2 en íslenska liðið svaraði með því að skora 12 stig í röð á ótrúlegum fjögurra mínútna kafla og vinna seinni hluta leikhlutans 14-2. Kraftlausar lokamínútur bentu þó til þreytu í íslenska liðinu, sem sjálfsagt var ekki búid að jafna sig eftir förina yfir hálfan hnöttinn í vikunni.

Íslenska liðið misnotaði fjögur vítaskot í röð á mikilvægum tímapunkti þegar Danir voru komnir með sjö stiga forskot en svo virtist sem öll von færi úr íslenska liðinu þegar Jón Arnór Stefánsson fékk sína fimmtu villu í stöðunni 59-66 og tæpar tvær mínútur voru eftir.

Stig íslenska liðsins:

| | |
|--------------------------|----|
| Logi Gunnarsson | 18 |
| Magnús Þór Gunnarsson | 15 |
| Fríðrik Stefánsson | 8 |
| Hlynur Bæringsson | 7 |
| Jón Arnór Stefánsson | 5 |
| Helgi Már Magnússon | 3 |
| Jón Nordal Hafsteinnsson | 5 |
| Jakob Sigurðarson | 3 |



BLÓÐUG BARÁTTA Christian Drejer lét finna vel fyrir sér í Keflavík í gær, bæði í sókninni þar sem hann var langatkvæðamestur Dana sem og í vörninni eins og sést vel þegar hann brýtur gróflega á Hlyni Bæringssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Danir unnu lokakaflann 11-1 og komu muninum upp í 17 stig rétt fyrir lokaflautið.

Skotnýtingin var skelfileg

Logi Gunnarsson og Magnús Þór Gunnarsson byrjuðu báðir á bekknum en voru þeir einu sem fundu sig eitthvað í sókninni, sem var stírt mestallan tímenn. Skotnýtingin var einnig skelfileg, fyrir utan fimm mínútna kafla í þriðja leikhluta þegar íslenska liðið skoraði fjórar góðar körfur á stuttum tíma nýtti íslenska liðið aðeins 10 af 49 skotum sínum (20,4%). Íslenska liðið hafði í við Danina í fráköstunum í fyrri hálfleik en Danir tóku 71% frákastanna í boði í seinni hálfleik eftir að hafa aðeins unnið þau með einu frákasti í fyrri hálfleik.

Það munaði mikið um það að

Jón Arnór Stefánsson var ekki svipur hjá sjón en okkar lykilmáður skoraði aðeins 1 körfu úr 10 skotum og kom aðeins að 8 stigum liðsins (skoraði 5 og átti eina stoðsendingu) sem er allt of lítið fyrir jafn mikilvægan leikmann.

Á sama tíma lék besti maður Dana, Christian Drejer, við hvern sinn fingur. Drejer skoraði 21 stig í fyrstu þremur leikhlutum og átti síðan allar fjórar stoðsendingar sínar í lokaleikhlutanum auk þess að skora fimm stig á mikilvægum augnablikum. Frábær leikmaður sem reyndist íslenska liðinu allt of erfiður því auk þess að skora mest (26), taka flest fráköst (10), gefa flestar stoðsendingar (4) og stela flestum boltum (3) á vellinum fiskaði hann 12 villur á íslensku strákana, sem réðu ekkert við hann.

ooj@frettabladid.is

Jón Arnór Stefánsson fann sig engan veginn í leiknum gegn við Dönnum:

Það var ekkert flæði í sóknarleiknum okkar

KÖRFUBOLTI „Þessi úrslit gefa nú ekki alveg rétta mynd af þessum leik, en við náðum bara ekki neinu flæði í sóknarleiknum hjá okkur. Við fengum mjög fá opin skot og vorum dálítið að þröngva upp skotum á tíðum. Það var ekkert að detta hjá okkur, hvort sem það var undir körfunni eða fyrir utan,“ sagði Jón Arnór Stefánsson, sem átti í villuvandræðum og fékk sína fimmtu villu þegar 1 mínúta og 48 sekúndur voru eftir. „Við vorum dálítið að klúðra þessu sjálfir í dag og kannski höfum við bara verið of spennir. Við erum búnir að bíða svo rosalega lengi eftir þessum leik. Við

hefðum getað klárað þennan leik í fjórða leikhlutanum, en í staðin hrundi bara sóknarleikurinn hjá okkur,“ sagði Jón Arnór Stefánsson, sem hefur oftast leikið betur en í tapinu gegn Dönnum í gær. Danir virðast hafa eitthvert tak á Jóni, sem fann sig heldur ekki nægilega vel í fyrri leiknum. Jón skoraði aðeins eina körfu og átti aðeins eina stoðsendingu og það eru ekki vænlegar tölur ef íslenska liðið á að ná að ógna sterkum liðum eins og því danska.

- bb

5 **STIG** Jón Arnór Stefánsson hittir aðeins úr 1 af 10 skotum sínum.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Christian Drejer var frábær gegn Íslendingum:

Sá síðhærði er hjartað og sálin

KÖRFUBOLTI Christian Drejer átti frábæran leik í Keflavík í gær. „Þetta var rosalega erfiður leikur og þó við höfum unnið með sautján stigum þegar upp var staðið er munurinn alls ekki það mikill á þessum liðum. Það er mjög erfitt að koma hingað til Íslands og ná í sigur og því get ég ekki sagt annað en að við séum mjög sáttir við okkar leik í dag. Við erum með hávaxið lið, en það er mjög erfitt að spila á móti íslensku skyttunum og stórum mennirnir þeirra eru miklir íþróttamenn. Við vissum að það yrði erfitt að mæta íslenska liðinu því

þeir eru svo harðir og spila mjög fast,“ sagði Drejer, en hver fannst honum erfiðastur við að eiga í íslenska liðinu?

„Við vitum auðvitað af Jóni Arnóri og hve góður hann er, en mér þykir sá síðhærði (Hlynur Bæringsson) vera hjartað og sálin í þessu liði. Það er ótrúlegt að fylgjast með ástríðu hans í fráköstunum og sama hvort það er í vörn eða sókn. Að mínu mati er hann besti maður íslenska liðsins ásamt Jóni Arnóri,“ sagði maður leiksins, Christian Drejer, en hann nýtti 60% skota sinna í leiknum.

- bb



KARATE

Byrjendanámskeið í karate hefst 6. september.

Stundaskrá

Börn 7 - 12 ára:
Þriðjudaga og fimmtudaga 17.20 - 18.00

Unglingar 13 - 17 ára og fullorðnir:
Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga 19.00 - 20.00

Karatébúningur er innifalinn í verðinu hjá byrjendum 17 ára og yngri sem greiða fyrstu önnina.

Tekið við nýjum iðkendum út september.

Karatefélag Reykjavíkur
Kjallara Laugardalslaugar
Sími 553 5025 kfr@simnet.is
www.karatetodo.is



FRÁBÆR LEIKMAÐUR Christian Drejer var langbesti maður vallarins í Keflavík í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



SKORAÐI SIGURMARKID Joe Cole þakkar hér Shaun Wright-Phillips fyrir stoðsendinguna eftir að hann hafði skorað eina mark Englands gegn Wales í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Cole tryggði Englandi sigur

Danir náðu jafntefli í Tyrklandi en Adrian Mutu skoraði tvö gegn Tékkum og Hollendingar eru því komnir með annan fótinn inn á HM eftir úrslitin í gær.

FÓTBOLTI „Við þurfum einn sigur í viðbót, þrjú stig, og ef við höldum áfram að spila eins og í þessum leik vinnum við þennan riðil,“ sagði Sven-Göran Eriksson, þjálfari enska landsliðsins, eftir 1-0 sigur á nágrönninum í Wales í undankeppni en þetta var fyrsti leikur liðsins eftir skellinn í Danmörku. Eriksson var ánægður með nýja leikkerfið (4-5-1) og gæti einnig beitt því gegn Norður-Írum á miðvikudaginn.

Joe Cole, félagi Eiðs Smára Guðjohnsen hjá Chelsea, skoraði sigurmark Englands á 53. mínútu eftir sendingu Shaun Wright-Phillips og undirbúning David Beckham.

Úkraínumenn voru aðeins mínútu frá því að tryggja sér sæti á

HM þegar Georgíumenn náðu að jafna leikinn á 89. mínútu. Úkraínumenn þurfa nú stig gegn Tyrkjum í næsta leik en liðið hefur aldrei komist áður á stórmót. Í hinum leik riðilsins náðu Danir 2-2 jafntefli gegn Tyrkjum í Istanbul og eiga enn möguleika á að komast á HM.

Svía skorðuðu þrjú mörk á síðasta hálf tímanum gegn Búlgörum eftir að hafa verið manni fleiri frá 49. mínútu. Blagoy Georgiev var rekinn út af fyrir að brjóta illa á Fredrik Ljungberg og verður í banni gegn Íslendingum á miðvikudaginn. Ljungberg kom Svíum síðan í 1-0 og svo fylgdu tvö mörk á lokamínútunum þegar þreyta fór að gera vart við sig í varnarlínu Búlgara.

Fjórði riðilinn er ótrúlega jafn en aðeins einu stigi munar á fjór- um efstu liðunum eftir 1-1 jafntefli Íra og Ísraelsmanna og 3-0 sigur Frakka á Færeyingum í Lens. Írar, Svisslendingar og Frakkar hafa 13 stig og Ísraelar eru með 12 en öll þessi lið eru enn án taps.

Adrian Mutu skaut Tékkna niður á jörðina með tveimur mörkum í 2-0 sigri Rúmena en auk þess að missa Hollendinga fram úr sér eru Rúmenar farnir að blanda sér í baráttuna við Tékkna um sæti í umspilinu. Ruud van Nistelrooy tryggði Hollendingum dýrmætan útisigur í Armeníu með marki á 63. mínútu leiksins. Öll úrslit og staða í riðlinum eru á síðu 27 í blaðinu í dag. - ooj

Frankie Mumie David Spade Steve Harvey Snowy White Woody Moore Jeff Foxworthy Joe Pantoliano Joe Hottman Whoopee Goldberg

HANN ER RÖNG HESTATEGUND... EN MED RÉTTU SAMBÖNDIN!

SEBRAHESTUR ER ÁKVEDINN Í AÐ GERAST VEDHLAUPAHESTUR HVAD SEM TAUTAR OG RAULAR.

★★★★ S.V. MBL

RACING STRIPES

FRÁBÆR TALSETNING BÆÐI Á ENSKU OG ÍSLENSKU.

KOMIN Í BIÓ

Lögfræðingafélag Íslands

efnir í samstarfi við
stjórnarskrárnefnd
til málpings um

Þjóðaratkvæðagreiðslur og þátttöku almennings í ákvörðunartöku um opinber málefni

í Súlnasal Hótel Sögu föstudaginn 16. september 2005



| | |
|-------------|--|
| 12.00–13.00 | Hádegisverður |
| 13.00–13.10 | Setning Sigurður Lindal prófessor emeritus |
| 13.10–13.40 | Þjóðaratkvæðagreiðslur að gildandi rétti Karl Axelsson hrl. og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, formaður nefndar um tilhögun þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar, gerir grein fyrir gildandi ákvæðum um þjóðaratkvæðagreiðslur og sjónarmiðum um túlkun þeirra. |
| 13.40–14.10 | Þjóðaratkvæðagreiðslur í Danmörku og reynsla Dana af þeim Dr.jur. Jens Peter Christensen prófessor við Árósrásháskóla gerir grein fyrir stjórnarskrárbundnum ákvæðum um bindandi þjóðaratkvæðagreiðslur og reynslu Dana af framkvæmd þeirra. |
| 14.10–14.40 | Þjóðaratkvæðagreiðslur í Evrópu Pierre Garrone deildarstjóri á skrifstofu Feneyjanefndar Evrópuráðsins fjallar um þjóðaratkvæðagreiðslur í Evrópu og gerir grein fyrir þeim sjónarmiðum sem Evrópuráðið beitir sér fyrir við framkvæmd þeirra. |
| 14.40–15.10 | Þátttaka almennings í pólitískri ákvörðunartöku Kristín Ástgeirsdóttir formaður lýðræðisnefndar norrænu ráðherranefndarinnar segir frá skýrslu nefndarinnar og ábendingum um leiðir til að hvetja og virkja almenning til þátttöku í pólitískri stefnumótun og ákvörðunartöku. |
| 15.10–15.40 | Hlé |
| 15.40–16.30 | Viðhorf stjórnmalamanna Fulltrúar stjórnmalaflokkanna í stjórnarskrárnefnd lýsa viðhorfum sínum til umfjöllunarefnisins: Geir H. Haarde fjármálaráðherra, varaformaður stjórnarskrárnefndar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir alþingismaður Jónína Bjartmarz alþingismaður Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður Guðjón Arnar Kristjánsson alþingismaður |
| 16.30–17.00 | Umræður og samantekt Eiríkur Tómasson prófessor, formaður sérfræðinganefndar stjórnarskrárnefndar, dregur saman niðurstöður fundarins að loknum umræðum. |
| 17.00 | Móttaka |

Málpingsstjórn: Kristján Andri Stefánsson sendifulltrúi, stjórnarmaður í Lögfræðingafélaginu

Málþingið er öllum opið, en þátttaka óskast tilkynnt í síma 568 0887 milli kl. 13-15 alla virka daga eða í tölvupósti á netfangið: logfr@logfr.is Síðasti skráningardagur er þriðjudagur 13. september.

Þátttökugjald fyrir félagi í Lögfræðingafélagi Íslands er kr. 9.000, en fyrir aðra kr. 11.000.



Lögfræðingafélag
Íslands

LÖGFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS, ÁLFTAMÝRI 9, 108 REYKJAVÍK, SÍMI: 568 0887, FAX: 568 7057.

Bakleikfimi

getur verið skemmtileg þegar æfingum er blandað saman við samba og skemmtilega tónlist

Byrjenda og framhaldshópar undir leiðsögn sjúkraþjálfara kl. 16.20, 17.20 og 18.20 virka daga, í húsnæði Hreyfigreiningar að Höfðabakka 9.

Kerfisbundin uppbygging æfinga sem bæta líðan í hálsi, herðum og baki



Skráning fer fram í síma 897-2896
Vefsíða: www.bakleikfimi.is

STUÐ MILLI STRÍÐA : Safnað fyrir nýjum sendi

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR ER HNEYKSLUÐ Á FJÁRÖFLUNARLEIÐUM ÓMEGA.



Mér hefur alltaf þótt afar gott að sofa yfir sjónvarpinu. Upp á síðkastið hef ég gert töluvert af því að horfa á sjónvarpsstöðina Ómega áður en ég sofna. Þegar ég sofna heyrir ég boðskapinn milli draumanna. Áður en ég veit af er Jesús farinn að leika aðalhlutverk í dramunum. Jesús í Disney-landi eða Kringlunni, hann að berjast við handrúkkara eða að keppa í Idol. Á stöðinni eru oft áhugaverð viðtöl við fólk sem hefur farið misjafnar leiðir í

lífinu. Mannlífsáhuginn getur birst í mörgum myndum og af forvitni horfi ég á Ómega. Boðskapurinn er líka alltaf sá sami: að fólki farnist betur ef það er í liði með Jesú. Ég get alveg tekið undir þennan frasa enda hefur það sýnt sig að þeir sem trúna ná yfirleitt langt. Ofsatrú er mér ekki að skapi og ég hef óbeit á trúfélögum sem heilapvo veikt fólk. Þessa ofsatrú er sjaldnast að finna á Ómega en það er samt auðvelt að fá bjánahroll yfir sviðsmyndinni, sem er í glataðri kantinum. Hún brýtur í bága við fegurðarskynið.

Ég hef því kosið að hlusta frekar en að horfa. Það er þó eitt atriði sem mætti missa sín á stöðinni en það er þetta endalaus betl.

Ómegamenn eru að safna fyrir nýjum sendi svo þeir geti sent út í Bretlandi. Yfir hálfan skjáinn fer auglýsingaborði þar sem fólk er hvatt til þess að hringja strax og leggja inn peninga. Það er ekki verið að tala um klink heldur 50 þúsund krónur. Mér skilst reyndar að þeir séu að slá af kröfunum því í fyrra hafi þeir ekki viljað sjá neitt minna en 100 þúsund kall frá hverjum og einum. Þar fyrir utan held ég að Bretar séu alveg færir um að framleiða sína affreyngu sjálfir og megi alveg missa af þáttunum á Ómega. Þar fyrir utan er það grafalvarlegt mál að kristileg sjónvarpsstöð spili á samvisku sjúkra. Það er enginn kærleikur fólgin í því. ■

myndasögur


■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



SMS LEIKUR

SENDU SMS SKYTTIÐ
BTC LÖDF
Á NÚMÉRIO 1800
DE ÞÚ GETUR UNNIÐ
8 LIVER VINNUR!

STRANGLEGA BÖNNUÐ YNGRI EN 16 ÁRA!

VINNINGAR ERU:

- BIÖMIBAR FYRIR FJÓRA
- DVD MYNDIR
- FLOTTUR VARNINGUR
- TENGUR MYNDIRNI OG COCA COLA

ÞÚ GETUR UNNIÐ MIÐA FYRIR 4 Á

LAND OF THE DEAD

02-09-05

SMÁRRÁÐIÓ

■ SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 7 | 6 | 1 | 5 | 9 | 3 | 2 |
| 6 | 5 | 2 | 8 | 3 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 1 | 9 | 3 | 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 3 | 1 | 2 | 5 | 6 | 7 | 4 | 9 |
| 9 | 6 | 5 | 1 | 7 | 4 | 8 | 2 | 3 |
| 7 | 2 | 4 | 3 | 9 | 8 | 6 | 1 | 5 |
| 3 | 1 | 6 | 5 | 8 | 7 | 2 | 9 | 4 |
| 5 | 7 | 9 | 4 | 2 | 3 | 1 | 8 | 6 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 6 | 1 | 3 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 4 | | | 2 | 1 | 7 | | |
| | 7 | | 5 | 9 | | 6 | 2 | |
| 9 | | 4 | | | | | | |
| 2 | 9 | | 1 | 7 | | | | |
| | 5 | 2 | 6 | | 3 | | | |
| | | 1 | 8 | | 5 | 6 | | |
| | | | | 8 | | | | 5 |
